


skoðun 14

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Markaðurinn




Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
Nýr tilboðsbæklingur í dag


# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

MIÐVIKUDAGUR

7. júlí 2010 — 157. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




## Nýta íslenska orku

*Vélamiðstöðin innleiðir nýja tækni í metanbreytingum á dísilbílum.*

tímamót 18

## Spilar á stærsta skemmtistað í heimi

*Benedikt Stefánsson þeytir skífum á skemmtistaðnum Space á Ibiza.*

fólk 30



## Holland í úrslit

*Holland komst í gær í úrslitaleik HM í fyrsta skipti síðan 1978.*

sport 26

## veðrið í dag




**NA STREKKINGUR EÐA** allhvasst. Í dag má búast við stífri NA-átt um allt land. Búast má við rigningu víða um land. Hiti verður á bilinu 8-16° C.

VEÐUR 4

# Íbúðalánasjóður þarf að fá tugmilljarða á næstu árum

**Fram til 2014 mun Íbúðalánasjóður tapa milljörðum króna árlega vegna vanskila lántakenda. Ríkið þarf að leggja til allt að 20 milljarða til að viðhalda eiginfjárhlutfalli sjóðsins. Hlutfallið verður jafnvel hækkað.**

**FJÁRMÁL** Starfshópur á vegum félagsmálaráðuneytisins telur Íbúðalánasjóð þurfa allt að tuttugu milljarða króna frá ríkinu til ársins 2014 til að eiginfjárhlutfall sjóðsins verði eins og vera eigi.

„Þetta verða klárlega yfir tíu milljarðar og jafnvel allt að tuttugu milljarðar sem þarf að leggja Íbúðalánasjóði til á næstu árum,“ segir Bolli Bollason, ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneytinu og formaður starfshópsins. Að sögn Bolla á Íbúðalánasjóður að skila Fjármálaeftirlitinu niðurstöðum á mánudag. Setja eigi fram áætlun um eiginfjárstöðu til ársins 2014. Meta þurfi útlánatap vegna bankahrunsins.

„Það er ekki auðvelt að gera áætlanir um útlánatöp fram í tímann og við getum ekki nefnt heildartölu um það hvað ríkið þarf að leggja í sjóðinn. Það er hins vegar alveg augljóst að það er framundan útlánatap sem verður einhverjir milljarðar á hverju ári,“ segir Bolli. Mest verði tapið á þessu ári og því næsta. Uppistaðan í tapinu sé vegna greiðsluerfiðleika lántakenda.

Reglur segja að stefnt skuli að fimm prósenta eiginfjárhlutfalli Íbúðalánasjóðs. Lágmarks hlutfall eiginfjár hjá bönkunum er nú sextán prósent.

„Íbúðalánasjóður er í ríkisábyrgð og tryggður upp í topp. Því má rökstyðja að þar sé ekki þörf fyrir jafn hátt eiginfjárhlutfall og í almennri bankastarfsemi. En það má líka færa rök fyrir því að það eigi að vera hærra en fimm prósent. Þetta mun Fjármálaeftirlitið væntanlega vega og meta,“ segir Bolli.

Gunnar Þ. Andersen, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, segir hins vegar að lög kveði ekki á um aðkomu Fjármálaeftirlitsins að því að ákvarða eiginfjárhlutfall Íbúðalánasjóðs. „Þetta er hálf laust í reipunum hvað varðar aðkomu okkar. Hún er allt önnur en aðkoma okkar að fjármálafyrirtækjum,“ segir forstjóri FME.

- gar



**ÖFLUGAR OFURHETJUR** Ofurhetjudagur var haldinn á leikjanámskeiði Karatefélagsins Þórshamars í gær. Krakkarnir lifðu sig inn í hlutverkin af miklum eldmóði og létu þyngdaraflið ekki standa í vegi fyrir flugtökum inni í sal Þórshamars.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Áhugi á hestaferðum glæðist:

## Viðbótarhestar vegna veikinda

**FERÐIR „Þar sem við höfum áður fyrr verið með áttatíu hesta í tuttugu farþega hópum þá erum við með upp undir hundrað hesta núna,“ segir Einar Bollason, framkvæmdastjóri Íshesta. Íshestar brugðu á það ráð að fjölga hestum í hestaferðum sínum til að geta hvílt þá sem veiktust.**



EINAR BOLLASON

**Sigríður Björnsdóttir, dýralæknir, segist vita til þess að margir ferðaþjónustuaðilar hafi dregið úr hestaferðum. Einar segist ekki hafa þurft þess. Mikið hafi þó dregið úr eftirspurn þegar landsmóti hestamanna var aflýst. „Þetta er samt allt á uppleið núna.“**

- mmf / sjá Allt

Fréttablaðið er með 180% meiri lestur en Morgunblaðið.




Allt sem þú þarft...



Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára.
Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.

Hætta er á að innlend fyrirtæki í alþjóðlegum rekstri flytji höfuðstöðvar úr landi:

# Kjósa frekar stöðugt hagkerfi

**VIÐSKIPTI** „Ég tel hættuna á fyrirtækjaflótta því miður raunverulega,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, um þær breytingar sem orðið hafa á rekstrarumhverfi innlendra fyrirtækja í alþjóðlegum rekstri eftir hrun. Ofan á gengissveiflur og skattahækkanir setja gjaldeyrishöft þeim þröngar skorður.

Viðmælendur Fréttablaðsins segja forstjóraskipti hjá Actavis og Marel vísbendingu um hugsanlegan flutning á höfuðstöðvum fyrirtækjanna á komandi árum. Forsvarsmenn fyrirtækjanna vísa því hins vegar á bug. Hollenskir skattasérfræðingar Actavis, Marels og Össurar hafa farið yfir nýlegar breytingar á skattkerfinu, sem þeir telja fyrirtækjum í óhag.

Þórður segir erfitt að finna sannfærandi rök fyrir því að staðsetja áfram fyrirtæki á Íslandi sem eðli máls vegna gætu verið hvar sem er í heiminum. „Það setur að manni óhug að hugsa til þess ef eitt eða fleiri af slíkum fyrirtækjum hyrfu af landi brott,“ segir hann og leggur áherslu á að þjóðin nái sér sem fyrst á strik eftir hrunið.

- jab / sjá Markaðinn

Jafnvægi í fangaflutningum:

## Fluttu sex fanga utan frá 2008

**FANGELSISMÁL** Á undanförnum tveimur árum hafa sex útlendingar verið fluttir úr fangelsum hér á landi til afplánunar í heimalandi sínu. Jafn margir Íslendingar hafa á sama tíma verið fluttir heim til afplánunar hér.

Málsmeðferðartími vegna brottflutnings fanga er mjög langur og varla raunhæft að hefja brottflutningarferli vegna styttri dóma en þriggja til fjögurra ára.

Reynsla síðustu ára sýnir að flutningar fanga héðan leysa ekki nema brot af vanda í fangelsismálum hér á landi.

- jss / sjá síðu 8



## SPURNING DAGSINS



*Atli, er myrkrið þá á enda?*

„Já, ætli við verðum ekki bara Endless Love eftir þetta.“

Atli Sigursveinsson er gítarleikari rokksveitarinnar Endless Dark. Hljómsveitin hefur gert samning við enska fyrirtækið X-Ray Touring og eru verkefnin að hrannast upp hjá sveitinni í kjölfarið. Í viðtali við Fréttablaðið í gær sagði Atli að þetta gæti verið eina stóra tækifærið sem þeir fengju.

Viðamesta endurskipulagning á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í fimmtán ár staðreynd:

# Málefni fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga

**FÉLAGSMÁL** Samkomulag hefur tekist milli ríkis og sveitarfélaga um fjárhagslegar forsendur fyrir flutningi málefna fatlaðra til sveitarfélaganna 1. janúar 2011. Þetta er viðamesta endurskipulagning á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá flutningi grunnskólanna árið 1996. Tekjustofnar sem nema 10,7 milljörðum króna flytjast til sveitarfélaganna á næsta ári samhliða yfirfærslu málaflokksins.

Málið varðar um 2.500 manns sem þurfa þjónustu vegna fötlunar sinnar og um 1.500 starfsmenn í þúsund stöðugildum sem annast þjónustuna. Eftir yfirfærsluna ber eitt stjórnsýslustig ábyrgð á stærstum hluta almennrar félagsþjónustu.

Árið 2011 verða tekjur sveitarfélaga til að fjármagna þjónustu við fatlaða 10,7 milljarðar króna. Útsvarshlutfall sveitarfélaga verður hækkað um 1,2 prósent gegn samsvarandi lækkun á tekjuskattshlutfalli ríkisins. Sérstök framlög verða einnig á fjárlögum næstu þrjú árin.

Sameiginlegt mat á faglegum og fjárhagslegum árangri yfirfærslunnar fer fram árið 2014. Samhliða endurmatinu er stefnt að því að útsvarshlutfall vegna þjónustu við fatlaða verði endurskoðað og að framlög á fjárlögum falli niður, þannig að þjónustan verði alfarið fjármögnuð með útsvari. **- shá**



FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**UNDRITUN Í GÆR** Steingrímur J. Sigfússon, Árni Páll Árnason og Kristján L. Möller undirrituðu samkomulagið fyrir hönd ríkisins en Halldór Halldórsson og Karl Björnsson fyrir sveitarfélögin.

Eignir Pálma ekki kyrrsettar:

## Lagði inn hálfan milljarð

**EFNAHAGSMÁL Pálmi Haraldsson, eigandi Fons, hefur lagt rúman hálfan milljarð króna í reiðufé inn á reikning skilanefndar Glitnis til að komast hjá því að eignir hans verði kyrrsettar. Á það var fallist, þar sem reiðufé þykir betri trygging en Fons.**

**Pálmi færði flugfélögin Iceland Express og Astreus frá Fons yfir til dótturfélagsins Northern Travel Holding árið 2006. Árið 2008 voru félögin seld til eignarhaldsfélagsins Fengs, einnig í eigu Pálma. Í apríl á síðasta ári var Fons úrskurðað gjaldþrota og nema kröfur í búið um 40 milljörðum króna.** **- sv**



**PÁLMI HARALDSSON**



**HORFT TIL UPPHAFSINS** Myndin er af öllu himinhvolfinu og er óunnin. Áður en yfir lýkur mun hún sýna endimörk hins sýnilega heims. Planck-verkefnið kostar hátt í 200 milljarða króna og er fjármagnað af fjölda ríkja. NORDICPHOTOS/AFP

# Skyggnast milljarða ára aftur í tímann

**Evrópska geimvísindastofnunin hefur birt myndir frá gervihnettinum Planck sem innan tveggja ára munu sýna hvernig alheimurinn leit út 400 þúsund árum eftir Miklahvell. Nær upphafinu verður ekki komist með mælingum.**

**VÍSINDI** Evrópska geimvísindastofnunin hefur birt fyrstu myndirnar frá Planck-gervihnettinum en þeim er ætlað að skera úr um heimsmyndina sjálfa; hvernig upphafið átti sér stað og þróunina fyrstu árþúsundin. Um er að ræða hráa mynd af öllu himinhvolfinu og er ætlunin að skyggnast fjórtán milljarða ára aftur í tímann.

Einar H. Guðmundsson, prófessor í stjarneðlisfræði við Háskóla Íslands, útskýrir að myndin eins og hún birtist heiminum núna gefi ekki miklar upplýsingar. Eftir á að hreinsa í burtu hluta hennar til að sjá það sem raunverulega þykir eftirsóknarvert.

„Þegar myndin hefur verið hreinsuð af svokallaðri forgrunnsgeislun er verið að horfa út að endamörkum hins sýnilega heims. Bakgrunnurinn er það svæði sem er lengst frá okkur, og þar af leiðandi yngsta svæðið. Það má segja að nær upphafinu getum við ekki komist með beinum mælingum. Það er í raun verið að mynda hvernig ástandið var í alheiminum um 400 þúsund árum eftir Miklahvell. Það er ekki til eldra ljós sem er reyndar núna orðið að örbylgjum,“ segir Einar.



**EINAR H. GUÐMUNDSSON** prófessor í stjarneðlisfræði við HÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Alheimurinn er talinn vera fjórtán milljarða ára gamall og með því að skoða geislunina sem geimsjónaukinn fangar á mynd fást upplýsingar um geiminn þegar hann var 400 þúsund ára gamall, þegar tóku að myndast vetrarbrautir, vetrarbrautahópar, reikistjörnur og sólir. Þegar myndirnar verða skoðaðar nákvæmlega fást upplýsingar um upphafið sjálft, þróunarsöguna og eðli efnisins á tíma upphafsins.

Einar segir að lítið sé hægt að gefa sér um hvort upplýsingarnar frá Planck muni bylta vísindalegri þekkingu í einhverjum skilningi. Hann býst við að frekari stoðum verði unnt að renna undir heimsmyndina og kenninguna um Miklahvell af mikilli nákvæmni. „Svo veit maður aldrei. Það gæti eitthvað birst sem fyrri rannsóknir sýndu ekki, þó að það sé ótrúlegt. Eitthvað sem myndi breyta myndinni. Það gæti orðið mjög áhugavert enda væri þá heimsmyndin að breytast.“

Planck-verkefnið var upphaflega kallað COBRAS/SAMBA. Eftir að ákveðið var að ráðast í smíði þess árið 1996 var því gefið nýtt nafn og nefnt Planck til heiðurs Max Planck (1858-1947), nóbelsverðlaunahafa í eðlisfræði. Planck var skotið á loft árið 2009. Fimmtíu dögum síðar var gervitunglið komið á sporbaug sinn 1,5 milljóna kílómetra frá jörðu.

**svavar@frettabladid.is**



**JÓN GNARR** Í tilkynningu frá borgarstjóra segir að gaman sé að veiða í Elliðaánum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Möguleiki á ókeypis laxveiði:

## Hetjum hleypt í Elliðaárnar

**STANGVEIÐI** Meirihluti borgarstjórnar Reykjavíkur hyggst úthluta tveimur veiðidögum af fimm sem borgin hefur til ráðstöfunar í Elliðaánum til almennings.

„Óskað er eftir að borgarbúar sendi borgaryfirvöldum ábendingar um einstaklinga sem hafa lagt gott til samfélagsins eða náungans eða eiga af öðrum ástæðum skilið að renna fyrir lax í Elliðaánum,“ segir í tilkynningu frá borgarstjóra.

Dagarnir eru 13. og 20. júlí. Allir veiðidagarnir fimm hafa til þessa verið nýttir af borgarfulltrúum og embættismönnum. Ekki náðist tal af aðstoðarmanni borgarstjóra til að fá upplýst hverjir veiði dagana þrjá sem ekki falla í hlut almennings. **- gar**

## ATVINNUMÁL

### 1.700 milljónir í bætur

Vinnumálastofnun greiddi um nýliðin mánaðamót rúmlega 1.700 milljónir króna í atvinnuleysistryggingar fyrir tímabilið frá 20. maí til 19. júní. Alls fengu 14.900 manns greiddar bætur að þessu sinni.

Forsætisráðherra Ísraels og forseti Bandaríkjanna funduðu í gær:

# Órjúfanleg bönd milli ríkjanna

**BANDARÍKIN, AP** Órjúfanleg tengsl eru milli Bandaríkjanna og Ísraels og allt tal um slit þar á milli er úr lausu lofti gripið. Þetta sagði Barack Obama Bandaríkjaforseti í gær. Obama og Benjamin Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, funduðu í Washington í gær.

Obama lofaði forsætisráðherrann og sagði alvöru framfarir nú eiga sér stað eftir að Ísraelar afléttu að miklu leyti einangrun á Gasasvæðinu. Hann sagðist einnig trúa því að Netanjahú vilji semja frið við Palestínumenn og sé alvara með því að hefja friðarviðræður á ný. Upp úr viðræðunum slitnaði í desember 2008. Netanjahú sagði ríkisstjórn sína staðráðna í að koma á friði.

Fundur leiðtoganna í gær er sá fyrsti síðan í mars. Sá fundur var haldinn eftir að Ísraelar tilkynntu óvænt um áætlanir sínar um að byggja nýtt hverfi í austurhluta Jerúsalem. Undanfarið hefur verið þrýst á Ísraela að létta einangruninni og hefur Obama sagt ástandið á Gasa óviðunandi. Það var eftir árás Ísraela á hjálparskip á leið til Gasa í maí. **- þeb**



**FUNDAÐ** Leiðtogarnir funduðu í Hvíta húsinu í gær á fyrsta fundi sínum síðan í mars. NORDICPHOTOS/AFP

Menningarsjóður stofnaður:

## Efla samstarf Íslands og Kína

**MENNING** Kínverski kaupsýslumaðurinn og ljóðskáldið Huang Nubo hefur stofnað menningarsjóðinn China Iceland Cultural Fund, í þeim tilgangi að efla menningarlega samvinnu milli Íslands og Kína. Áhersla verður lögð á bókmenntir, einkum ljóðlist.

Huang Nubo var samtíða Hjörleifi Sveinbjörnssyni kínverskuþýðanda við nám í Pekingháskóla og herbergisfélagi hans þar á áttunda áratugnum.

Sjóðurinn mun starfa í tíu ár og hefur fengið fjármagn að upphæð tæpar 130 milljónir króna. **- sv**



**HJÖRLEIFUR SVEINBJÖRNSSON**



**BANN VIÐ BÚRKUM** Frumvarpið hefur vakið hörð viðbrögð í Frakklandi FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bann við búrkum í Frakklandi:

## Gæti varðað 150 evra sekt

**PARÍS, AP Frumvarp um bann við búrkum, íslömskum klæðum kvenna, á almannafæri verður tekið fyrir á franska þinginu í vikunni. Er málefnið afar umdeilt og hefur vakið hörð viðbrögð meðal múslima í landinu.**

**Ríkisstjórn Nicolas Sarkozys, forseta Frakklands, lagði fram frumvarpið á þeim grundvelli að stuðla að jafnrétti kynjanna og minnka kúgun kvenna í landinu.**

**Verði málið samþykkt mun ekki vera leyfilegt að klæðast búrkum sem hylja andlit á neinum almenningsstöðum í Frakklandi og eru viðurlögin við því allt að 150 evra sekt.** **- sv**

Umfangsmikil leit að morðingja:

## Búið að umkringja bæinn

**ENGLAND** Mikið lið vopnaðra lögreglumanna hefur umkringt bæinn Rothbury í Englandi í leit að Raoul Moat, breskum manni sem sakaður er um skotárás þar sem einn lét lífið og tveir særðust. Moat sendi lögreglu 40 blaðsíðna bréf í vikunni þar sem hann lýsir yfir stríði á hendur lögreglu og kennir henni um ófarir sínar. **- sv**




+ Bókaðu flug á www.icelandair.is

ICELANDAIR

**Sölutímabil:** Frá 30. júní–4. september, nema Madrid frá 30. júní–28. ágúst. **Ferðatímabil:** Barcelona og Mílanó 30. júní –4. september og Madrid 24. júlí–28. ágúst. Lágmarksdvöl er aðfaranótt sunnudags. Síðasti heimferðadagur frá Barcelona og Mílanó er 4. september en frá Madrid 28. ágúst 2010. * Innifalið: Flug aðra leið á Economy Class og flugvallarskattar.

**GENGIÐ 06.07.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,78 | 125,38 |
| Sterlingspund | 189,61 | 190,53 |
| Evra | 157,03 | 157,91 |
| Dönsk króna | 21,067 | 21,191 |
| Norsk króna | 19,457 | 19,571 |
| Sænsk króna | 16,306 | 16,402 |
| Japanskt jen | 1,4197 | 1,4281 |
| SDR | 186,42 | 187,54 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
201,3736

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sveitarstjóri Hvalfjarðarsveitar segir hugsanlegt að ná sátt í svínadeilu á Melum:

# Bíða yfirmats um áhrif skítalyktar

**DÓMSMÁL** „Við höldum því til haga að við eigum ekki að bæta þennan skaða,“ segir Laufey Jóhannsdóttir, sveitarstjóri Hvalfjarðarsveitar, um afstöðu sveitarfélagsins til skaðabótakröfu eigenda jarðarinnar Melaleitis vegna reksturs svínabús Stjörnugríss á næstu jörð.

Eigendur Melaleitis telja að með því að sveitarfélagið veitti Stjörnugrísi byggingarleyfi fyrir svínabúi árið 1999 hafi það orðið til þess að rýra verðmæti Melaleitis vegna ólyktar og fleiri atriða. Upphafleg krafa hljóðaði samtals upp á sextíu milljónir króna en sú upphæð mun hafa lækkað nokkuð eftir að niðurstaða dómkvadds matsmanns lá fyrir. Hvalfjarðarsveit unir ekki því mati.



LAUFEY JÓHANNSDÓTTIR

„Það var álit okkar lögmanns að matið ætti að vera hlutlaust svo við settum það í yfirmat,“ segir Laufey og útskýrir að verkefnið sé að meta hvort skaði hafi orðið á jörðinni Melaleiti miðað við þá starfsemi sem þar hafi verið árið 1999. Enn sé mögulegt að ná sáttum í málinu án atbeina dómstóla.

Eigendur Melaleitis hafa sagt að það hafi eingöngu verið eigendur jarðarinnar undir svínabúinu og sveitarfélagið sjálft sem hagnast hafi á breyttu deiliskipulagi sem gerði kleift að reka búið á þessum stað. Laufey segir hagsmuni sveitarfélagsins af svínabúinu fyrst og fremst felast í fasteignagjöldum eins og af hverju öðru húsi yfir atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu. „Það eru ekki margir sem starfa þarna,“ bendir sveitarstjórinn á. **- gar**

Skýrsla um fjarskiptanotkun:

# Netnotkun í símum lítil hér

**FJARSKIPTI** Íslendingar sækja minna af gögnum í gegnum farsíma og netlykla en hinar Norðurlandaþjóðirnar. Áskrifendur að gagnaflutningi um breiðband eru að sama skapi fæstir hér en útbreiðsla á DSL-nettengingum er mest á Íslandi. Talið er að helsta ástæða þessa sé að 3G símaþjónusta hefur skemur verið í boði hér á landi.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri skýrslu þar sem fjarskiptamarkaðir á Norðurlöndunum eru bornir saman. **- mþl**

Pólitískum föngum fækkar:

# Breytt vinnubrögð stjórnar

**HAVANA, AP Pólitískum föngum á Kúbu hefur fækkað um helming frá því að Raoul Castro, bróðir Fidels Castro, tók við völdum.**

**Að sögn yfirmanns óháðrar mannréttindanefndar í landinu, Elizardos Sanchez, hafa yfirvöld þó aðeins breytt vinnubrögðum sínum og nú sé meiri áhersla lögð á hótanir og einelti í garð stjórnarandstæðinga í stað þess að dæma menn til langrar fangelsisvistar.**

**Í skýrslu nefndarinnar er bent á 800 tilfelli á þessu ári þar sem fólk hefur verið hneppt í varðhald í stuttan tíma og því svo sleppt án ákæru.** **- sv**

Framlengt á dópsmyglara:

# Brotið er talið svívirðilegt

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur þess efnis að einn fimmmenninganna, sem ákærðir hafa verið vegna smygltilraunar á 1,5 kílóum af kókaíni til landsins, skuli sæta gæsluvarðhaldi þar til dómur gengur í máli hans.

Í greinargerð lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins er maðurinn sagður „ … undir sterkum grun um að hafa framið afbrot sem varði allt að 12 ára fangelsi og þá sé brot hans svo svívirðilegt að almannahagsmunir krefjist þess að honum verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi, uns dómur gengur í máli hans.“ **- jss**

**LEIÐRÉTTING**

Röng mynd birtist með aðsendri grein Odds Friðrikssonar háskólanema í Fréttablaðinu í gær. Beðist er velvirðingar á þessu.



**Á SAKAMANNABEKK** Styrmir Þór og Jón Þorsteinn mættu báðir í réttinn í gær ásamt lögmönnum. Jón Þorsteinn hefur undanfarið verið búsettur í Bretlandi. Við hlið þeirra sitja, frá vinstri, lögmennirnir Ragnar H. Hall, Reynir Karlsson og Ólafur Eiríksson. FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON

# Exeter-menn segjast saklausir

**Sakborningarnir í fyrsta dómsmáli sérstaks saksóknara neituðu allir sök fyrir dómi. Lögmaður eins segir langt þar til málið verði flutt efnislega. „Tilhæfulausar ásakanir,“ segir fyrrverandi forstjóri MP banka.**

**DÓMSMÁL** Sakborningarnir þrír í svokölluðu Exeter-máli neituðu allir sök þegar fyrsta ákæra sérstaks saksóknara var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

„Ég er saklaus,“ sagði Jón Þorsteinn Jónsson, fyrrverandi stjórnarformaður Byrs, þegar dómari innti hann eftir afstöðu til sakanna sem á hann eru bornar í ákæru. „Ég lýsi mig saklausan,“ sagði Ragnar Zóphanías Guðjónsson, fyrrverandi sparisjóðsstjóri, og Styrmir Þór Gunnarsson, fyrrverandi forstjóri MP banka, lýsti sömu afstöðu.

Jón Þorsteinn og Ragnar eru ákærðir fyrir stórfelld umboðssvik í störfum sínum fyrir Byr. Styrmir er ákærður fyrir hlutdeild í broti þeirra og auk þess peningaþvætti.

Við þingfestinguna í gær voru lögð fram ýmis málsskjöl, þeirra á meðal skjalaskrá saksóknara í sjö möppum.

Verjendur sakborninganna fengu frest til 30. september til að skila greinargerðum um málið. Tíminn er óvenjurúmur en dómarinn tók undir það að á þessum árstíma þyrfti meiri tíma en ella.

## Sakaðir um þúsund milljóna svikafléttu með lánsfé Byrs

Ákæran á hendur þremenningunum er í þremur liðum:

- Í þeim fyrsta eru Ragnari Zóphaníasi Guðjónssyni og Jóni Þorsteini Jónssyni gefin að sök umboðssvik með því að hafa misnotað aðstöðu sína hjá Byr sparisjóði og stefnt fé hans í stórfellda hættu þegar þeir veittu Tæknisetrinu Arkea (síðar Exeter Holdings) 800 milljóna króna yfirdráttarlán til að kaupa stofnfjárbréf sex útvalinna aðila, meðal annars Jóns Þorsteins sjálfs, MP banka og félags í eigu Ragnars. Lánið hafi verið án fullnægjandi trygginga, enda aðeins með veði í bréfunum, greiðslugetan ekki metin og auk þess hafi þeir verið vanhæfir til að taka ákvörðun um lánveitinguna í ljósi þess að þeir hafi sjálfir átt bréfin sem lánað var fyrir.
- Í öðrum lið er Styrmir Þór Bragason ákærður fyrir hlutdeild í brotunum með því að hafa lagt á ráðin um fléttuna, en með henni var áhættu létt af MP banka, sem hafði upphaflega lánað fyrir kaupunum á stofnfjárbréfunum. Styrmir er jafnframt ákærður fyrir peningaþvætti með því að hafa tekið við fénu, þrátt fyrir að honum hafi mátt vera ljóst að það væri illa fengið.



**NEITAR SÖK** Ragnar Zóphanías Guðjónsson sat til hliðar við hina sakborningana í réttarsalnum.

- Í þriðja liðnum eru Jón Þorsteinn og Ragnar einnig ákærðir fyrir umboðssvik, fyrir sambærilega lánveitingu og í fyrsta lið, upp á 204 milljónir.
- Byr krefst rúmlega milljarðs í bætur frá Ragnari og Jóni Þorsteini og 800 milljóna frá Styrmi Þór.

„Það er töluverður tími í það að þetta mál verði flutt í efnismeðferð, get ég alveg fullyrt,“ sagði Ragnar H. Hall, lögmaður Styrmis. Ýmsa úrskurði þyrfti líklega að kveða upp áður. Því sagðist Arngrímur Ísberg héraðsdómari vel geta trúað.

Jón Þorsteinn og Ragnar vildu ekkert tjá sig við blaðamenn að loknu þinghaldi. „Ég tel þetta vera tilhæfulausar ásakanir,“ sagði Styrmir Þór. Málið yrði rekið fyrir dómstólum.

stigur@frettabladid.is

Gefðu boltann!
1.500 króna sending til þurfandi í Afríku
Keyptu tauboltaog styrktu munaðarlaus börn í Afríku
Salan hófst 26. júní í öllum helstu verslunarkjörnum
Reikningsnúmer söfnunarinnar 301-13-304799
Um helgina verðum við í Kringlunni & Smáralind og helstu verslunarkjörnum
Sóley & félagar
soleyogfelagar.is



**VEÐURSPÁ**



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**NORÐLÆG ÁTT** Í dag verður fremur hvasst og vætusamt um allt land en í nótt dregur smá saman úr vætu og vindi. Á morgun og föstudag verður nokkuð bjart sunnantil en horfur á lítilsháttar vætu víðast hvar norðan og norðaustantil.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Basel | 30° |
| Berlín | 24° |
| Billund | 21° |
| Frankfurt | 28° |
| Friedrichshafen | 26° |
| Gautaborg | 20° |
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 23° |
| Mallorca | 32° |
| New York | 35° |
| Orlando | 34° |
| Ósló | 22° |
| París | 28° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 22° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is

allt að
**20%**
verðlækkun



# VERÐLÆKKUN

## LÆKKAÐ VERÐ Á TIMBRI

## STÓRLÆKKAÐ VERÐ Á ÖLLUM HELSTU TIMBURVÖRUM Í HÚSASMIÐJUNNI

**PALLAEFNI, GRINDAREFNI, BURÐARVIÐUR, SPÓNAPLÖTUR, GIPSPLÖTUR, KROSSVIÐUR OFL.**

Látum verkin tala!

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN

## KJÖRKASSINN



*Hyggst þú taka þátt í mótmælum vegna tilmælanna um gengistryggð lán?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 41,2% |
| NEI | 58,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér í lagi að nýta jarðhita á Torfajökulssvæðinu?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Vísir

Ólöf Nordal um breytingar á frumvarpi iðnaðarráðherra um rammaáætlun:

# Gerir áætlunina ótrúverðugri

**ORKUMÁL** Ólöf Nordal, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, segir að með því að ganga lengra í að útiloka orkuvinnslu á friðlýstum svæðum en kveðið er á um í rammaáætlun sé unnið gegn þeirri sátt sem verið hefur um rammaáætlun. „Það gerir rammaáætlunarvinnuna ótrúverðugari," segir Ólöf. „Það var komin samstaða um rammaáætlunarferlið og mér finnst að þarna sé verið að gera þetta tortryggilegra, allt þetta mál, sem mér finnst mikill skaði." Eins og Fréttablaðið sagði frá í gær var gerð sú breyting á upphaflegu frumvarpi iðnaðarráðherra um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða að útiloka nýtingu á friðlýstum svæðum nema tiltekið hafi verið í friðlýsingarskilmálum að virkjunarframkvæmdir séu þar heimilar. Með breytingunni var höggvið á ágreining stjórnarflokkanna en vegna hans hafði VG komið í veg fyrir að frumvarpið fengist lagt fyrir Alþingi í nafni stjórnarflokkanna. - pg



**ÓLÖF NORDAL** Segir að breytingar sem VG krafðist á frumvarpi iðnaðarráðherra grafi undan sátt um rammaáætlun. .

Slysahætta í Landeyjahöfn:

# Mikil umferð þrátt fyrir bann

**SAMGÖNGUMÁL** Mikil umferð er við Landeyjahöfn þrátt fyrir að öll óviðkomandi umferð sé þar bönnuð. Siglingastofnun áréttar að enn standi yfir framkvæmdir og engar siglingar séu heimilar fyrr en höfnin hefur formlega verið opnuð. Verður banninu framfylgt í samráði við lögreglu.

„Fólk á öllum aldri, jafnvel mæður með smábörn og mjög roskið fólk hefur sést þar klifrandi í grjótgörðunum innan um stórvirkar vinnuvélar", segir á vef Siglingastofnunar. - shá



**SÖLUTURNINN** Borgarstjóri ætlar að láta flytja turninn á næstunni.

Úr Mæðragarði á Lækjartorg:

# Gamall söluturn aftur á sinn stað

**BYGGÐARMÁL Til stendur að færa söluturninn í Mæðragarðinum á Lækjartorg eftir að graskerið á torginu er á braut, eins og Jón Gnarr borgarstjóri ætlaði að láta að verða eitt af sínum fyrstu verkum eftir að hann tók við stöðunni í júní.**

**Einar Örn Benediktsson, borgarfulltrúi Besta flokksins, segir ekkert vera komið á hreint varðandi flutninganna.**

**„Það þarf að gera þetta í samhengi við aðra hluti sem þarf að gera í miðbænum. Það á eftir að skipuleggja flutningana og starfsemina sem á eftir að verða þar," segir Einar Örn.** - sv

## NEW YORK

### Mesti hiti í níu ár

Mikil hitabylgja fer nú yfir austurhluta Bandaríkjanna, sem og aðra heimshluta. Hitinn fór í gær yfir 38 stig í New York og er það mesti hiti sem mælst hefur í borginni í níu ár. Búist er við því að hitabylgjan vari út vikuna.

# Borgin þarf að fylla 1.100 milljóna gat

**10,4 prósenta lækkun fasteignamats þýðir 1.100 milljóna tekjutap borgarinnar vegna lægri fasteignagjalda. Sjálfstæðismenn vilja mæta þessu með niðurskurði. Formaður borgarráðs útilokar hvorki niðurskurð né gjaldahækkun.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvaða áhrif hefur lægra fasteignamat á fjárhag borgarinnar?

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs Reykjavíkur, telur ótímabært að ákveða hvort álagningarprósenta fasteignagjalda verði hækkuð í kjölfar þess að fasteignamat í borginni hefur lækkað. Tími þeirrar ákvörðunar kemur í haust, segir Dagur.

Borgin hefur um 11 milljarða króna tekjur á ári af fasteignagjöldum borgarbúa. Gjaldtaka af íbúðarhúsnæði hefur verið 0,214 prósent af fasteignamati. Á dögunum var greint frá því að fasteignamat á höfuðborgarsvæðinu hefði verið lækkað um 10,4%. Matið á að endurspegla gangverð eigna á fasteignamarkaði. Í samræmi við rýrnandi markaðsverð eigna munu fasteignagjöld borgarbúa lækka sem þessu nemur og um leið koma um 1.100 milljónum króna minna í borgarsjóð en orðið hefði að óbreyttu fasteignamati.

Borgarstjórn á nú tvo kosti til að bregðast við: að skera niður í rekstri sínum eða hækka álagningarprósentuna. Hærri álagningarprósenta leiðir til þess að borgarbúar greiða hærra hlutfall af verðmæti íbúða sinna í fasteignagjöld til þess að skila borginni óskertum tekjum.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í borgarráði gerðu málið að umtalsefni á borgarráðsfundi á mánudag og óskuðu eftir greinargerð frá fjármálaskrifstofu borgarinnar um nákvæm áhrif lækkunarinnar.



**FASTEIGNAGJÖLD** Vegna lægra fasteignamats þurfa sveitarfélögin í landinu að ákveða hvort þau ætli sér að hækka gjöld á íbúa sína eða skera niður í eigin rekstri. Reykjavíkurborg hefur 11 milljarða í tekjur af fasteignagjöldum á ári og sér líklega fram á um 1.100 milljóna tekjutap á næsta ári að óbreyttu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Ég á ekki von á að það verði teknar neinar ákvarðanir fyrr en við afgreiðslu næstu fjárhagsáætlunar í haust.
>
> **DAGUR B. EGGERTSSON**
> FORMAÐUR BORGARRÁÐS

Um leið lýstu þeir því yfir að rétt væri að mæta lækkun fasteignamats með hagræðingu „enda ekki hægt að bjóða borgarbúum upp á skattahækkanir nú þegar heimilin eiga sérstaklega erfitt fjárhagslega," eins og það er orðað í bókun sjálfstæðismanna

Dagur B. Eggertsson sagði við Fréttablaðið að borgarráð mundi fái afhent yfirlit frá fjármálaskrifstofu borgarinnar á fimmtudag. Þar koma fram nákvæmar tölur um áhrif lægra fasteignamats á fjárhag borgarinnar. „En ég á ekki von á að það verði teknar neinar ákvarðanir fyrr en við afgreiðslu næstu fjárhagsáætlunar í haust," sagði Dagur um hvort hækka ætti gjöldin eða ráðast í niðurskurð. „Við höfum ekkert útilokað í því og hvorki tekið ákvörðun um það til eða frá. Ég held að það sé ótímabært." Tími ákvarðana af þessu tagi sé í nóvember eða desember.

peturg@frettabladid.is



**BOLTASPJALL** Fjármálaráðherra spjallaði við íbúa Hrafnistu um HM í gær

Ráðherra spáir í boltann:

# Hélt töflufund á Hrafnistu

**FÓLK Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra var með töflufund á Hrafnistu í Reykjavík í gær fyrir leik Hollendinga og Úrúgvæ á HM. Spáði ráðherra í spilin fyrir leik með íbúum Hrafnistu og útskýrði fyrir þeim leikskipulag liðanna, helstu styrkleika þeirra og veikleika og hugsanleg úrslit.**

**Steingrímur er fyrrum íþróttafréttamaður og svaraði að lokum spurningum heimilisfólks Hrafnistu, þar sem ríkir mikill knattspyrnuáhugi. Fjöldi íbúa hefur ekki misst af einum einasta leik á HM í ár og eru leikirnir sýndir þar á breiðtjaldi.** - sv

Inspired by Iceland herferðin:

# Ráðherra segir reglur virtar

**ATVINNUMÁL** Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra segir útboðsreglur á kynningarátakinu Inspired by Iceland, vera löglegar. Verkefnið kostaði tæpan milljarð króna og lagði ríkið fram 350 milljónir.

Sólveig Dagmar Þórisdóttir hjá Auglýsingastofu Íslands, segir Einari Karli Haraldssyni hafa verið falið verkið af stjórnvöldum. Iðnaðarráðherra segir hins vegar að stjórn verkefnisins hafi að lokinni könnun gert samning við fimm auglýsingastofur. - sv





TAX
FREE
SNYRTIVÖRU
DAGAR
FRÍHAFNARDAGAR
Dagana 7.-11. júlí afnemum við virðisaukaskatt af öllum snyrtivörum.
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.
Tilboðin gilda út sunnudaginn 11. júlí 2010.
24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvaða íþróttagrein slær þátttökumet á hverju móti hér á landi?*

2 *Hversu margir voru handteknir á Hróarskelduhátíðinni?*

3 *Hvað heitir umdeilda danska myndin sem verður sýnd á RIFF-kvikmyndahátíðinni?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

# Einn íslenskur fangi fluttur inn fyrir hvern sem fer utan

**Sex erlendir fangar hafa verið fluttir úr íslenskum fangelsum til afplánunar í heimalandi á tveimur síðustu árum. Á sama tíma hafa jafnmargir íslenskir fangar verið fluttir úr erlendum fangelsum til afplánunar hér.**

**FANGELSISMÁL** Sex erlendir fangar hafa á undanförnum tveimur árum verið fluttir úr fangelsum hér til heimalanda sinna, Litháens og Hollands, til að ljúka afplánun þar. Á sama tíma hafa jafnmargir íslenskir brotamenn, sem setið hafa í fangelsum erlendis, verið fluttir hingað til lands til að ljúka afplánun sinni hér.

Þá er í vinnslu mál varðandi brottflutning hollensks brotamanns héðan til heimalandsins.

„Málsmeðferðartíminn í þeim ríkjum sem við höfum beðið um að taka við eigin borgurum er yfirleitt mjög langur," segir Haukur Guðmundsson, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu. „Frá því að við sendum til tiltekins ríkis beiðni þess efnis að það taki við eigin ríkisborgara, sem hefur verið dæmdur hér og sé hann fús til fararinnar, þá fer málið í ferli sem getur hæglega tekið sex mánuði í fyrstu atrennu. Sé dæmi tekið um mann sem hefur setið í allt að hálft ár í gæsluvarðhaldi, síðan verið dæmdur í tveggja ára fangelsi og losnar á reynslulausn sex mánuðum eftir uppkvaðningu dómsins, eru allar líkur á að við séum ekki búin að fá svar frá ríkinu þegar hann er kominn út. Niðurstaðan er sú að það er varla raunhæft að hefja brottflutningarferli fyrir styttri dóma en þá sem kveða á um þriggja til fjögurra ára fangelsisvist. Það eru ekkert óskaplega margir útlendingar sem eru að fá svo þunga dóma."

Haukur segir að þessi langa málsmeðferð sé þó ekki algild. Til að mynda hafi litháísk yfirvöld brugðist mjög vel við í málum af þessu tagi en dómsmálaráðherrar Íslands og Litháens hafi gert með sér samkomulag um hraða málsmeðferð. Þá séu önnur aðildarríki Evrópuráðssamningsins þar sem þurfi að dæma upp dómana sem menn hafa hlotið hér á landi. Það sé ekki til þess fallið að flýta fyrir málshraðanum.

„Svo eru flest þessara ríkja með alltof mikið af föngum fyrir og líta þess vegna varla á það sem forgangsmál í sinni stjórnsýslu að flytja menn frá útlöndum vegna brota sem þeir hafa framið erlendis."

Við þetta bætist svo að vilji erlendu brotamennirnir ekki fara héðan, sem flestir vilja ekki, verði ferlið enn lengra því þá þurfi að byrja á að brottvísa þeim með löglegum hætti. Hins vegar vilji nær allir íslensku brotamennirnir koma heim og afplána hér. Reynsla undanfarinna ára sýni að flutningar fanga til heimalandsins geti ekki leyst nema sáralítið brot af vanda í fangelsismálum hér á landi.

jss@frettabladid.is



**INNAN RAMMANS** Refsingar fimm litháískra mansalsmanna, sem Hæstiréttur dæmdi nýverið í fjögurra og fimm ára fangelsi, falla innan þess ramma að beiðni verði send héðan um að þeir afpláni í heimalandinu.

## Evrópuráðssamningur um flutninga

Evrópuráðssamningur sem gildir um flutning dæmdra manna kveður fyrst og fremst á um form á þessum samskiptum ríkjanna. Þess má geta að 22 ríki hafa fullgilt hann og önnur fimm, þar á meðal Ísland, hafa undirritað hann.

Samningurinn felur ekki í sér skyldu ríkis til að taka við dæmdum brotamanni heldur aðeins að aðildarríkin séu sammála um hvert ferlið skuli vera.

Þó kveður samningurinn á um að aðeins megi flytja dæmdan mann sé dómurinn endanlegur og sé að minnsta kosti sex mánuðum af refsingu hans ófullnægt á þeim tíma er beiðni um flutning er móttekin, eða ef refsingin er ótímabundin.

## Flutningar fanga

**- til afplánunar í heimalandi**

**Frá Íslandi**

| Ár | Fjöldi | Hvert |
|---|---|---|
| 2008 | 3 | Litháen |
| | 1 | Holland |
| 2009 | 2 | Holland |

**Til Íslands**

| Ár | Fjöldi | Hvaðan |
|---|---|---|
| 2008 | 3 | Danmörku |
| 2009 | 2 | Holland |
| | 1 | Svíþjóð |

Játaði innbrot á Selfossi:

## Ræktaði kannabis og stal víni

**LÖGREGLUMÁL** Ungur maður hefur viðurkennt innbrot í Gesthús og Kaffi krús á Selfossi um helgina. Lögreglumönnum sem áttu samskipti við manninn á sunnudag fannst manninum svipa til lýsingar sem vitni gaf af manni sem sást við Gesthús á laugardagsmorgun, að því er fram kemur í frétt frá lögreglunni á Selfossi.

Á heimili mannsins fannst áfengi sem hann gat ekki gert grein fyrir. Við húsleit fundust fjórar kannabisplöntur í ræktun. Maðurinn viðurkenndi þessi brot og að auki að hafa brotist inn í Kaffi krús aðfaranótt sunnudags og stolið þaðan áfengi. - jss

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Sjö handteknir í Hafnarfirði

Fimm húsleitir voru gerðar í Hafnarfirði og sjö handteknir á undanförnum dögum. Á stöðunum hefur fundist talsvert af þýfi og eitthvert magn af fíkniefnum.

**DÓMSMÁL**

### Skilorð fyrir lögguspark

Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt nítján ára karlmann í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að sparka harkalega í lögreglumann og hóta honum lífláti.

Rockwood fellihýsi fyrir Íslenskar aðstæður

Rockwood Premier 2317G 12 fet.



m/ útdraganlegri hlið.

Verð: 2.998.000kr

Rockwood Premier 1904 10 fet.



Verð: 2.698.000kr

Rockwood 191XR OFF ROAD 10 fet.



Verð: 2.798.000kr

Ríkulegur staðalbúnaður í Rockwood fellihýsum

- **Galvaníseruð grind**
- **Evrópskar þrýstibremsur**
- **Upphitaðar 12 cm springdýnur**
- Tjakkar með sandskeifum á öllum hornum
- Góð fjöðrun, fjaðrir sem henta vel á íslenskum vegum
- Útdraganleg trappa við inngang
- Breitt nefhjól (uppblásið gúmmídekk)
- Handbremsa og varadekk m/hlíf
- 50 mm kúlutengi
- 220v tengill (blár skv. reglugerð)
- Útvarp með geislaspilara, hátalarar inni og úti
- Radial dekk / 13" álfelgur
- Vatnsh. öndunardúkur í svefnrými
- Dometic kæliskápur XL 2,5 cubic
- SMEV ryðfrí gaseldavél m/rafstarti
- 2 gaskútar
- Gasviðvörunarkerfi
- Öflug Truma combi 4 miðstöð m/heitu vatni
- Stór loftlúga m/þriggja hraða viftu
- Skyggni (markísa)
- Skyggðir gluggar
- Flugnanet f. gluggum og hurð
- Gardínur f. gluggum og svefnrými
- 2ja feta geymsluhólf
- Stórt farangurshólf
- Voldugir öryggisarmar fyrir þak og tjald
- 3 x 12 volta loftljós og 1 x útiljós
- 1 x færanlegt lesljós með viftu
- 110 amp rafgeymir
- Heitt og kalt vatn, tengt
- Rafmagnsvatnsdæla
- 86 lítra vatnstankur
- Klósett með hengi

Torfæru útgáfan frá Rockwood fyrir þá sem vilja komast lengra.

- **upphækkað á 15" dekkjum**
- **sér styrkt grind og sterkari hjólabúnaður.**

Opnunartími:
Mán - Föst. kl: 10-18
Laug - Sun. kl: 12-16

Útilegu maðurinn®

Fossháls 5-7 • 110 Reykjavík • Sími 551 5600 • utilegumadurinn.is

# 25 ára afmæli World Class 7. júlí 2010

Tabata / Þrek
kl. 12:00 og kl. 17:00
í sundlaugargarðinum



## Bjóðum mánaðarkort á 25 ára gömlu verði kr. 1.750.- aðeins þennan eina dag

Í tilefni 25 ára afmælis World Class verður fjölskylduskemmtun haldin í Laugum miðvikudaginn 7. júlí kl. 18:00 til 21:00. Þennan dag er frítt í World Class stöðvarnar.

Fram koma:
- 18:10 Íþróttaálfurinn
- 18:45 Geir Ólafs
- 19:00 Óvæntur gestur
- 19:20 Tískusýning frá NIKE
- 19:40 Jón Jónsson
- 20:00 Hjálmar
- DJ Atli skemmtanalögga

World Class ICELAND

- Þrekþraut
- Hoppukastali
- Andlitsmálning
- John Töframaður

Gói sér um að kynna og við ljúkum kvöldinu með hinum einu sönnu Hjálmum í sumarsveiflu













Latibær ® & © 2010 Latibær ehf. Öll réttindi áskilin.

Sá sem kemur fram sem Íþróttaálfurinn er samþykktur af Latabæ.

World Class ICELAND · LAUGAR café · Ölgerðin · Kristall

## Ýmsar veitingar í boði

Stjórnarmaður ríkisins í Arion banka hefur ekki bætt úr vanskilum:

# Reikningum Akureyjar enn ekki skilað

**VIÐSKIPTI** Eignarhaldsfélagið Akurey, sem á 60 prósent í lyfjafyrirtækinu Icepharma í gegnum dótturfélag, hefur enn ekki skilað ársreikningum fyrir árin 2007, 2008 og 2009.

Fréttablaðið greindi frá því fyrir skömmu að Bankasýsla ríkisins hefði skipað Kristján Jóhannsson, lektor í viðskiptafræði, í stjórn Arion banka þrátt fyrir að hann hefði sem eigandi og stjórnarformaður Akureyjar trassað að skila ársreikningum frá stofnun félagsins.

Kristján kom af fjöllum í samtali við Fréttablaðið 10. júní og sagði að vanskilin hlytu að vera handvömm. „Það er ekkert sem stendur í vegi fyrir því að skila þessum reikningum ef þeir eru ekki inni,“ sagði Kristján.

Tæpum mánuði síðar hafa reikningarnir hins vegar enn ekki skilað sér eins og sjá má sé félaginu flett upp í ársreikningaskrá á vef Ríkisskattstjóra.

Elín Jónsdóttir sagðist í Fréttablaðinu 10. júní ekki sjá ástæðu til að endurskoða setu Kristjáns í stjórn Arion banka þrátt fyrir vanskilin. Athugun Fjármálaeftirlitsins á hæfi stjórnarmanna Arion er enn ekki lokið, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. - sh



**RÍKISSKATTSTJÓRI** Ársreikningaskrá hefur enn ekki borist einn einasti ársreikningur félagsins Akureyjar, sem stofnað var 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hitabylgja í Rússlandi:

# Hundruð láta lífið í vötnum

**RÚSSLAND Hundruð Rússa hafa drukknað í mikilli og langvarandi hitabylgju sem gengur yfir landið, að því er fram kemur á fréttavef Sky.**

**Hitinn hefur verið yfir 37 stig dögum saman og hafa íbúar Moskvu reynt að kæla sig niður í tjörnum, gosbrunnum og ám og hafa hundruð þeirra drukknað. Yfirvöld segja að dauðsföllin megi rekja til áfengisneyslu og að fólk sinni ekki viðvörunarskiltum þar sem hættulegt sé að synda.** - sv



**STÆÐILEG STYTTA** Stytta af hinu vinsæla teiknimyndavélmenni Gundam stendur í almenningsgarði í borginni Shizuoka í Japan. NORDICPHOTOS/AFP

Játaði sök fyrir dómi:

# Kona sveik út barnavagna

**DÓMSMÁL** Kona á fertugsaldri hefur verið dæmd í þrjátíu daga skilorðsbundið fangelsi fyrir að svíkja tvo barnavagna út úr fólki.

Konan blekkti mann til að afhenda sér barnavagn gegn því að hún myndi greiða 85 þúsund krónur síðar um daginn. Það gerði hún ekki en seldi vagninn á sjötíu þúsund krónur.

Þá blekkti hún konu til að afhenda sér barnavagn undir því yfirskini að hún myndi greiða 85 þúsund krónur fyrir hann síðar um daginn. Það gerði hún ekki heldur sló eign sinni á vagninn. Konan játaði sök fyrir dómi. - jss




**LEIFSSTÖÐ** Erlendum gestum fækkar en íslendingum fjölgar

Brottfarir um Leifsstöð:

# Erlendum gestum fækkar

**FERÐAMÁL Brottfarir erlendra gesta um Leifsstöð í júní eru þúsund færri en á síðasta ári, samkvæmt upplýsingum frá Ferðamálastofu. Fækkunin nemur tveimur prósentum milli ára. Frá áramótum hafa 8.500 færri farið frá landinu en árinu áður, sem nemur tæpum fimm prósentum. Í fyrra voru nærri 40 prósent brottfara erlendra gesta í Leifsstöð í júlí og ágúst.**

**Íslendingar fara þó utan í auknum mæli. Aukningin nemur 13,4 prósentum í júní í ár.** - sv

# Burðardýr eiturlyfja héldu sig fá milljónir

**Tvö burðardýr í fíkniefnasmyglmáli töldu sig fá þrjár til fjórar milljónir fyrir að smygla 1,8 kílói af kókaíni til landsins. Karlmaður, sem ákærður er í öðru kókaínmáli, sætir ákæru fyrir að skipuleggja smyglið. Unnusta hans er líka ákærð.**

**DÓMSMÁL** Par á þrítugsaldri gerði ráð fyrir að fá þrjár til fjórar milljónir fyrir að smygla tæpum 1,8 kílóum af kókaíni í þremur ferðatöskum hingað til lands.

Karlmaður sem ákærður er í öðru máli, ásamt fjórum öðrum, fyrir innflutning á rúmlega 1,5 kílóum af kókaíni er einnig sakaður um að hafa átt aðild að málinu.

Þetta kom fram við aðalmeðferð í fyrrgreinda kókaínmálinu í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Tvö pör eru ákærð í málinu. Í öðru tilvikinu er karlmaður ákærður fyrir að skipuleggja smyglið og ásamt sambýliskonu að hafa geymt efnin.

Hitt parið sætir ákæru fyrir að sækja 1,8 kíló af kókaíni til Alicante á Spáni og auk þess fyrir vörslu fíkniefna.

Annað burðardýranna sagði fyrir dómi að hann og sambýliskonan hefðu verið „skítblönk“ og þess vegna ákveðið að slá til. Þau hefðu vitað að þau voru að sækja fíkniefni, en ekki hvort það væri amfetamín eða kókaín, né hversu mikið magnið væri. Þá hefði þeim verið sagt að fíkniefnin „væru falin í pípum“.

Hvað varðar afhendingu kókaínsins sögðu burðardýrin að maður hefði hringt úr hótelmóttökunni á Spáni upp á herbergi til þeirra. Þau hefðu farið niður og tekið við töskunum.

Hinn meinti skipuleggjandi sagði fyrir dómi í gær að maður sem er í gæsluvarðhaldi vegna fyrra kókaínmálsins hefði beðið hann í byrjun mars að sækja efnin. Hann hafi neitað en hins vegar talað við kunningjafólk sitt; parið sem reyndist reiðubúið til ferðarinnar. Hann hafi vitað að fólkið væri í peningavandræðum og því viljað gefa því færi á ferðinni.

Maðurinn kvaðst hafa tekið við um einni milljón króna, sem hann hefði komið áfram til burðardýranna, meðal annars fyrir gjaldeyri og flugi til Spánar. Hann kvaðst svo hafa tekið til baka 200 þúsund krónur, því þá upphæð hefði hann skuldað í evrum.

Þá kvaðst hann hafa skuldað vini mannsins, sem upphaflega bað hann að fara, um 300 þúsund krónur og litið svo á að sú skuld yrði gerð upp ef hann útvegaði burðardýrin.

Maðurinn sem sakaður var um að hafa verið upphafsmaður að því að útvega burðardýr er þrítugur Hafnfirðingur. Hann er einnig ákærður í málinu sem þingfest verður í dag. Maðurinn var leiddur í fylgd tveggja fangavarða í dómsal í gær. Vitnisburður hans var skýr:

„Ég veit ekkert um þetta mál.“

jss@frettabladid.is



**Í DÓMSAL** Fangaverðir fylgdu einum sakborninganna í kókaínmálinu í dómsal í gær.



**TORONTO Í KANADA** Rafmagnsleysið olli miklum röskunum á samgöngum MYND/ÞÓRGUNNUR ODDSDÓTTIR

Rafmagnslaust í Toronto:

# Um 250 þúsund án rafmagns

**TORONTO, AP** Bruni í spennuvirki í kanadísku borginni Toronto olli rafmagnsleysi í stórum hluta borgarinnar á mánudag. Um 250 þúsund manns voru án rafmagns og olli bruninn miklum töfum í neðanjarðarlestarkerfi borgarinnar og á götum úti þar sem rafmagnið fór af á háannatíma.

Elísabet Englandsdrottning lenti í Toronto í rafmagnsleysinu og fresta þurfti hátíðarkvöldverði hjá kanadíska forsætisráðherranum þar til rafmagnið komst aftur á. Mikil hitabylgja er í Kanada þessa dagana, en hitinn mældist um 34 gráður á mánudag. - sv

**Grundarfjörður**

## Á fjórða tug hafa sótt um

Þrjátíu og fjórir hafa sótt um starf bæjarstjóra í Grundarfirði næstu fjögur ár. Tveir umsækjendur til viðbótar drógu umsóknir sínar til baka þegar fyrir lá að þeir fengju ekki að njóta nafnleyndar.




Ísland hefur fengið undanþágur frá reglum um aksturs- og hvíldartíma bílstjóra:

# Hvílast minna og aka lengur

**SAMGÖNGUMÁL** Yfirstjórn ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA, hefur samþykkt undanþágur fyrir Ísland frá nokkrum ákvæðum reglna um aksturs- og hvíldartíma atvinnubílstjóra í farmflutningum.

Kristján L. Möller, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, ákvað að taka málið upp árið 2008 í kjölfar óska frá Samtökum atvinnulífsins, ASÍ og Starfsgreinasambandinu. Óskaði ráðuneytið eftir undanþágu þar sem aðstæður hér á landi væru að mörgu leyti frábrugðnar því sem gerist á meginlandinu.

Ráðherra segir undanþágur sem þessar fordæmalausar gagnvart öðrum EES-ríkjum og að svo virðist sem að nú sé viðurkennt að á Íslandi séu aðstæður með þeim hætti að réttlætanlegt sé að undanþágur séu gefnar frá aksturs- og hvíldartímareglum.



**Á FERÐINNI** Undanþága frá reglum um hvíldar- og aksturstíma er túlkuð sem viðurkenning á sérstökum aðstæðum hérlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Leyfilegur aksturstími dag hvern er 9 klukkustundir, samkvæmt Evrópureglum. Hann má lengja um tvær stundir tvo daga í viku. Fallist er á beiðni Íslands um að aka megi fjóra daga vikunnar í stað tveggja daga í ellefu klukkustundir á leiðunum milli Reykjavíkur og Egilsstaða, Neskaupstaðar og Ísafjarðar.

Ráðuneytið hyggst í framhaldinu kanna möguleika á því að fá varanlegar undanþágur, en þær gilda tímabundið frá 30. október 2010 til 15. apríl 2011. - shá

SÞ hugsanlega á leið til Íraks:

# Bandaríkjaher vill gæslulið

**ÍRAK** Friðargæsluliðið Sameinuðu þjóðanna (SÞ) er hugsanlega á leið til Íraks. Yfirhershöfðingi Bandaríkjahers í Írak, Ray Odierno, vill fá SÞ til að taka við gæslu í norðurhéruðum landsins þegar Bandaríkjamenn flytja herlið sitt þaðan á næsta ári.

Mikil spenna ríkir á milli araba og kúrda um hvernig stjórnun norðurhéraðanna verði háttað eftir brottför Bandaríkjahers. Auðugar olíulindir eru á þessum slóðum og deilt hefur verið um stjórnskipulag í fjölda ára. - sv

17,5 prósenta minni umferð um Suðurland í júní á þessu ári en í fyrra:

# Umferð á þjóðvegunum snarminnkar

**UMFERÐ** Umferð á þjóðvegum landsins hefur verið mun minni í ár en í fyrra. Eftirlit á sextán völdum talningarstöðum víðs vegar um landið leiddi í ljós tæplega níu prósenta minni umferð en í sama mánuði í fyrra. Miðað við fyrri árshelming er munurinn 4,6 prósent á landsvísu.

Umferð minnkar á öllum talningarstöðvum og hefur það ekki gerst áður á þessum árstíma, en Vegagerðin reiknar með að umferðin í ár verði jafnvel minni en árið 2006.

Þetta er mesti samdráttur í umferð milli ára fyrir sex fyrstu mánuði ársins síðan mælingar hófust árið 2005 og einnig í fyrsta sinn sem umferð minnkar í öllum landshlutum.

Samdrátturinn á Suðurlandi er sérstaklega mikill, en þar er um að ræða 17,5 prósenta minni umferð á milli ára. Minnst minnkar umferðin á Norðurlandi, eða um hálft prósent. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi hjá Vegagerðinni, segir ekki gott að sjá í fljótu bragði hvað veldur þessum mikla samdrætti á Suðurlandinu sérstaklega.

„Það er ekki ólíklegt að gosið í Eyjafjallajökli spili eitthvað inn í,“ segir hann. „Hátt bensínverð hefur líka áhrif og sennilega þessi almenni samdráttur í samfélaginu.“ - sv



**FÆRRI BÍLAR Á GÖTUNUM** Vegagerðin reiknar með að umferðin í ár verði minni en árið 2006.

Opinber heimsókn:

# Össur í Ungverjalandi

**STJÓRNVÖLD** Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra kemur til Ungverjalands í dag til fundar við János Martonyi utanríkisráðherra og Pal Schmitt, nýkjörinn forseta Ungverja.



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**

Einnig mun Össur kynna sér jarðhitaverkefni sem verkfræðistofan Mannvit vinnur að í borginni Szentlorinc.

Síðustu daga hefur Össur verið í Króatíu og átt fundi með Gordan Jandrokovic, utanríkisráðherra Króatíu, og dr. Ivo Josipovic, forseta landsins. Í Króatíu var hann viðstaddur undirritun samnings sem verkfræðistofan Efla var að gera um þátttöku í jarðhitaverkefni í Króatíu. - pg



**SANDGERÐI** Margir vilja setjast í stól bæjarstjóra.

Bæjarstjórastaða í Sandgerði:

# 41 umsækjandi um stöðuna

**SANDGERÐI** Alls sótti 41 um stöðu bæjarstjóra Sandgerðisbæjar eftir síðustu sveitarstjórnarkosningar, en umsóknarfrestur rann út í síðustu viku. Unnið verður að því næstu daga að fara yfir umsóknir og leggja mat á umsækjendur. Ráðgjafarþjónustan Hagvangur er bæjarstjórn til ráðgjafar í málinu.

Ákvörðun um nýjan bæjarstjóra verður tekin síðar í júlí. Þangað til að nýr bæjarstjóri hefur störf mun forseti bæjarstjórnar, Ólafur Þór Ólafsson, sinna starfi framkvæmdastjóra bæjarfélags Sandgerðis. - sv

## ÚKRAÍNA

### Tóku hálft tonn kókaíns

Tollverðir í Úkraínu hafa lagt hald á 580 kíló af kókaíni sem var reynt að smygla inn í hafnarborgina Odessa við Svartahaf. Verðmætið nemur um sjö og hálfum milljarði króna. Þetta er mesta magn af kókaíni sem náðst hefur í einu lagi.

## DÓMSMÁL

### Sektaður fyrir amfetamín

Karlmaður hefur verið dæmdur í 50 þúsund króna sekt fyrir að hafa í vörslu sinni lítilræði af amfetamíni, sem lögreglan fann við leit á honum. Maðurinn mætti ekki fyrir dóm og boðaði ekki forföll.



**FRÉTTASKÝRING: Fíkniefnastríð og kosningar í Mexíkó**




**KJÖRSTAÐUR Í CIUDAD VICTORIA** Lögreglumenn stóðu vörð um kjörstaði til að tryggja að glæpagengi gætu ekki komið þar nálægt. Á öllum kjörstöðum voru plaköt og borðar með orðunum: „Atkvæði þitt er frjálst og öruggt.“ NORDICPHOTOS/AFP

# Kosningar í skugga fíkniefnastríðs

**Fíkniefnastríð hefur geisað í Mexíkó undanfarin ár með sífellt fleiri morðum og öðrum ofbeldisglæpum. Eiturlyfjagengi reyndu að setja svip sinn á kosningar sem fóru fram í landinu um síðustu helgi.**

Baráttan við eiturlyfjaiðnað og skipulagða glæpastarfsemi í Mexíkó hefur aldrei verið erfiðari en nú, þrátt fyrir að landið hafi verið miðstöð eiturlyfjaflutninga í áratugi. Árið 2006 lýsti forsetinn Felipe Calderón yfir stríði á hendur skipulagðri glæpastarfsemi og eiturlyfjagengjum, og síðan þá hefur ofbeldi í tengslum við það aukist mikið. Morðtíðni hefur aukist ár frá ári og í fyrra er talið að um 6.500 manns hafi verið myrtir í tengslum við eiturlyfjaiðnaðinn. Kosningarnar nú voru taldar mikilvægur prófsteinn á það hvort þjóðin stæði við bakið á forsetanum í baráttu hans.

### Fíkniefnastríðið hefst

Felipe Calderón var kjörinn forseti árið 2006 og lýsti hann því yfir í lok árs að aukinn kraftur yrði settur í baráttuna gegn eiturlyfjagengjum og þeim í raun sagt stríð á hendur. Tugir þúsunda hermanna og lögreglumanna voru sendir á þá staði þar sem staða gengjanna var sem sterkust.

Talið er að frá árslokum 2006 hafi meira en 23 þúsund manns látist í tengslum við fíkniefnastríðið, og stefnir allt í að árið í ár verði hið blóðugasta hingað til. Mörgum almennum borgurum þykir þetta benda til þess að áætlanir ríkisstjórnarinnar hafi mistekist. Þessu hafnar Calderón og hefur bent á að ríkisstjórn hans hafi verið sú fyrsta til að reyna að taka á skipulagðri glæpastarfsemi. Þá hefur honum einnig tekist að fá Bandaríkin til að viðurkenna sinn hlut, þar sem fíkniefnin frá Mexíkó eru flutt þangað auk þess sem bandarískum byssum er smyglað til Mexíkó þar sem þær eru notaðar í átökum gengja.

Í mars var tilkynnt um 331 milljón dala áætlun ríkisstjórna landanna tveggja, þar sem lögð er áhersla á að breyta landamæraeftirliti og styðja og styrkja lítil samfélög sem hafa orðið illa úti vegna fátæktar og glæpa. Ætlunin er að forða ungu fólki frá því að dragast inn í gengi, eins og algengt er með fátæk ungmenni í Mexíkó.

### Í aðdraganda kosninga

Í byrjun júní fannst fjöldagröf sem gengi virðast hafa notað til að losa sig við fórnarlömb sín. Þar voru 55 lík, sem voru misgömul, í gamalli námu á vinsælu ferðamannasvæði. Nokkru síðar varð blóðugasti sólarhringur stríðsins í aðdraganda kosninganna, þegar 85 manns voru drepnir á 24 klukkustundum. Ofbeldisverk voru mörg dagana fyrir kosningar, frambjóðandi til bæjarstjóra í einum bæ var skotinn til bana og tæpri viku fyrir þær var annar frambjóðandi ráðinn af dögum. Sá hét Rodolfo Torre Cantú, sem bauð sig fram sem ríkisstjóra í Tamaulipas og var talið að myndi sigra í kosningunum.

Nokkrir frambjóðendur drógu framboð sín til baka í aðdraganda kosninganna. Með ofbeldinu tókst gengjunum einnig að fá í kringum 500 kjörstjórnarmenn og kosningaeftirlitsmenn til að draga sig í hlé.



**SIGURVEGARINN** Egidio Torre Cantú, bróðir Rodolfo Torre Cantú sem var drepinn nokkrum dögum fyrir kosningar, sigraði í kosningum til ríkisstjóra í Tamaulipas. Hann fagnaði með föður þeirra bræðra, Egidio Torre Lopez. NORDICPHOTOS/AFP

### Kosningarnar

Á sunnudag fóru svo fram kosningar til ríkis- og borgarstjórna víðs vegar um landið. Glæpagengin reyndu að hafa áhrif á kosningarnar og halda kjörsókninni niðri með blóðsúthellingum. Meðal annars hafa kosningaskrifstofur verið sprengdar í loft upp og frambjóðendum hefur verið hótað og þeir drepnir eins og áður sagði. Eiturlyfjasalar spiluðu því sýnilega rullu í kosningabaráttunni, og á sumum stöðum tókst þeim að hræða fólk frá því að mæta á kjörstað.

Þegar á heildina er litið var kjörsóknin þó talsverð og þykir stjórnmálaskýrendum að almenningi hafi tekist að senda þau skilaboð að þrátt fyrir allt lifi lýðræðið í landinu. Eftir kosningarnar stjórnar enginn einn flokkur landinu og skipt var um forystu í mörgum ríkjum. Kjósendur sniðgengu frambjóðendur með tengsl við skipulagða glæpastarfsemi í miklum mæli. Skýrasta dæmið um það var í Tamaulipas við landamæri Bandaríkjanna, þar sem frambjóðandinn Rodolfo Torre var skotinn til bana. Bróðir hans, Egidio Torre, bauð sig fram í hans stað og náði kjöri. Alls var kosið til ríkisstjóra í tólf ríkjum og sigraði flokkur forsetans aðeins í þremur þeirra. Frambjóðendur PRI flokksins, sem réð ríkjum í Mexíkó í rúm sjötíu ár eða allt fram til ársins 2000, fóru hins vegar með sigur af hólmi í hinum níu.

**Þórunn Elísabet Bogadóttir**
thorunn@frettabladid.is



## Atburðir í fíkniefnastríðinu

**2006** Felipe Calderón verður forseti og lýsir yfir stríði á hendur eiturlyfjagengjum. Lögreglu sem er sérstaklega ætlað að takast á við slík glæpagengi er komið á fót.

**2008** Morðum sem tengjast skipulagðri glæpastarfsemi og eiturlyfjum fjölgar mikið. Þau voru talin um 1.400 fyrstu fimm mánuði ársins. Ríkissaksóknari tilkynnir í maí að yfir 4.000 manns hafi látist frá því að stríðinu var lýst yfir. 450 þeirra voru lögreglumenn, hermenn og starfsmenn saksóknara.

**2008** Hundruð þúsunda taka þátt í kröfugöngum um allt landið í ágúst til að mótmæla ofbeldisverkum í tengslum við skipulagða glæpastarfsemi. Í desember segir bandaríska dómsmálaráðuneytið að eiturlyfjasmygl frá Mexíkó sé stærsta ógn skipulagðrar glæpastarfsemi við Bandaríkin.

**2009** Þúsund manns láta lífið á fyrstu sex vikum ársins. Herdeildir eru sendar inn í Ciudad Juarez, þar sem eiturlyfjagengi berjast sín á milli. Morðtíðnin nær hámarki þar í október.

**2009** Einn stærsti eiturlyfjabarón landsins, Arturo Beltran Leyva, er drepinn í skotbardaga við hermenn. Undir lok árs segja yfirvöld árið hið blóðugasta frá því að stríðinu var lýst yfir, 6.500 manns voru drepnir.

**2010** Calderón forseti óskar eftir hjálp Bandaríkjamanna í baráttunni gegn eiturlyfjagengjunum. Ofbeldið eykst enn, sérstaklega í aðdraganda kosninga, og allt stefnir í enn hærri morðtíðni en í fyrra.

Hreint loft með cleanaer



nýtt

Tea Tree ilmur

Sótthreinsandi virkni sem drepur 99.9% af bakteríum og vírusum meðal annars svínaflensu H1N1 vírusinn.

VORTILBOÐ
9.995
FULLT VERÐ 12.995

Tea Tree hylki fylgir frítt með!

THE BRITISH ALLERGY FOUNDATION SEAL OF APPROVAL

- Hreinsar loft með sérstakri jónatækni
- Minnkar ryk og lykt í andrúmsloftinu
- Minnkar frjókorna- og dýraofnæmi
- Vottað af bresku ofnæmissamtökunum
- Hreinsar allt að 56m3 rými

Heimilistæki ht.is

HAFNARGÖTU 90 REYKJANESBÆ S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 SELFOSSI S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A HÚSAVÍK S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 AKUREYRI S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500


Ferðalagið byrjar í BYKO!
Vnr. 88098157-8
Útilegustóll 1.690
Útilegustóll, grænn eða blár.
Flott tjöld fyrir alla!
2.990
ÓDÝRT
Vnr. 88015950
Tjald
Tjald fyrir 2.
Vnr. 88015972/4
Svefnpoki 3.490
Svefnpoki -5°, grár eða dökkblár. Stærð: 200x80 cm.
Vnr. 87741715
Kælibox
Kælibox, 30 l.
3.990
Vnr. 88015952
Tjald 6.990
Tjald fyrir 3.
Vnr. 88015959
Tjald 15.990
Tjald fyrir 4.
Vnr. 88015956
Tjald 19.990
Tjald fyrir 5.
Vnr. 88015964/6
Tjalddýna 890
Tjalddýna, svört eða ljósblá.
Gott að eiga
HREINSIR OG KLÓSETTPAPPÍR FYRIR FERÐAKLÓSETT
ÓDÝRT
Verð frá
Vnr. 88012341/4
Vindsæng 1.990
Vindsæng, 76x190x20 cm eða tvöföld 137x190x13 cm.
Vnr. 87977157
Ferðaklósett
Ferðaklósett, 20 l.
12.990
Vnr. 87977142
Kælibox
Kælibox, 25 l, 12V.
8.990
Vnr. 50632113
Ferðakolagrill
ELEGANT UNION
Kettle ferðakolagrill.
Hægt að leggja fætur undir grillið.
4.990
Vnr. 50632105
Ferðagrill
MR GRILL ferðagasgrill, grillflötur 30x37cm, efri grind, hitadreifiplata. Þrýstijafnari og slanga fylgja. Hægt að nota við flestar gerðir gaskúta. 2,6kW.
11.990
BYKO
EXPO - www.expo.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Pólitíkusar færa peninga á milli vasa til að geta þakkað sjálfum sér að ný störf urðu til.

## Atvinnusköpun stjórnmálamanna

Nýi borgarstjórnarmeirihlutinn í Reykjavík hefur ákveðið að setja fimm hundruð milljónir króna aukalega í átaksverkefni, sem eiga að skapa atvinnu. Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, segir í Fréttablaðinu í gær að vonazt sé til að allt að 150 manns geti fengið vinnu til áramóta við þessi verkefni. Þau felast meðal annars í endurgerð göngu- og hjólaleiða og viðhaldi á húsum í eigu borgarinnar.

Þetta er auðvitað gott og blessað. Reykjavíkurborg hefur oft beitt sér fyrir átaksverkefnum í erfiðu atvinnuástandi, sem hafa stuðlað að því að hjálpa fólki sem misst hafði vinnuna. Átakið er reyndar mun minna í sniðum en hið stórkostlega atvinnuátak Samfylkingarinnar, sem átti að fjármagna með miklum lántökum. Borgarbúar geta verið þakklátir fyrir að þau kosningaloforð gengu ekki eftir og peningarnir eru fundnir með því að draga úr útgjöldum annars staðar.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Það skiptir nefnilega máli hvernig slík atvinnusköpun er fjármögnuð. Þegar flest sveitarfélög eru skuldsett upp í rjáfur er lítið vit í því að ætla að taka ný lán.

Nýi meirihlutinn er líka furðufámáll um það hvort hann hyggist hækka skatta hjá borgarbúum eða ekki. Reykjavíkurborg hefur, ólíkt flestum sveitarfélögum, ekki fullnýtt heimild sína til að leggja á útsvar. Enn fremur blasir við að vegna lækkunar fasteignamats munu tekjur borgarinnar af fasteignasköttum minnka. Enn fást engin svör um það frá forsvarsmönnum meirihlutans um það hvort þeir hyggjast hækka þessa skatta. Stefnuskrá þeirra er hins vegar full af hugmyndum, sem mun kosta talsverða peninga að hrinda í framkvæmd.

Staðreyndin er sú að fyrri meirihluti í borginni náði miklum árangri með því að hagræða í rekstri, með góðu samstarfi við starfsmenn borgarinnar, án þess að hækka skatta og án þess að almenningur finni verulega fyrir skerðingu á grunnþjónustu sveitarfélagsins. Nýi meirihlutinn hefur engin fyrirheit gefið um að þau vinnubrögð verði viðhöfð áfram og raunar verið furðu fáorður um það hvaða stefnu hann hyggist fylgja í fjármálum borgarinnar.

Ef borgarstjórnarmeirihlutinn ákveður að hækka skattana til að geta staðið undir loforðum sínum um atvinnuskapandi aðgerðir, er í raun aðeins verið að beita kjósendur sjónhverfingum. Með skattahækkunum eru ráðstöfunartekjur skattgreiðenda rýrðar. Þeir ráðstafa þá ekki sjálfir peningunum sínum, sem myndu nýtast til að skapa atvinnu til dæmis í verzlunum í borginni, á veitingahúsum eða hjá verktakafyrirtækjum, sem fengju þá verkefni við viðhald íbúðarhúsa og atvinnuhúsnæðis, fremur en húseigna borgarinnar. Þegar stjórnmálamenn færa peninga úr vösum skattgreiðendanna í nafni atvinnusköpunar eru þeir í raun bara að búa til störf á öðrum stöðum, störf sem þeir geta þakkað sjálfum sér fyrir að hafa búið til en hefðu orðið til hvort sem var.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Nýr stjórnarformaður

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, hefur verið skipuð formaður stjórnar Strætós bs. Þetta kemur á óvart í ljósi þess að í Reykjavík var tvisvar búið að úthluta öðrum stjórnarformennskunni – eða að minnsta kosti gera tilraun til þess. Fyrst átti Dr. Gunni að fá starfið en í ljós kom að hann mátti það ekki. Dr. Gunni upplýsti þá að Einar Örn Benediktsson myndi að líkindum verða stjórnarformaður. Nú er annað komið á daginn. Það vill stundum gleymast í borgarstjórn Reykjavíkur að þar er ekki hægt að skipa í stjórnir sameignafélaganna eftir lyst. Þau eru nefnilega í sameign.

### Niðurskurður

Það var víst ekki bara báknið sem blés út í stjórnartíð Sjálfstæðisflokksins. Nú hefur Jónmundur Guðmarsson, framkvæmdastjóri flokksins, ákveðið að efna til heilsuátaks í Valhöll þar sem starfsfólk fer í fitumælingu. Í nafni gegnsæis verða niðurstöðurnar væntanlega birtar á vef flokksins. Sjálfstæðismenn mega hins vegar eiga það, að þeir sitja ekki við orðin tóm þegar þeir boða niðurskurð.





### Gott að vera mikilvægur…

Íslenskum auðmönnum var oft borið á brýn smekkleysi og plebbaskapur. Karl Wernersson kvað slíka gagnrýni í kútinn um helgina þegar hann fékk þýska teknóbandið Scooter til að leika í Galtalæk. Nú er komið í ljós að kaupin á Galtalæk voru greidd með lánum sem Karl fékk frá fjölskyldufyrirtækinu Milestone. Skiptastjórn þrotabúsins vill rifta samningnum og gæti Karl því misst Galtalæk. Fari svo ætti hann að leita huggunar í heilræðavísum Scooter: „It's nice to be important, but it's more important to be nice.“

bergsteinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Ærandi þögn

Velferðarmál



Þorleifur Gunnlaugsson

varaborgarfulltrúi

Hjálparstofnanir eru komnar í sumarfrí og á meðan verður ekki afgreiddur matur til fjölda fátækra sem staðið hafa í biðröðum til að fæða sig og sína.

Félagsmálaráðherra segir að þetta sé á ábyrgð sveitarfélaga. Borgarstjóri er enn að kynna sér málið. Formaður velferðarráðs sagði að fátækir gætu sleppt því að greiða reikningana sína á meðan á þessu stendur og verkalýðshreyfingin sem áður talaði máli fátækra heldur sig til hlés.

Á meðan aðrir búa við allsnægtir er fátæktin að aukast og fátækum að fjölga og flest er þeim mótdrægt. Kaupmáttur launa hefur lækkað um allt að fjórðung á tveimur árum, fjárhagsaðstoðin hefur lækkað samanborið við lægstu laun, atvinnuleysisbætur hafa ekki hækkað í eitt og hálft ár og húsaleigubætur hafa staðið í stað í 2 ár á meðan húsaleiga Félagsbústaða, sem flestir þeir sem njóta fjárhagsaðstoðar greiða, hækkar samkvæmt vísitölu. Sömu sögu eða verri má segja af elli- og örorkulífeyrisþegum. Þeir fátæku verða fátækari.

Félagsmálaráðherra hefur kallað fulltrúa sveitarfélaga til samráðs um málið seinnipart vikunnar. Hann skal ekki gleyma því að stærstur hluti þeirra sem beðið hafa í röðum við hjálparstofnanir eru á vegum hans ráðuneytis. Vilji ráðherrann bregðast við vanda fólks sem leitar til hjálparstofnana á hann að leggja sitt af mörkum til að leysa þann bráðavanda sem við blasir og leggja jafnframt til við við ríkisstjórn og á Alþingi að bætur verði hækkaðar.

Þetta firrir sveitarfélögin þó ekki ábyrgð því eins og félagsmálaráðherra hefur bent á er framfærsluskyldan þeirra. Þeir sem njóta fjárhagsaðstoðar sveitarfélaganna, lögum samkvæmt eru þeir sem minnst hafa á milli handanna og væntanlega þeir sem mestar áhyggjur hafa af sumarlokun hjálparstofnana. Þessu fólki eiga sveitarfélögin að veita styrk nú þegar.

Það sem ærir þó óstöðugan er afskiptaleysi Alþýðusambandsins. Fátækir áttu sér áður málsvara í verkalýðshreyfingunni. Fátækt fólk stofnaði verkalýðsfélögin og kom á réttlátara samfélagi. Þögn ASÍ er ærandi.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Um málfar og umburðarlyndi

Íslenskt mál

Ásgrímur Angantýsson
málfarsráðunautur Ríkisútvarpsins



Sú skoðun er býsna útbreidd að umburðarlyndi eigi ekki við í málfarsefnum. Umræður í fjölmiðlum og á netinu sýna þetta glöggt. Þátturinn *Daglegt mál* í Ríkisútvarpinu er enn á svipuðum nótum og þegar hann hóf göngu sína fyrir rúmlega hálfri öld. Hlustendur eða spyrlar vilja fá staðfestingu á því að tiltekið atriði sé vont eða rangt og láta umsjónarmann skera úr um vafaatriði. Vangaveltur um tilbrigði í málinu eða hugsanlegar skýringar á þeim eiga sjaldnast upp á pallborðið. Árangurinn af þessu starfi virðist þó heldur takmarkaður því að enn eru á dagskrá sömu mál og forðum: Fólk segir *Ég talaði við Guðrúnu Jóns**dóttir*** í staðinn fyrir *Ég talaði við Guðrúnu Jóns**dóttur**, **Strákunum** vantar pening* í stað ***Strákana** vantar pening* og þar fram eftir götunum. *Þjóðin virðist hreinlega ekki **vera að ná** þessu!*

Eiður Guðnason skrifar nær daglega um ambögur í fjölmiðlum á fjölsóttri bloggsíðu og þar eru sömu atriðin nefnd aftur og aftur. Á síðu Málræktarklúbbsins á netinu eru menn óþreytandi við að benda á það sem miður fer í málnotkun. Margir íslenskukennarar slá á svipaða strengi. En allt kemur fyrir ekki. Sú spurning hlýtur að vakna hvort eitthvað sé bogið við baráttuaðferðina eða jafnvel baráttumálin sjálf.

### Staðnaður hugsunarháttur

Sennilega eru flestir sammála um að það sé mikils um vert að varðveita íslenskt málkerfi í megindráttum og efla notkun málsins á sem flestum sviðum. Frá sjónarhóli málnotenda má segja að hæfnin til að tjá sig skilmerkilega í töluðu og rituðu máli sé mikilvægust. Þetta á auðvitað almennt við en skiptir sérstaklega miklu máli fyrir þá sem hafa á einhvern hátt atvinnu af því að nota málið, s.s. kennara, fjölmiðlamenn og leikara. Þeir þurfa að geta flutt mál sitt skýrt og áheyrilega, búa yfir ríkulegum orðaforða og hafa trausta tilfinningu fyrir viðeigandi stíl og málsniði.

Ef vel á að vera þurfa þeir líka að vita hvaða fyrirbæri eru óvinsæl í málsamfélaginu – hvort sem ástæður þeirra óvinsælda eru maklegar eða ekki – og reyna að sneiða hjá þeim. Viti menn ekki hvaða málatriði hafa verið brennimerkt eiga þeir á hættu að verða að athlægi. Þeir álitsgjafar sem ganga harðast fram í að skilgreina ýmsar útbreiddar málvenjur sem „málvillur“ eiga sinn þátt í þessu.

Raunar má halda því fram að sú málumvöndun sem mest er stunduð, undir merkjum málvöndunar og málræktar, sé ekki aðeins til marks um staðnaðan hugsunarhátt heldur vinni gegn markmiðum um bætta málnotkun því að athyglin beinist fyrst og fremst að því neikvæða.

> Sú spurning hlýtur að vakna hvort eitthvað sé bogið við baráttuaðferðina eða jafnvel baráttumálin sjálf.

### Bókstafstrú

Málfarsumræðan einkennist mjög af eins konar bókstafstrú. Til dæmis er algeng hugmynd að það sem ekki finnist í orðabókum eða handbókum hljóti að vera vitlaust. Samkvæmt því er rétt að segja *Hann rústaði íbúðina* af því að orðabókin gefur slík dæmi en *Hann rústaði íbúðinni er talið rangt mál* þó að það sé afar útbreitt og samræmist betur máltilfinningu margra. Ef ekki er hægt að fletta upp sögninni *torfþekja* í orðabók er hún „ekki til“ og þá skiptir engu hvort hún er gagnsæ og rétt mynduð eða ekki. Sögnin *dúkleggja* er í orðabók en *parkettleggja* ekki. Er *parkettleggja* þá ekki til? Tilbrigði í máli eru jafnan talin óæskileg. Annaðhvort segir maður *Japanar* eða *Japanir*. Að viðurkenna báðar orðmyndir er „frjálslyndi á sökkkum stað“ eða „reiðareksstefna“.

Þá taka þeir sem predika málfarslega bókstafstrú sjaldnast mið af samhengi eða aðstæðum. Menn verða t.d. miður sín ef íþróttafréttamaður í beinni útsendingu talar ekki eins og upp úr bók.

Margt af því sem málumvöndunarmenn „leiðrétta“ stenst enga skoðun. Bogi Ágústsson fréttamaður var t.d. gagnrýndur nýlega fyrir að segja *Þau voru skyld að gera þetta* í stað *Þeim var skylt* eða *Þau voru skyldug*.

Höfundur Njálu, sá frægi málskussi og ambögusmiður, segir í 144. kafla: „Síðan báru þeir kviðu þá alla er þeir voru skyldir að bera til allra saka og fór það löglega fram.“ Í Íslenskri hómilíubók segir enn fremur: „Skyldur er sá hver til að kenna öðrum heil ráð, er Guð lér hyggindi til of það fram, sem annar kann sér, hvort er hann er lærður eða ólærður.“ Um síðarnefndu bókina sagði Jón Helgason prófessor: „Óvíða flóa lindir íslenzks máls tærari en í þessari gömlu bók.“

### Fordómalaus umfjöllun

Það er ekkert við því að segja þótt kappsömum áhugamönnum um íslenskt mál verði á í messunni en þeir sem gefa sig út fyrir að vera sérfræðingar um nútímamál verða að geta fjallað um málfar á upplýsandi og fordómalausan hátt og leitast við að varpa ljósi á mismunandi tilbrigði málsins. Fyrir 50 árum var álitsgjöfum vorkunn að því leyti að litlar rannsóknir höfðu verið gerðar á samtímamálinu en nú á það ekki lengur við.

Í starfi mínu sem málfarsráðunautur Ríkisútvarpsins fæ ég oft gagnlegar ábendingar um hæpnar beygingarmyndir og orðaval. Aftur á móti fæ ég sárasjaldan kvartanir um að erfitt hafi reynst að skilja tiltekna frétt eða pistil. Þetta hefur komið mér nokkuð á óvart því að mínu mati er ekki síður þörf á úrbótum í þeim efnum. Krafan um markvissa og skýra framsetningu er hins vegar ekkert sérstaklega hávær úti í samfélaginu.

AF NETINU

## Torfajökull utan seilingar



„Ég sé á forsíðu Fréttablaðsins í dag að Svandís Svavarsdóttir er líklega skeleggasti umhverfisráðherra sem gegnt hefur því embætti. Hún og hennar flokkur hefur tryggt að rammaáætlun um virkjunarkosti nái ekki til svæða sem þegar eru friðuð nema annað sé sérstaklega tekið fram. Þetta virðist þýða að t.d. Torfajökulssvæðið allt er þar með utan seilingar þeirra sem skoða náttúruna einungis í ljósi nýtingar í þágu hluthafa og stundargróða. Þessu hljóta náttúruverndarsinnar að fagna því Torfajökull og sérstaða hans verður seint metin til fjár í megawöttum. Á forsíðunni tuðar forsvarsmaður einhvers orkufyrirtækis um að með þessu sé þriðjungur nýtanlegrar orku friðaður. Það geta varla talist fréttir frekar en kvartanir innbrotsþjófa vegna erfiðrar aðkomu að heimilum fólks eða óþægilegs vinnutíma.“

http://blog.eyjan.is/pallasgeir/

Páll Ásgeir Ásgeirsson




Sparaðu með Miele
Miele þvottavélar hafa verið framleiddar í yfir hundrað ár.
Miele þvottavélar og þurrkarar eru framleidd til að endast.
Íslenskt stjórnborð - Stórt hurðarop
Íslenskar leiðbeiningar - 20 ára ending
Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur
EIRVÍK -hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

100.000.000
+775.000.000
875.000.000



ÞÚ TALDIR RÉTT:
875 MILLJÓNIR
Fyrsti vinningur stefnir í 100 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 775 milljónir. **Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ
ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 7. JÚLÍ 2010

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

# Vituð ér enn…

Efnahagsmál

Sverrir Hermannsson



Í Morgunblaðinu 22. nóvember 2001 birtist eftirfarandi eftir greinarhöfund, m.a:

„Undanfarinn áratug hefur ríkt mikil árgæzka til lands og sjávar á Íslandi, og þjóðinni nýzt vel til framtaks og framfara á flestum sviðum. Þá árgæzku vilja stjórnvöld alla eigna sér; og helzt það uppi. Látum það vera, en þá ættu þau í sama máta að axla ábyrgð á framhaldinu, þegar í baksegl slær.

Og skjótt skipast veður í lofti. Undanfarin þrjú, fjögur misseri hafa greinilega verið ný teikn á himni um snarbreytt veðurfar í efnahagsmálum. Válegustu einkennin eru ógnvænlegur viðskiptahalli, þreföldun verðbólgu og taumlaust gengishrun krónunnar.

Þessi teikn hafa verið öllum ljós, sem sjá vilja.

Því miður eru ráðamenn í ríkisstjórn ekki í þeirra hópi. Meðan óveðursskýin hrannast upp á fjármálahimni hafa þeir baðað sig í ímynduðu sólskini góðæris og engu skeytt um aðsteðjandi hættu. Aðalvopninu til að kyrra og hemja veður og vinda í fjármálum hefur ekki verið beitt, fjárlagavaldi löggjafarsamkomunnar. Þvert á móti hefur það verið meðhöndlað eins og sjálfsmorðstól.

Í stað lífsnauðsynlegs samdráttar í útgjöldum ríkisins hefir allt vaðið á súðum. Hækkun útgjalda milli áranna 2000 og 2001 stefnir í 20%, sem er olía á eld verðlags og verðþenslu. Og enn virðist ekkert lát ætla að verða á eins og sjá má á frumvarpi til fjárlaga, sem nú liggur fyrir alþingi. Vonandi að menn sjái að sér áður en kemur að afgreiðslu þess. Ef ekki fljóta menn sofandi að feigðarósi. Þetta eru dapurlegar blákaldar staðreyndir.

Hvernig má það vera að ríkisstjórnin láti þjóðarskútuna reka svo háskasamlega á reiðanum sem raun ber vitni? Er það kannski svo að ítrekaðar aðvaranir stjórnarandstöðunnar í alþingi banni þeim af fordildarsökum allar aðgerðir til viðreisnar?“

Við aðvörunum Þjóðhagsstofnunar brást ríkisstjórnin með því að leggja hana niður. Niðurstöður sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem varaði alvarlega við þróun í efnahagsmálum, hafði hún að engu.

Og svo eru arftakar óráðsíumannanna að tala um „andvaraleysi“.

> Við aðvörunum Þjóðhagsstofnunar brást ríkisstjórnin með því að leggja hana niður. Niðurstöður sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem varaði alvarlega við þróun í efnahagsmálum, hafði hún að engu.

# Sofandi stjórnvöld

Gengistryggð lán

Birkir Jón Jónsson
þingmaður Framsóknarflokksins



Eygló Harðardóttir
þingmaður Framsóknarflokksins



Hæstiréttur Íslands felldi tvo dóma hinn 16. júní þess efnis að gengistrygging lána væri ólögleg. Málunum hafði verið áfrýjað eftir að Héraðsdómur Reykjavíkur komst að misvísandi niðurstöðu um lögmæti þessara lána.

Viðbrögð stjórnvalda eftir dóm Hæstaréttar bentu til þess að þau hefðu verið gripin í bólinu. Eftir nokkra fundarsetu og óskir um tillögur frá m.a. Samtökum fjármálafyrirtækja, talsmanni neytenda og Hagsmunasamtökum heimilanna sendi ríkisstjórnin Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitið fram á sviðið með tilmæli til fjármálafyrirtækjanna. Tilmælin voru þess efnis að víkja ætti samningsvöxtum lánanna til hliðar og notast ætti við óverðtryggða vexti Seðlabankans á meðan dómstólar kæmust að niðurstöðu um vexti samninganna.

Ábúðarfullir embættismenn útskýrðu að tilmælin væru ekki skuldbindandi, hvorki fyrir fyrirtækin né lántakendur, en byggðust á túlkun þeirra á lögum um vexti og verðtryggingu. Stuttu síðar lögðu svo fjármálaráðherra og efnahags- og viðskiptaráðherra blessun sína yfir þessi tilmæli og sögðu að þetta væri eitthvað sem allir ættu að geta lifað við.

Ýmsir voru því ósammála.

**Engin heildaryfirsýn**

Því óskuðu undirrituð eftir sameiginlegum fundi efnahags- og skattanefndar og viðskiptanefndar til að fá rökstuðning Seðlabankans, FME og efnahags- og viðskiptaráðuneytis fyrir þessum tilmælum.

Jafnframt kröfðumst við skýringa á því hvernig þessar stofnanir höfðu undirbúið sig fyrir niðurstöðu Hæstaréttar og fórum m.a. fram á útreikninga á áhrifum dómsins út frá mismunandi forsendum sem og lögfræðiálit á lögmæti gengistryggðra lána. Þá fórum við fram á upplýsingar um hver bæri ábyrgð á aðgerðum og aðgerðaleysi innan þessara stofnana.

Eftir fundinn var ljóst að ríkisstjórnin, Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið höfðu ekki heildaryfirsýn yfir áhrif dóms Hæstaréttar. Forstjóri Fjármálaeftirlitsins hefur staðfest að það hefur tekið stofnunina um hálft ár að útvega upplýsingar sem gefa heildarmynd af þeim hluta eignarsafns fjármálafyrirtækjanna sem felst í gengistryggðum lánum. Eftir að dómurinn féll var erlenda ráðgjafarfyrirtækið Oliver Wyman fengið til verksins og er áætlað að heildarmyndin verði orðin skýr í lok þessarar viku.

Það er einfaldlega sláandi hvað lítið virðist hafa breyst frá hruni. Undirbúningur fyrir útgáfu tilmælanna var óvandaður og ófullnægjandi. Yfirlýsingar viðskiptaráðherra, fjármálaráðherra, Seðlabanka og FME um áhrif dóms Hæstaréttar á fjármálastöðugleika virðast ekki hafa byggst á neinum haldbærum gögnum. Áhrifin á fjármálastöðugleika og efnahagslífið hafa ekki enn þá verið kortlögð og takmörkuð lögfræðiálit virðast hafa legið fyrir.

Menn slumpa bara og giska út í loftið.

**Hvað viljum við?**

Við höfum óskað eftir að útreikningar um áhrif dómsins og minnisblöð þeirra lögmanna sem tilmæli Seðlabankans og FME byggjast á verði lögð fram. Strax í febrúar var lagt fram frumvarp á vegum framsóknarmanna með stuðningi þingmanna úr öllum þingflokkum um flýtimeðferð fyrir dómstólum og frestun nauðungarsölu á grundvelli þessara lánasamninga. Það mál hefur legið í allsherjarnefnd síðan þá. Þá var einnig lagt fram frumvarp Vinstri grænna um hópmálsókn, sem hefur einnig legið í dvala hjá allsherjarnefnd. Þá lá líka fyrir mat sérfræðinga á því að líklega þyrfti að dæma í fimm til sex prófmálum áður en öllum vafa yrði eytt í kjölfar dóms Hæstaréttar.

Þótt niðurstaða fáist í nýju máli sem Lýsing hefur höfðað um vextina á enn eftir að skýra margt. Má þar nefna fordæmisgildi gagnvart öðrum lánasamningum sem bundnir eru gengisviðmiðum, hvenær lán eru íslensk og hvenær þau eru erlend, bótaskyldu, forsendubrest og svo mætti lengi telja. Því skiptir miklu að tryggja flýtimeðferð þessara mála og fækka þeim fjölda mála sem þarf að höfða með lögum um hópmálsókn.

Efasemdir eru um réttmæti þess að opinberar stofnanir leggi til bráðabirgðalausn sem mætti túlka sem skilaboð til dómstóla um það sem fjármálakerfið „ræður við“. Mun nærtækara hefði verið að samningsvextir hefðu verið látnir standa. Einnig er lántaka og lánveitanda frjálst að semja um annars konar greiðslufyrirkomulag, líkt og t.d. talsmaður neytenda, Frjálsi fjárfestingarbankinn og Spron hafa lagt til um að innheimta tiltekna krónutölu miðað við hverja milljón króna af upphaflegum höfuðstól lána ef vafi leikur á lögmæti þeirra. Endanleg niðurstaða fengist svo fyrir dómstólum. Þegar er skýrt að dómurinn á við gengistryggð bílalán og því er ekki hægt að hvetja lántakendur til að fara eftir tilmælum Seðlabankans og FME hvað fjármögnunarfyrirtækin varðar.

Fjármálaráðherra telur að málin muni skýrast með haustinu, en hvorki heimilin né fyrirtækin í landinu þola margra mánaða óvissu um þetta gríðarstóra mál.

> Það er einfaldlega sláandi hvað lítið virðist hafa breyst frá hruni. Undirbúningur fyrir útgáfu tilmælanna var óvandaður og ófullnægjandi.




# Meiri verðbólga, meira kaupmáttarhrun

Efnahagsmál

Kristinn H. Gunnarsson
fyrrverandi alþingismaður



Efnahagshrunið, sem varð 2008, er vissulega mikið og þungbært áfall fyrir þjóðina, en það er ekkert einsdæmi. Áður hafa orðið stór áföll sem landsmenn urðu að axla og vinna sig út úr með þolinmæði og þrautseigju. Að þessu sinni eru óvenjulega hörð átök um það hverjir eigi að greiða kostnaðinn af hruninu. Stór hópur skuldara telur sig ekki eiga að borga skuld sína. Því er borið við að gengisfelling íslensku krónunnar og verðbólgan hafi hækkað skuldirnar langt umfram það sem eðlilegt geti talist og forsendur hafi af þeim sökum brostið.

Frá ársbyrjun 2008 hefur krónan fallið gríðarlega, japanska jenið er 159% dýrara nú en þá og bandaríski dollarinn 102%. Pundið breska hefur hækkað um 53% og evran um 72%. Þetta er mikil hækkun á aðeins 2 ½ ári. Frá sama tíma til ágúst 2010 hefur neysluverðsvísitalan, sem verðtrygging innlendra skulda er miðuð við, hækkað um 29,2%.

Þótt þetta sé mikil hækkun þá er hún barnaleikur á við það sem var fyrir 30 árum. Frá 1980 til 1989 var verðbólgan minnst 15,3% og mest 77,5% yfir almanaksárið. Átta af þessum 10 árum var verðbólgan meiri á einu ári en samtals á þeim 32 mánuðum sem liðnir eru frá ársbyrjun 2008. Á jafnlöngu tímabili, frá maí 1981 til ársloka 1983 varð verðbólgan 250%. Það er ríflega 8 sinnum meiri hækkun en nú. Samtals varð verðhækkunin um 1.940% á þessum áratug. Það dugði ekki til þess að leysa skuldara undan skuldbindingum sínum. Verðtryggingin hélt gildi sínu og hækkaði lánin. Því til viðbótar gerðist það sem síður hefur gerst nú, að vextir umfram verðtrygginguna hækkuðu gríðarlega. Þeir voru í upphafi verðtryggingar 2% en fóru upp í 10%. Þá var gripið til umtalsverðra skuldbreytinga og lánstíminn lengdur en í meginatriðum látið þar við sitja. Þetta voru úrræðin þá og þau voru látin duga. Hvort sem litið er til innlendrar verðtryggingar eða breytingar á gengi erlendra gjaldmiðla að þá er verðbólgan nú mun minni en þá var.

Árið 1983 var bannað að verðtryggja laun en skuldir héldu óbreyttri verðtryggingu. Það leiddi til mikillar kaupmáttarskerðingar. Kaupmáttur atvinnutekna minnkaði um 17% á árunum 1983 og 1984. Kaupmáttur kauptaxta minnkaði um 25%. Eftir bankahrunið hefur vísitala kaupmáttar launa lækkað um 10,7% á jafnlöngum tíma, 2008 og 2009. Mun meiri tekjurýrnun varð þá en nú hefur orðið. Kaupmáttur launa í dag er um 60% hærri en var fyrir rúmum 25 árum og ætla má að heimilin séu að sama skapi betur sett til þess að þola samdrátt tekna.

Athyglisvert er að samkvæmt opinberum gögnum þá er vandi flestra þeirra sem eru í verulegum erfiðleikum um þessar mundir tilkominn fyrir bankahrun. Hrunið jók vandann en bjó hann ekki til. Of margir, einstaklingar og fyrirtæki, spiluðu of djarft fyrir hrun og þá hefði líklega flesta rekið í strand þótt ekkert bankahrun hefði orðið. Í þessu eins og öðru gildir að hver er sinnar gæfu smiður. Margir þurfa aðstoð til þess að ná tökum á fjármálum sínum og þeir eiga að fá hana. Þrátt fyrir alla óánægju með störf ríkisstjórnarinnar hefur þegar verið gripið til umfangsmeiri aðgerða til aðstoðar skuldugum heimilum en þá var og er það vel.

Þeir sem hafa farið í gegnum efnahagsleg hrun og hafa axlað þungar skuldbindingar í mörg ár hafa skilning á stöðu skuldsettra í dag og eru vafalaust reiðubúnir til þess að leggja þeim lið að einhverju marki með þyngri sköttum. Staða ríkissjóðs er orðin hörmuleg vegna mikilla skulda sem féllu á hann vegna hruns bankanna og það verður ekki miklu á hann bætt.

En reynist það svo að skuldir eigi ekki að endurgreiða samkvæmt ákvæðum verðtryggra lánasamninga vegna forsendubrests þá hljóta forsendurnar að hafa brostið fyrir áratugum síðan. Sanngirnin og réttlætið byrjar ekki 1. janúar 2008. Kröfur um afnám verðtryggingar skuldbindinga eru kröfur um skerðingu lífeyrisréttinda og lækkun ellilífeyris. Það eru kröfur um að senda reikninginn til eldri kynslóðarinnar, þeirrar sömu sem forsendubresturinn nær ekki til. Hvers á hún að gjalda?

> Staða ríkissjóðs er orðin hörmuleg vegna mikilla skulda sem féllu á hann vegna hruns bankanna og það verður ekki miklu á hann bætt.




# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...




Miðvikudagur 7. júlí 2010 – 7. tölublað – 6. árgangur
Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir

**Gjaldmiðlar**
Kínverjar vilja styrkja júanið 2





**Tækni**
Gagnavistun yfir á netið 6

**Alþjóðleg fyrirtæki**
Erfitt rekstrarumhverfi 4-5



## Vegið að sjálfstæðinu

Evrópski seðlabankinn (ECB) hefur ávítt ríkisstjórn Rúmeníu fyrir að þröngva 25 prósenta launalækkun upp á starfsmenn rúmenska seðlabankans.

Í harðorðri yfirlýsingu sem gefin var út á mánudag varaði ECB við því að aðgerðirnar brytu í bága við samninga ESB sem segja til um sjálfstæði peningamálayfirvalda.

Rúmenska ríkisstjórnin kynnti í maí niðurskurðaráætlanir þar sem gert er ráð fyrir 25 prósenta launalækkun hjá öllum opinberum starfsmönnum.

Í vikunni hefur ECB legið undir ámæli fyrir hræsni þar sem hann hefur mælt með niðurskurði hjá hinu opinbera. - mþl

## Hamfarir dreifa veirum

Hamförum á borð við eldgosið í Eyjafjallajökli er nú tekið fagnandi af tölvuþrjótum.

Fyrirtækið AppRiver hefur greint útbreiðslu tölvuhætta og komist að því að örfáum dögum eftir slíkar hamfarir hafa sprottið upp hundruð hættulegra netveira sem tengja sig atburðunum á einhvern hátt. Þannig geta tölvuþrjótar margfaldað dreifingu veiranna.

Tölvunotendur ættu því framvegis að vera á varðbergi þegar meldingar berast sem tengjast stórfréttum. - mþl

### HELST Í ÚTLÖNDUM



**Regluverk uppfært** Fulltrúadeild Bandaríkjaþings hefur samþykkt hið svokallaða Dodd-Frank frumvarp. Verði frumvarpið samþykkt í öldungadeild þingsins er um að ræða mestu breytingar á regluverki fjármálakerfisins þar í landi síðan á fjórða áratug 20. aldarinnar.

**Innköllun á bílum** Toyota hóf á mánudag innköllun á 270 þúsund bílum af gerðunum Lexus og Crown. Ákveðin tegund gorma í vélum bílanna er gölluð sem getur valdið því að bílarnir stöðvist fyrirvaralaust. Markaðir tóku fréttunum með ró og hækkuðu hlutabréf í Toyota um 0,5 prósent á mánudag.

**Hækka stýrivexti** Sænski seðlabankinn hækkaði lykilstýrivexti sína um 0,25 prósentustig í síðustu viku. Svíþjóð varð þannig aðeins annað landið í heiminum til að hækka stýrivexti eftir að alþjóðlega fjármálakrísan skall á en norski seðlabankinn reið á vaðið í október. Útlit efnahagsmála er bjart í Svíþjóð en spá er hagvexti upp á 3,3 prósent á þessu ári.

# Dyrum nærri lokað á erlenda fjárfesta

**Ísland er með hæstu þröskulda í heimi gegn beinni erlendri fjárfestingu. Unnið er að endurskoðun laga sem takmarka erlent eignarhald á fyrirtækjum, segir viðskiptaráðherra.**

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Ísland er í öðru sæti á lista yfir þau aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD) yfir þau lönd sem hafa miklar takmarkanir á beinni fjárfestingu erlendra aðila. Mestu hömlurnar eru í Kína. Næst á eftir Íslandi stendur Rússland og Sádi-Arabía kemur þar á eftir. Á hinum endanum eru Holland og Lúxemborg, sem hafa opnað dyrnar í fulla gátt fyrir beina fjárfestingu erlendra aðila.

Aðildarríki OECD eru 31 talsins. Síðasta könnun var gerð fyrir fjórum árum. Þá var Ísland í öðru sæti á eftir Indlandi. Indverjar hafa opnað hagkerfi sitt nokkuð síðan þá og verma nú áttunda sætið yfir þau lönd sem hafa hæstu þröskuldana gegn beinni erlendri fjárfestingu.

OECD birti skýrslu um möguleika erlendra aðila til að fjárfesta í öðrum löndum um mánaðamótin. Þar eru teknir með í reikninginn ýmsir þættir, sem ekki hafa verið settir inn í breytuna áður. Þar á meðal eru möguleikar erlendra aðila til að fjárfesta í fasteignum, fjölmiðlum, verslun og þjónustu og samgöngum. Miðað er við þrjá meginþætti, þar á meðal takmarkanir sem settar eru á erlent eignarhald og takmörkun á hlutfalli erlendra stjórnenda í fyrirtækjum.

Á meðal þess sem dregur Ísland niður er algjört bann við fjárfestingu erlendra aðila í sjávarútvegi,



GYLFI MAGNÚSSON

námavinnslu, orkugeiranum og á fasteignamarkaði samkvæmt OECD. Viðmælendur Fréttablaðsins telja að einhverju leyti um oftúlkun OECD að ræða. Erlendir aðilar geti fjárfest hér hafi þeir heimilisfesti á EES-svæðinu. Þeir líta engu síður alvarlegum augum á málið. Niðurstöðurnar séu ekki til að auka traust erlendra fjárfesta á landinu.

Núgildandi lög um takmarkanir erlendra aðila hér eru nítján ára gamlar, voru samþykktar árið 1991. Þar er lagt bann við eignarhaldi erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi, strangar takmarkanir settar við eignarhald erlendra aðila í innlendum flugrekstri og eignarhald í orkufyrirtækjum takmarkað við Íslendinga og aðila á EES-svæðinu.

Nefnd sem fylgist með lögum um takmörkun erlendrar fjárfestingar hér taldi í janúar að endurskoða þyrfti lögin. Ekki náðist í Þórð H. Hilmarsson, forstöðumann hjá Fjárfestingarstofu, þegar eftir því var leitað í gær.

Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, sagði í samtali við fréttastofu Stöðvar 2 í gær að unnið væri að endurskoðun laga um takmarkanir á erlendri fjárfestingu. Líklegt væri að frumvarp um endurskoðun þeirra yrði lagt fram á haustþingi. „Ég get samt engu lofað,“ sagði hann.



# Lífeyrissjóðir bæta við sig

Seðlabankinn birtir á föstudag tölur um stöðu lífeyrissjóðanna í lok maí.

Mánuði fyrr nam hrein eign lífeyrissjóðanna til greiðslu lífeyris 1.874 milljörðum króna og jókst um 16 milljarða frá fyrri mánuði. Í Morgunkorni Íslandsbanka segir að frá því á sama tíma fyrir ári hafi hrein eign sjóðanna hækkað um 245 milljarða króna eða sem nemi um 15 prósent að nafnvirði. Það sé um 6,2 prósent hækkun að teknu tilliti til verðbólgu.

„Þó ber að hafa í huga að raunávöxtun sjóðanna er mun lægri þar sem greiðslur inn í sjóðina eru töluvert hærri en lífeyrisgreiðslur og útflæði vegna innlausnar séreignarsparnaðar,“ segir í Morgunkorninu.

# Leita ráða hjá Sveini Haraldi

„Bæði íslensk fyrirtæki sem leita norrænna fjárfesta og norræn fyrirtæki sem hug hafa á að fjárfesta á Íslandi hafa leitað til mín. En þetta er ekki launað starf; ég hjálpa þeim í frítíma mínum utan vinnu. Þetta litla framlag mitt vona ég að sé hluti af því að rétta efnahagslífið við,“ segir Svein Harald Øygard, fyrrverandi seðlabankastjóri. Um tólf íslensk fyrirtæki hafa leitað til hans.



**SVEIN HARALD** Um tólf íslensk fyrirtæki hafa leitað ráða hjá fyrrverandi bankastjóra Seðlabankans. MARKAÐURINN/ANTON

Svein Harald tók við starfi seðlabankastjóra af þeim Davíð Oddssyni, Ingimundi Friðrikssyni og Eiríki Guðnasyni seint í febrúar í fyrra en steig úr honum þegar Már Guðmundsson var ráðinn í ágúst. Eftir að hann fór aftur utan tók hann við sambærilegri framkvæmdastjórastöðu hjá ráðgjafarfyrirtækinu McKinsey í Noregi og hann hafði áður.

Íslensk fyrirtæki sem leitað hafa hófanna í Noregi hafa sett sig í samband við seðlabankastjórann fyrrverandi. Svein Harald segist í samtali við Fréttablaðið gera sitt besta til að koma fyrirtækjunum til hjálpar. „Ég hef reynt að hjálpa þessum fyrirtækjum sem best ég má. Það felst aðallega í því að koma þeim í kynni við þá sem ég tel betur tengda og geta hjálpað þeim frekar,“ segir Svein Harald. - jab

## BANKABÓKIN

**Samanburður á vaxtatöflum bankanna**

| | Hæstu innlánsvextir | Yfirdráttarvextir eru hæstir | Yfirdráttarlán fyrirtækja |
|---|---|---|---|
| Arion banki | Markaðsreikningur 3,80%[A] | 13,85%[B] | 13,50%[B] |
| Íslandsbanki | Vaxtaþrep 4,55% | 13,50%[C] | 13,25%[C] |
| Landsbankinn | Vaxtareikningur 5,60%[D] | 14%,[E] | 14%[E] |
| MP BANKI | MP Sparnaður 4,70%, | 13,25% | 11,75% til 13,25%[F] |
| BYR SPARISJÓÐUR | PM-reikningur 4,85%[G] | 14%, | 13,55 til 14,90%[H] |
| SPARISJÓÐURINN | Netreikningur 5,15%[I] | 14,90% | 14,40% |
| S24 …og þú hagnast | Sparnaðarreikningur 4,20% | 11,80% | ekki í boði |

*[A]Markaðsreikningur bundinn í tíu daga. [B]Að auki er 3% viðskiptagjald skuldfært mánaðarlega af heimild. [C]Að auki er 5% viðskiptagjald skuldfært mánaðarlega af heimild. [D]Vaxtareikningur bundinn í sjö daga [E]Að auki er 1,5% heimildargjald skuldfært mánaðarlega af heimild. [F]Fer eftir því hvernig fyrirtækið er metið hjá MP. Aðeins eru greiddir vextir af nýttri heimild. [G]PM er bundinn í tíu daga. [H]Ekkert heimildargjald. [I]0,25% úttektargjald*

*Athugið að ekki er tekið tillit til árgjalds, sem getur fylgt yfirdráttarreikningum.*

# Lilja kveður Seðlabankann

Lilja Alfreðsdóttir, staðgengill framkvæmdastjóra á skrifstofu seðlabankastjóra, hefur verið ráðin ráðgjafi hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS) í Washington í Bandaríkjunum.

Lilja verður fulltrúi Íslands á skrifstofu AGS sem fer með málefni kjördæmis Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna og heyrir undir Danann Per Callesen, fastafulltrúa í framkvæmdastjórn AGS. Lilja tekur við starfinu af Birni Ólafssyni, sem snýr heim.

Mánuður er síðan gengið var frá ráðningu Lilju og tekur hún við starfinu ytra 23. ágúst. Hún segir mikla vinnu innta af hendi á skrifstofunni fyrir aðildarríki AGS áður en mál séu lögð fyrir framkvæmdastjórnina. „Þetta er mjög lýðræðislegt,“ segir hún.



**LILJA ALFREÐSDÓTTIR**

Lilja hóf störf í bankanum árið 2001 og hafa meginverkefni hennar falist í samskiptum við AGS, svo sem vegna lánasamkomulags stjórnvalda við sjóðinn auk samskipta við alþjóðleg matsfyrirtæki og fjármálastofnanir. - jab

# Júanið í styrkingarfasa næstu misserin

## Stefnubreyting kínverskra stjórnvalda mun hafa mikil áhrif á kínverska hagkerfið en áhrifanna mun gæta víðar.

**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**
skrifar

Kínversk stjórnvöld tilkynntu hinn 19. júní síðastliðinn að þau muni breyta stefnu sinni í gjaldmiðilsmálum. Undanfarin ár hefur gengi kínverska gjaldmiðilsins, júansins, verið fast við bandaríska dollarann en nú er stefnt að styrkingu. Verður gjaldmiðillinn settur á takmarkað flot í kringum körfu gjaldmiðla. Talið er að júanið muni styrkjast töluvert í kjölfarið en þessi stefnubreyting mun sennilega hafa veruleg áhrif á kínverska hagkerfið og raunar víðar.

Sumir telja reyndar að lítið muni breytast. Hefur því verið haldið fram að yfirlýsingin sé í raun aðeins tilraun til þess að róa Bandaríkjamenn en mikill þrýstingur hefur verið á Kína af hálfu Bandaríkjanna að leyfa júaninu að styrkjast. Skýrist það af ójafnvægi í milliríkjaverslun landanna en Bandaríkjamenn hafa gríðarlegan viðskiptahalla sem rekja má að stærstum hluta til viðskipta við Kína. Þó ber að hafa í huga að slíkt ójafnvægi orsakast ekki eingöngu af skakkri hlutfallslegri stöðu gjaldmiðlanna heldur líka af innri þáttum.

Kínverjar gefa sér reyndar svigrúm í yfirlýsingunni til að mögulega hægja á eða jafnvel snúa styrkingunni við telji þeir aðstæður krefjast þess. Júanið hefur hins vegar styrkst frá yfirlýsingunni og það sem skiptir sennilega meira máli er að væntingar markaða eru nú að júanið muni halda áfram að styrkjast á næstu misserum. Það gerir Kínverjum erfitt fyrir, kjósi þeir að snúa við.

Ástæður þess að Kínverjar vilja að júanið styrkist eru fjölbreyttar. Mestu skiptir að næstum tíunda hluta landsframleiðslu er nú varið í að kaupa erlend ríkisskuldabréf (aðallega bandarísk) til þess að koma í veg fyrir að júanið styrkist borið saman við dollarann. Margt annað er hægt að gera fyrir þá peninga eins og gefur að skilja. Gengisstyrkingin mun einnig auka kaupmátt kínverskra neytenda og gera bensín og aðrar innfluttar vörur ódýrari. Hún gagnast þó fleiri þjóðum en Kínverjum. Styrkist gengið munu vörur frá öðrum löndum að lokum verða samkeppnishæfar á mörgum mörkuðum sem Kínverjar ráða lögum og lofum á í dag. Styrkingin getur því stuðlað að hagvexti í viðskiptalöndum Kína. Á meðan mun hægjast á vexti í Kína en vöxtur hefur verið svo hraður undanfarið að verðbólga er orðin áhyggjuefni. Því er sennilega ráðlegt að hægja á vexti til að koma í veg fyrir ofhitnun hagkerfisins.



**AUKINN KAUPMÁTTUR** Kínverskur almenningur mun njóta góðs af styrkingu júansins með auknum kaupmætti. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skiptar skoðanir eru hins vegar á því hve mikið muni hægja á vexti. Sumir hræðast að afleiðingar gætu orðið viðvarandi hægur vöxtur. Í því sambandi er bent á það hvernig japanska jenið styrktist á áttunda og níunda áratugnum en í kjölfarið hægðist verulega á hagvexti þar í landi og hófst þá hinn svokallaði týndi áratugur. Aðrir segja hins vegar ástæðulaust að óttast slíkt. Á árunum 2005 til 2008 styrkist júanið töluvert en það hafði lítil sýnileg áhrif á útflutning og hagvöxt. Tveir hagfræðingar, Barry Eichengreen og Andrew K. Rose, hafa rannsakað hvað líklegt væri að gerðist færi júanið í styrkingarfasa með því að skoða lönd sem hafa verið í svipuðum aðstæðum. Niðurstaða þeirra er sú að það muni hægjast á hagvexti um eitt prósentustig á ári næstu fimm árin en að aðrar mikilvægar hagstærðir munu sennilega breytast lítið.

Búist er við því að gengisstyrkingin verði hægt ferli, um 2 til 3 prósent á ári. Það kann að hljóma lítið en sú þróun getur á nokkrum árum breytt jafnvægi heimsviðskipta til mikilla muna.




Hvaða lausnir henta þinni starfsemi?

Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum VALITOR um hvaða lausnir henta þér best.

Við kappkostum að veita viðskiptavinum okkar framúrskarandi og skjóta þjónustu.

**Hafðu samband í síma 525 2080 og kynntu þér málið**

*VISA og Mastercard færsluhirðing!*

VISA VISA ELECTRON MasterCard Maestro

VALITOR –Traustur íslenskur þjónustuaðili

POSABJÓNUSTA 1990 2010

FYRIRTÆKJALAUSNIR VALITOR • Laugavegi 77 • 101 Reykjavík • fyrirt@valitor.is • www.valitor.is

Way of Life!

SUZUKI

# SUZUKI

## Skynsemi, sparneytni - ánægja!



**Kizashi er algjörlega nýr fjórhjóladrfifinn fólksbíll í millistærðarflokki frá Suzuki.**
**Sportlegur, aflmikill, vandaður og með frábæra akstursegiginleika. Bíll sem keppir við þá bestu!**
2,4L vél. Verð 6.540 þús.
Meðaleyðsla 8,3L/100km




**Söluhæsti jeppinn á Íslandi árið 2009**
**SUZUKI GRAND VITARA**
Verð frá kr. 4.520 þús. , bensin/beinskiptur
Meðaleyðsla 7,0L/100km, diesel,
8,8L/100 km, bensin



**Söluhæsti fólksbílinn á Íslandi árið 2009**
**SUZUKI SWIFT**
**Beinskiptur, sjálfskiptur, 4x4**
1,3L eða 1,5L vélar. Verð frá 2.690 þús.
Meðaleyðsla frá 6,2L/100km



**Nýr SX4 Sportjepplingur. Ný sparneytin vél, ný innrétting, aukinn búnaður og síðast en ekki síst hagstætt verð.**
Með 1,6L vél. Verð kr. 3.740 þús.
Meðaleyðsla 7,6L/100 km, sjálfskiptur




**Upplifðu einstaka akstursegiginleika Jimny.**
**Handskiptur, sjálfskiptur**
Verð frá kr. 2.990 þús.
Meðaleyðsla frá 7,3L/100km, beinskiptur.




**Sparaðu með visthæfum Suzuki Splash**
Verð kr. 2.490 þús.
Meðaleyðsla 5,0L/100km, beinskiptur.




**Alto. Sparneytinn borgarbíl sem fær frítt í stæði í miðbænum!**
Hagstætt verð, ódýr í rekstri. Verð kr. 2.190 þús.
beinskiptur. Meðaleyðsla 4,4L/100km.

## Komdu og reynsluaktu Suzuki - upplifunin verður ánægjuleg.

**SUZUKI – FYRIR SKYNSAMT FÓLK**

**TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR**

SUZUKI

**SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS**

Hugtök Markaðsráðgjöf, Maí 2010




**BLESS ÓSTÖÐUGA UMHVERFI** Rekstrarumhverfi íslenskra stórfyrirtækja í alþjóðlegum rekstri er ótryggt sökum illa ígrundaðra skattabreytinga. Líklegt að hluti fjárfesta sem hafa fært lögheimili sitt í annað land séu að flýja stóreignaskatta. Stjórnendur stærstu fyrirtækja landsins hafa fengið skattasérfræðinga sína til að fara yfir kosti og galla skattkerfisins. MARKAÐURINN/RÓSA

# Ríkið sníður *stórfyrirtækjum* þröngan stakk

Rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja í alþjóðlegum rekstri hefur um árabil verið erfitt. Stjórnendur stærstu fyrirtækja landsins segja auknar skattaálögur og tíðar breytingar sníða þeim þröngan stakk. Úr því verði að bæta. Þeir binda margir vonir við inngöngu í Evrópusambandið. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson* ræddi við nokkra af forkólfum viðskiptalífsins.

Hættumerki eru fram undan í íslensku efnahagslífi sem mikilvægt er að takast á við. Fyrirtæki eru að flytja starfsemina til útlanda. Fjárfestar telja að þar séu tækifærin fleiri og svigrúmið meira. Aðstæður hér geta dregið úr áhuga fjárfesta á að byggja fyrirtæki sín upp hér og fjárfesta frekar ytra. „Það er hættulegt fyrir atvinnulíf á Íslandi ef fjárfestingin og hugvitið fer að mestu til útlanda. Við megum ekki loka augunum fyrir þeirri ógn sem íslensku atvinnulífi stafar af þessum landflótta.“

Þannig skrifar Þorkell Sigurlaugsson, framkvæmdastjóri fjármála- og þróunarsviðs Háskólans í Reykjavík. Varnaðarorð Þorkels láta kunnuglega í eyrum.

En sú er ekki raunin. Greinin er fimm ára gömul og skrifar Þorkell hana í því skyni að vara við að útrásin, sem þá var að fara á flug, breyttist í fyrirtækjaflótta.

**STJÓRNENDUR FARA ÚR LANDI**

Nú fimm árum síðar virðist svipuð staða komin upp. Fyrir hálfum mánuði tilkynnti samheitalyfjafyrirtækið Actavis um forstjóraskipti en þá stóð Sigurður Óli Ólafsson upp úr stólnum fyrir Claudio Albrecht. Hans fyrsta verk var að greina frá því að leit stæði yfir að hentugri staðsetningu fyrir æðstu stjórnendur fyrirtækisins á miðlægum stað á meginlandi Evrópu. Þótt Albrecht hafi þvertekið fyrir að Actavis væri að færa höfuðstöðvar sínar úr landi óttast þeir sem til þekkja að þetta kunni að vera fyrstu skrefin í þá átt. Í kjölfarið muni fyrirtækið auka uppbyggingu sína utan landsteina og skatttekjur færast úr landi.

Albrecht er fjarri því eini erlendi forstjórinn sem sest hefur í forstjórastól íslensks fyrirtækis í alþjóðlegum rekstri upp á síðkastið. Skemmst er að minnast þess að Theo Hoen tók óvænt við af Herði Arnarsyni hjá Marel í fyrravor auk þess sem Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, flutti til Bandaríkjanna um áramótin.

Þeir sem rætt hefur verið við í tengslum við málið segja ekki útilokað að einhver fyrirtæki innan sprotageirans séu í sömu sporum. Því til staðfestingar hefur verið bent á að nokkur sprotafyrirtæki eigi erfitt með að laða til sín erlenda fjárfesta. Þeim hugnist einfaldlega ekki óstöðugt umhverfi hér nú um stundir.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá fyrir nokkru hefur tónlistarnetveitan Gogoyoko rekið sig á slíkan vegg. Fyrirtækið hefur um nokkurt skeið reynt að ljúka hlutafjáraukningu sinni og gæti þurft að flytja utan til að setja punktinn aftan við hana.

**SKATTUR Í SEPTEMBER**

Ríkisstjórnin boðaði fyrir nokkru stórauknar álögur á einstaklinga og fyrirtæki. Þar á meðal er 1,25 prósenta auðlegðarskattur, sem miðar við eignastöðu einstaklinga um síðustu áramót. Skatturinn leggst á eignir einstaklinga yfir níutíu milljónir króna og hjóna yfir 120 milljónum króna.

Viðmælendur Fréttablaðsins segja þetta skýra að hluta flutning lögheimilis stóreignafólks úr landi. Ljóst sé að hluti fólksins hafi ekki séð annan kost í stöðunni en þann sem það gæti neyðst til að selja eignir til að standa straum af gjaldtökunni. Nær hefði verið að setja á hátekjuskatt enda tæki það mið af tekjuflæði fremur en eignum, sem erfitt er að koma í verð.

**FÆRA EKKI ARÐINN HEIM**

Hollenskir skattasérfræðingar Actavis, Marels og Össurar voru staddir hér á landi á dögunum en þeir hafa í sameiningu farið yfir kosti og galla þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á skattkerfinu og þær sem eru í farvatninu. Þeir hafa fundað bæði með Viðskiptaráði Íslands og Samtökum atvinnulífsins.

Þeir gagnrýna helst tvenns konar skattaálögur sem þeir telja víst að komi íslenskum fyrirtækjum illa. Annar þeirra er afdráttarskattur á vaxtagreiðslur til erlendra aðila. Skatturinn leggst á vaxtatekjur erlendra aðila og ber íslenskum fyrirtækjum að halda eftir fimmtán prósentum af vaxtagreiðslunni. Þar á meðal eru vaxtagreiðslur erlendra lána.

Eftir því sem næst verður komist hafa erlendir fjárfestar og lánveitendur brugðist við þessu með ákvæði í lánasamningum sem felur í sér að lántakandi greiðir skattinn.

Þá gagnrýna sérfræðingarnir skatt á arðgreiðslur frá erlendum dótturfélögum til móðurfélaganna hér á landi. Þessar greiðslur voru fram til síðustu áramóta skattfrjálsar. Nú njóta þær eingöngu skattfrelsis á móti uppsöfnuðu tapi. Þetta telja þeir geta leitt til þess að þau fyrirtæki sem eiga uppsafnað tap flytji ekki arðinn heim þar sem það vinnur gegn þeim skattafrádrætti sem fyrirtækið hefur á móti öðrum tekjum.

Það sem af er ári munu engar arðgreiðslur hafa borist hingað til lands frá erlendum dótturfélögum af þessum sökum.

**STYÐJA SKAL VIÐ HAGVÖXT**

Þeir sem rætt hefur verið við innan fyrirtækjanna sem nefnd hafa verið hér segja óstöðugleika í rekstrarumhverfi fyrirtækja setja þeim þröngar skorður. Nauðsynlegt sé að grípa til aðgerða sem styrki samkeppnisstöðu landsins.

## Setur að manni óhug ef fyrirtæki flýja land

„Ég tel hættuna á fyrirtækjaflótta því miður raunverulega,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar og fyrrverandi forstjóri Þjóðhagsstofnunar. Hann bendir á að fyrir hrun hafi umhverfi fyrirtækja hér um margt verið hagfellt og fyrir vikið eftirsóknarvert að starfrækja fyrirtæki í alþjóðlegum rekstri.

Þórður nefnir að skattalegur aðbúnaður hafi hér verið aðlaðandi í samanburði við flest önnur lönd og hagkerfið almennt talið vel skipulagt og traust. Nú séu aðrir tímar.

„Það er erfiðara að finna sannfærandi rök fyrir því að staðsetja áfram fyrirtæki á Íslandi sem eðli máls vegna gætu verið hvar sem er í heiminum. Össur og Marel eru góð dæmi en einnig mætti nefna óskráð fyrirtæki, svo sem Actavis og CCP. Það setur að manni óhug að hugsa til þess ef eitt eða fleiri af slíkum fyrirtækjum hyrfu af landi brott,“ segir hann.

Þórður bendir á að þótt hrunið hafi vissulega dregið úr því hversu eftirsóknarvert það sé að eiga og reka hér fyrirtæki hafi gríðarleg lækkun krónunnar áhrif. Veik staða hennar nú geti styrkt samkeppnisstöðu landsins til skamms tíma.

Þróunin er varhugaverð, að mati Þórðar: „Þetta viljum við auðvitað ekki að verði varanlegt ástand. Lágt gengi þýðir léleg lífskjör. En gengi krónunnar verður líklega lágt um nokkurn tíma og á meðan njóta útflutningsfyrirtækin óvenjulega hagstæðrar samkeppnisstöðu gagnvart öðrum löndum,“ segir hann og leggur áherslu á að þjóðin nái sér sem fyrst á strik eftir hrunið.

„Við þurfum að geta sannfært okkur sjálf og umhverfið um að við séum á réttri leið. Og rétta leiðin er stysta leiðin að öflugum markaðsbúskap með áþekku sniði og var hér fyrir hrun, að sjálfsögðu án gallanna sem leiddu til þess. Þegar við höfum valið skynsamlega leið inn í framtíðina þá þurfum við ekki að hafa áhyggjur af fyrirtækjaflótta,“ segir Þórður.



**ÓTTAST FLÓTTA** Þórður Friðjónsson, hér á hægri hönd Halldórs Friðriks Þorsteinssonar hjá HF Verðbréfum, segir lágt gengi krónunnar til langframa viðsjárverða þróun. MARKAÐURINN/STEFÁN



**ÞÓRSMÖRK** er alltaf skemmtilegur áfangastaður. Trex – Hópferðamiðstöðin verður með daglegar ferðir í Þórsmörk frá 1. júlí og fram til 15. ágúst. Farið er með rútu frá húsi Ferðafélags Íslands að Mörkinni 6 klukkan 8 alla morgna.




FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447









Sigursteinn segir einhverjar skemmtilegustu gönguleiðir sem völ er á vera í Hoffellsfjöllum í Hornafirði. Þangað ætlar hann pottþétt í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Tjaldar á góðum stöðum og gerir svo út þaðan

**Reynslan hefur kennt Sigursteini Brynjólfssyni, verkefnastjóra hugbúnaðardeildar Samskipa, að koma miklum farangri fyrir í litlu skotti þegar hann fer í útilegur. Svo tjaldar hann til fleiri nátta en einnar.**

„Ég hef mjög gaman af ferðalögum bæði innanlands og utan en ekkert land er betra en Ísland þegar ferðast er um með tjald. Það er svo margt að skoða,“ segir Sigursteinn sem á margar góðar minningar úr fjölskylduútilegum. Hann kveðst vera með stórt hústjald þannig að ekki sé um neinn skuldahala að ræða aftan úr bílnum. Síðustu ár hafi verið farin sú leið að koma upp bækistöðvum og fara í skoðunarferðir þaðan.

„Við erum ekkert rosalegt göngufólk heldur keyrum mest um og finnum okkur góða staði til að tjalda á, þar sem við getum leikið með krökkunum í fótbolta og ýmsum íþróttum. Veiðistöngin er alltaf með og ef pláss er þá fylgja golfsett okkar feðganna líka. Ég fer að verða Íslandsmeistari í að koma miklum farangri fyrir í litlu skotti!“

Þótt Sigursteinn búi á höfuðborgarsvæðinu telur hann öll ferðalög fjölskyldunnar hefjast í Hornafirði, nánar tiltekið á „hótel mömmu“! „Oft förum við þaðan fyrst í Atlavíkina og dveljum þar í nokkra daga. Maður á seint eftir að komast yfir allt sem hægt er að skoða á Austurlandi,“ segir hann og heldur svo áfram í huganum norður í land. „Síðan er Ásbyrgi eitt allra skemmtilegasta svæði sem ég kem á og þar er fínt tjaldstæði. Siglufjörður er góður þriðji áningarstaður, fallegur bær og umhverfið tignarlegt. Svo er alltaf flott á Flúðum. Eitt sumarið tjölduðum við meira að segja í Laugardalnum en þá bjuggum við reyndar á Hornafirði.“

Oftast kveðst Sigursteinn hafa verið heppinn með veður í sínum ferðum, auðvitað fengið rigningu en aldrei aftakaveður. En vill hann benda ferðafólki á áhugaverða staði sem eru ekki alveg augljósir frá þjóðvegi 1?

„Ef menn vilja labba þá eru einhverjar skemmtilegustu gönguleiðir sem völ er á í Hoffellsfjöllum í Hornafirði. Litbrigðin þar eru stórkostleg og margar steintegundir að skoða. Líka uppi á Lónsöræfum en sú perla er auðvitað ekkert leyndarmál, því margir hafa farið þar um. Þetta eru virkilega skemmtileg svæði til að njóta náttúrunnar á. Kverkfjöllin eru líka lyginni líkust. Þar er magnað að sjá hverasvæðið og jökulinn mætast. Já, Vatnajökull – hann er flottastur!“

*gun@frettabladid.is*










**TJALDA.IS** er vefsíða þar sem finna má upplýsingar um flest tjaldsvæði á Íslandi eins og opnunartíma, aðstöðu og verð, auk þess sem fjöldi mynda er á síðunni. Hægt er að leita eftir landshlutum.



Hestapestin hefur haft lítil áhrif á starfsemi Hestaleigunnar í Laxnesi í Mosfellsdal FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Á uppleið eftir hestapest

**Ferðaþjónustuaðilar sem bjóða hestaferðir hafa brugðist á ýmsan hátt við hestapestinni. Sumir hafa dregið úr ferðum á meðan aðrir hafa brugðið á það ráð að fjölga hrossum í langferðum til að hvíla veika hesta.**

„Mér heyrist að mjög margir hafi dregið úr sínum hestaferðum og tekið þá ákvörðun snemma í vor,“ segir Sigríður Björnsdóttir, dýralæknir hrossasjúkdóma. Sigríður hefur farið og tekið stikkprufur á hestum í hestaferðum og segist bara hafa rekist á heilbrigða hópa. Hún segir ferðaþjónustuaðila huga vel að því að velja hrausta hesta í ferðirnar.

„Við höfum nánast keyrt starfsemina hérna í Hestamiðstöðinni í Hafnarfirði á fimmtíu til sextíu prósent getu,“ segir Einar Bollason, framkvæmdastjóri Íshesta, sem eiga og reka Hestamiðstöðina. Þaðan er farið í stutta útreiðartúra um svæðið í kring. „Þetta er samt sem betur fer allt á mikilli uppleið núna.“

Einar segist minna hafa fundið fyrir pestinni í langferðahestunum sem gengið hafa lausir í vetur heldur en þeim sem verið hafa á húsi. Íshestar gripu til þess ráðs að fjölga hestum í langferðum sínum í sumar svo hægt væri að hvíla þá sem veiktust. „Þar sem við höfum áður fyrr verið með áttatíu hesta í tuttugu farþega hópum þá erum við með upp undir hundrað hesta núna,“ upplýsir Einar. Íshestar hafa ekki fellt niður neinar langferðir í sumar en eftirspurn minnkaði þó mikið eftir að hestapestin kom upp. „Og sérstaklega eftir að landsmótinu var aflýst. Fólk er búið að frétta af hestapest hér sem er svo alvarleg að það varð að aflýsa landsmóti.“



Einar Bollason, framkvæmdastjóri Íshesta, er bjartsýnn á framtíðina. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Hjá Hestaleigunni Laxnesi í Mosfellsdal hefur pestin haft lítil áhrif. „Það hefur gengið bara vel í sumar,“ segir Þórarinn Jónasson, eigandi Hestaleigunnar í Laxnesi. „Ég er með um hundrað hesta og ef ég sé einhvern lasleika þá skipti ég bara og hvíli. Einhverjir hóstuðu auðvitað og sumir voru með smá rennsli úr nefi.“

Þórarinn segist hafa fengið margar fyrirspurnir um pestina. „Þeir ferðamenn sem eru eitthvað í hestum velta þessu fyrir sér. Venjulegir ferðamenn eru þó ekki mikið að spá í þetta, en þetta hefur haft alvarleg áhrif á ferðaþjónustuaðila. Þetta er ekkert grín.“ *martaf@frettabladid.is*


Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús
Neysluvatnshitarar
Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar.
Við erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun.
Rafhitun
Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði
Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

Rafstilling ehf
Startarar
Alternatorar
Viðgerðarþjónusta
Varahlutir
Flottar og ódýrar bílaperur
Heimilis LED perur
white og warm white
Dugguvogi 23 rafstilling@rafstilling.is 581-4991

LAGERSALA
Mikið úrval af skóm á alla fjölskylduna
Frábær verð
no5 st. 40-48 verð kr. 7495.-
no11 st. 41-47 verð kr. 7995.-
no12 st. 41-46 verð kr. 7995.-
no21 st. 36-46 verð kr. 4995.-
Opið virka daga 12-18
laugardag 12-16
www.xena.is
xena
Grensásvegi 8 - 108 Reykjavík - 517-2040

Geymslu- og dekkjahillur
kr.15.990.-
viðbótareining kr. 10.527.-
í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið
Þessar hillur geta allir sett saman
Skrúfufrítt og smellt saman
Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609
KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS

ER VAGNINN RAFMAGNSLAUS?
Setjum sólarsellur á vagna
Tilboð á rafgeymum
Tilboð á hleðslutækjum
• Mælum rafgeyminn
• Mælum virkni á sólarsellu
• Mælum útleiðslu
• Veitum ráðgjöf
Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla
TUDOR
SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is



**SUMARNÁMSKEIÐ** Sönglistar eru ætluð börnum á aldrinum 8-13 ára. Hvert námskeið stendur yfir í fimm daga frá 10.00 til 16.00 og er leiksýning fyrir aðstandendur og vini á lokadegi hvers námskeiðs. Næstu námskeið hefjast 12. og 19. júlí.

# Ofurhetjur æfa karate hjá Þórshamri

**Karatefélagið Þórshamar heldur utan um leikjanámskeið fyrir krakka á aldrinum 6 til 12 ára í fyrsta sinn í sumar. Þau eru byggð upp líkt og hefðbundin leikjanámskeið að viðbættum karateæfingum.**

„Þetta er í fyrsta skipti sem boðið er upp á leikjanámskeið yfir sumartímann hér hjá Þórshamri en við höfum gengið með hugmyndina í maganum í nokkur ár," útskýrir Hekla Helgadóttir, yfirþjálfari barna og unglinga en hún setti leikjanámskeiðið saman ásamt öðrum þjálfara hjá Þórshamri, Dilju Guðmundsdóttur.



Hekla Helgadóttir.

Þær fengu síðan til liðs við sig þriðja þjálfarann, Malte Bjarka Mohrmann, og hófust námskeiðin strax og skólum lauk í júní. Námskeiðin eru tvær vikur í senn og verða alls fimm námskeið í sumar þar til skólarnir hefjast aftur í haust. Hekla segir þau byggð upp eins og önnur leikja-námskeið, að viðbættum karate-æfingum.

„Við förum í húsdýragarðinn og í Nauthólsvíkina, skipuleggjum ratleiki og lesum framhaldssögu í hádeginu. Svo eru karateæfingar einu sinni til tvisvar á dag. Krökkunum er þá skipt upp í hópa eftir getu og þroska en það er ekkert skilyrði að hafa æft karate áður. Í lok hvers námskeiðs geta þau svo tekið hálft belti."

Hekla segir námskeiðin hafa gengið vel. Þegar Fréttablaðið kom í heimsókn stóð yfir ofurhetjudagur og bæði krakkar og þjálfarar í ofurhetjubúningum.

„Þetta hefur gengið frábærlega og við skemmtum okkur ekkert síður en krakkarnir," segir Hekla sem sjálf er í gervi Batmans.

„Það er allt undirlagt í þessu þema hjá okkur í dag, síðdegishressingin heitir ofurhetjusnarl, við erum með andlitsmálningu og karateæfingarnar heita ofurhetjuæfingar þar sem við æfum til dæmis ofurhetjuspörk eða flugspörk.

Hér eru alls konar ofurhetjur eins og Zorró, Ninja Turtles, dauður Indiana Jones og fleiri. Ef veðrið býður ekki upp á útiveru horfum við kannski á eina ofurhetjumynd á eftir." Spurð hvort framhald verði á leikjanámskeiðum hjá Karatefélaginu Þórshamri næsta sumar segir Hekla það á stefnuskránni.

„Við bjuggumst ekki við svona mikilli aðsókn. Viðtökurnar hafa verið framar vonum svo við stefnum að sjálfsögðu á að halda þessu áfram."

Nánar má kynna sér leikjanámskeiðin á vefsíðunni, www.thorshamar.is

*heida@frettabladid.is*



Batman lét sig ekki vanta á ofurhetjudaginn í Þórshamri. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR





**MATURINN.IS** er vefur sem er helgaður mat og öllu sem tengist mat. Á síðunni má finna alls konar uppskriftir, fróðleik og tengla á aðrar vefsíður helgaðar mat og matargerð.





HVAÐ ER Í MATINN?
Á VÍSIR.IS

vísir.is kynnir skemmtilegan sérvef um matargerð og hagkvæm matarinnkaup.

Með því að nota einfalt og skemmtilegt kerfi útbúum við handa þér matseðil eftir þínu höfði.

Kynntu þér ótrúlegan fjölda gómsætra uppskrifta á Hvað er í matinn? á vísir.is







Ingibjörg Guðrún Guðjónsdóttir kann að útbúa veisluborð úr sælkerabúri náttúrunnar í íslenskri sveit að sumri. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Náttúran sér um matinn

**Það er töfrandi að stunda tjaldbúskap þegar náttúran blómstrar af frjósemi og fegurð, og þá tilvalið að kokka bara úr hráefni úr nálægu matarbúri náttúrunnar og gefa bragðlaukunum alveg nýja upplifun.**

Íslenskir ferðalangar nýta gnægtaborð náttúrunnar ótrúlega lítið í útilegumat sinn, en allt er það unaðslega bragðgott og bráðhollt. Því ákvað ég að gefa lesendum uppskrift að rammíslenskum útilegumat þar sem finna má hráefnið í nærumhverfinu,“ segir Ingibjörg Guðrún Guðjónsdóttir, fjallaleiðsögumaður hjá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum. Ingibjörg er matgæðingur af Guðs náð og gaf árið 2004 út matreiðslubókina Með veislu í farangrinum – matreiðslukver ferðamannsins, í samstarfi við Ragnheiði Ágústsdóttur.

„Kveikjan að bókinni var leiðsögustarf mitt með frönskum ferðalöngum á íslensk fjöll síðastliðin tuttugu ár. Frakkar hafa öldum saman nýtt náttúru sína til matargerðar og tína upp úr jörðinni allt sem nota má í matseld að lokinni fjallgöngu á ferðum sínum hér. Þannig lærði ég af þeim og úr varð heilmikið uppskrifta- og hugmyndasafn í bók okkar Ragnheiðar,“ segir Ingibjörg, sem hvetur ferðafólk til að vera óhrætt við að gera tilraunir með íslenskar jurtir en kynna sér vel sveppahandbækur áður en sveppir eru tíndir á haustin.

Meðfram fjallaleiðsögn fer Ingibjörg tíðum í útilegur með eiginmanni og börnum, en fyrsta útilega sumarsins er árvisst í Skaftafell um hvítasunnuhelgina.

„Hápunktur útilegulífsins er að fara til leitar að girnilegu hráefni í nágrenninu og undirbúa matinn, og krökkunum finnst það líka svo gaman. Í útilegum hef ég alltaf góðan mat því okkur finnst svo gott að borða og ekkert mál að fara í útilegur. Við ákveðum matseðilinn fyrirfram og erum því með allt hráefni sem við þurfum að grípa til, hvort sem ætlunin er að útbúa sushi, veislumat eða sjóða núðlur í heitu vatni,“ segir Ingibjörg og grínast með að hún gangi á fjöll til að geta borðað meira.

„Ætli fjallaþráin liggi ekki í genunum? Ég er ættuð vestan úr Reykjarfirði á Ströndum þar sem formæður mínar og forfeður hlupu upp og yfir Drangajökul eftir mjaltir til að komast á ball á Flæðareyri og svo til baka um morguninn til að komast heim til að mjólka. Það ferðalag er nú talin stíf dagleið að fara og tveggja daga ferð fyrir mig, en þetta hlupu þau á gúmmítúttum til að geta dansað.“

*thordis@frettabladid.is*

## ÍSLENSK OG UNAÐSFERSK BLEIKJA

með myrju úr íslensku byggi, njólum og hvönn **fyrir 4**

Bleikja, nýveidd eða keypt hjá bónda.

*Flakið sjálf eða kaupið flök. Bræðið smjör á pönnu og kryddið með salti og pipar. Steikið fyrst roðmegin og snúið svo flökunum við.*

**Njóla-, hvannar- og rabarbaramyrja**

*Skolið njólablöð og skerið í strimla. Fínsaxið hvannarstilka. Sjóðið saman í saltvatni í 10 mínútur. Bætið þá út í smátt skornum rabarbara og sjóðið í 2 mínútur í viðbót. Hellið soðvatninu að mestu af og hrærið saman í stöppu. Blandið saman einni dós af sýrðum rjóma og hálfri dós af tilbúinni, kaldri hvítlaukssósu. Hrærið saman við grænmetið svo úr verði mjúk myrja.*

*ATH! Njólablöð eru gómsæt nú og fram í miðjan júlí, en hvönnin út júlímánuð.*



*Berið fram með íslensku bankabyggi sem soðið er í saltvatni í 40 mínútur; 1 bolli á móti 2½ bolla af vatni.*

*Setjið saman við skorna tómata, gúrku, papriku, blaðlauk eða annað grænmeti að smekk.*


Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...




Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litíð Mál ehf. S. 896 5758.

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

20 feta gámur í 108 R. fæst gefins S. 892 0844

## Húsaviðhald




**www.smidaland.is**
Nýsmíði - viðhald - gluggar -sólpallar - öll smíði. S. 772 0040.

ÍSLANDS MÁLUN
ÞARF AÐ FARA HUGA AÐ VIÐHALDI Á HÚSINU?
ER KOMINN TÍMI Á AÐ MÁLA?
TÖKUM AÐ OKKUR :
Múrviðgerðir, flotun, múrhúðun, flísalagnir, úti, inni og þakmálun, spörtlun og fleira
Komum og gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu!
Elías Raben
Múrarameistari
S. 770 3686
eliasraben@gmail.com



**Tökum að okkur parket-slípun**
um allt land. 15 ára reynsla í parketlögnum, parketslípun,sólpallasmíði og sólpallaslípun. Alltaf besta verðið. Sjáið myndir á www.parketplankar.is Uppl í s. 772 8100

Lóðavinna, vörubíll m/krana/krabba, gröfur & fl. Gröfuleiga Hlöðvers S.892 8511

Granat-Múr ehf.Húsaviðgrðir. Múrviðgerðir.Steining.Flísalagnir Gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu. Uppl 866 6291.

**N & V Verktakar ehf**
Flísar - parket - mála - múrarar - smiðir setjum upp eldhúsinnréttingar og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 661 3149.

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Önnur þjónusta

**Sjóstöng, Sjóstöng.**
Bjóðum uppá sjóstangveiði frá Reykjavíkurhöfn. Sérferðir ehf S:892-0099.

## Stífluþjónusta

Stíflulosun
Röramyndun
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
Skolphreinsun
Ásgeirs sf.
S.892 7260 & 567 0530

## Tölvur

ÓDÝRAR
TÖLVUVIÐGERÐIR
start
TÖLVUVERSLUN
Sími 544-2350 - Bæjarlind 1, Kópavogi
www.start.is

tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu
aðeins 2.000 kr. án VSK
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588-9590
Vesturvör 32a, Kópavogi

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

Whole body massage. S. 849 5247

**Eðalnudd**
Unaður, slökun og vellíðan. Veldu það besta. S. 659 6019

NUDD.NUDD.NUDD. Exclusive whole ody massage.S.692 2126.

Whole body massage. Frábært nudd, fullkomin þjónusta. Uppl. í s: 857 5015.

Fantastic whole body massage S. 692 4599, Maria.

## Spádómar

Kærleiks-ljósið
Spámiðill, Tarot lestur
og kristalkúla
VISA 566 7311 EURO




Láttu spá fyrir þér beint á netinu. www.spamidill.is

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Dulspekisíminn 908-6414**
Símaspá og draumaráðningar. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

# KEYPT & SELT

## Til sölu




**STUBBASTANDUR - STUBBAHÓLKAR**
Bæði frístandandi og á vegg. STANDUR ehf. 842-2535.






Ferðabox með grindarfestingum til sölu. V. 50þ. Uppl í s. 897 8300




**Bílskúrssala**
Bílskúrssala verður haldin í Viðjugerði 11 miðvikudaginn 7. júlí milli 15 og 21. Til sölu verður meðal annars borðsög, borvél, ónotuð útiljós, borðbúnaður, innanstokksmunir, garðyrkjudót, fatnaður og fl. Nánari uppl. í 863 2175.

Til sölu borðstofuborð og 6 stólar, skenkur og veggsamstæða kirsuberjalitur. Uppl. sími 8989427

## Gefins

20 feta gámur í 108 R. S. 892 0844

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
***Jón og Óskar - jonogoskar.is***
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Upplýsingar á demantar.is**
**í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Til bygginga

Fjölbreytt úrval! Krossviður-Gipsplötur- Einangrun-Þakpappi-MDF-Pallettutimbur. www.ulfurinn.is - s: 555 7905.



**Harðviður til húsabygg-inga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Vélar og verkfæri




## Verslun

Stærri limur
betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt.
Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 30 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskyrsla.is. Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir. Sumartilboð á óléttubekkjum. Uppl í 8916447.

**NUDD**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

**Kikkelane er týndur**
Hvítur og ljósgulbrúnn (beigelitaður) fressköttur með bröndótt skott hvarf þriðjudagskvöldið 29. júní frá Flókagötu 69, 105 R. Íbúar í Hlíðum, Holtum og Norðurmýri eru beðnir að leita hans í geymslum og bílskúrum. Kikkelane er 8 ára gamall, geltur, örmerktur, með hálsól (sem hann gæti hafa týnt) og og auk þess eyrnamerktur með númerinu R 3084. Viti einhver hvar hann er eða um afdrif hans er viðkomandi vinsamlega beðinn um að láta vita í s. 8622856 eða í Kattholt (Kattholt.is).

Tveir fallegir svartir og hvítir kettlingar fást gefins. Uppl. í s. 899 0989

## Ýmislegt

Sólpallar og skjólveggir Húsasmíðameistari tekur að sér að smíða sólpalla og skjólveggi,stóra og smáa. Geri föst tilboð. S.690-8348, baraari@gmail.com

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Spánn stutt og langtímaleiga: Barcelona, Costa Brava, Menorca, Mahon. www.starplus.is og www.starplus.info Uppl. í s. 899 5863.

## Byssur

Óska eftir riffli með kíki cal 270 eða þar í kring. Vinsaml. hafið samband í s. 898 9490 eða í gegnum haukur@seltjarnarnes.is

## Fyrir veiðimenn

**Silunganet - Silunganet**
Flot- og sökknet. Mikið úrval. Heimavík. Sími 892 8655. heimavik.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leiguliðar ehf
Fossaleyni 16
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000.
Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður.
Gæludýr leyfð.
Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535. Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www. leiguherbergi.is**

**www.leiguskodun.is**

94fm blokkaríbúð í Salahverfi í Kóp leiga 125þús á mán, innif hiti, rafm og hússjóður uppl í s: 8402714

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Uppábúin rúm. S. 892 5309.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**Íbúðir til leigu**
Nýjar 2, 3, og 4ra herb. íbúðir til leigu í hfj. í fallegu fjölbýlishúsi. uppl. í síma 698 2127 og 820 1002.

Til leigu herb. á sv. 105 fyrir rólegan og reglusaman,einstakling með sameig. eldh. & baðh. Uppl. e. kl 12 í s. 777 5571.

Nýleg 112fm íbúð í nálægð Korputorgs. 2 herb., íssk., ljós, gluggatj. og uppþv. vél fylgja. Sér inng. Stutt í alla þjónustu. 1 1/2 stæði í kjallara. S. 867 9966.

Nýuppgerð 119fm íbúð í Fífuhvammi, Kóp. Uppþv.vél og ísskápur fylgja. í 2-býli + bílskúr. S. 867 9966.

4 herb. íbúð á mið hæð í 3býli í 108 Rvk. V. 115þ. á mán. Langtímaleiga. Trygging er skilyrði sem samsvarar 2 mán. leigu. S. 660 4545, Sveinn.

## Húsnæði óskast

2 námsmeyjar að norðan óska eftir íbúð í 101/105 frá 1.sept. uppl 860 0024 eða 848 2016.

**Stúdíóíbúð óskast**
55.ára reyklaus og rólegur maður óskar eftir að taka stúdíóíbúð á Stór-Rvk svæðinu á leigu á góðu verði - langtímaleiga. Skilvísum og góðri umgengi heitið. Uppl í S. 841 9263

Reglusamur háskólanemi óskar eftir í vetur einstaklingsíbúð/herbergi í 101, 105, 107, 108, með eldunar- og þvottaaðstöðu. 847-5537

30 ára framhaldsskólakennari óskar eftir að leigja litla íbúð í Reykjavík eða á Seltjarnarnesi næsta vetur. Sími 848 0112.

Björt íbúð á róleg st (t.d.Vesturb) ósk frá 1/8 af kona í háskn. Skv.gr.h. s:659 4019.

## Sumarbústaðir



**TIL SÖLU NÝTT TJALD FY**
Stærð 3 x 2.70m. Mjög vandað nýtt sýningartjald sem hentar vel t.d. í útileguna, við sumarbústaðinn eða í garðinn. Verð. 55.000.- Uppl. í s. 892-1474

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

## Bílskúr

26m2 bílskúr á Bollagötu- 105 Rvík. til leigu nú þegar. 25þ/m.S Sér hita og rafmagn og kald vatn. 6614912

## Fasteignir

**Óska eftir aðila sem er fús til að leggja fram fjármagn til að reisa sumarhús (100 fm .heilsárshús) til sölu.**
**Efni sem er innflutt er til staðar.**

**Gott hagnaðartækifæri**

Upplýsingar aðeins hjá ghalldor@simnet.is

## Fasteignir

### Tilboð óskast í einbýlishús að Tungusíðu 24 á Akureyri.



Sala 14608. Um er að ræða einbýlishús á einni hæð stærð 151,2 m² ásamt 50,4 m² tvöföldum bílskúr, samkv. Fasteignaskrá Íslands.

Húsið er byggt úr steinsteypu árið 1978 og bílskúrinn er byggður árið 1981.

Brunabótamat allrar eignarinnar er kr. 37.830.000,- og fasteignamat er kr. 26.480.000,-. Nánari upplýsingar má einnig finna á vef Ríkiskaupa www.rikiskaup.is

Húseignin verður til sýnis í samráði við Ríkiskaup í síma 530 1400.

Tilboðsblöð liggja frammi ásamt reglum um frágang og útfyllingu á tilboðseyðublaðinu hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7, 105 Reykjavík.

Tilboð skulu berast Ríkiskaupum fyrir kl. 10:00 þann 10. ágúst 2010 þar sem þau verða opnuð í viðurvist bjóðenda er þess óska.

RÍKISKAUP

*Útboð skila árangri!*

## Gisting



Nýtt á Akureyri! Mjög vönduð 5 herb. íbúð með heitum potti. Frábær staðsetning.Laus 10.-19. júlí/10.-21. ágúst www.innrikraftur.is eða 8659429

stracta CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**

Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

Halló. Orlofsíbúðir til leigu á Þingeyri við Dýrafjörð. Hótel Sandafell. S. 456 1600.

## Atvinna

**Rauði kross Íslands**
**Reykjavíkurdeild**

### auglýsir eftir verkefnastjóra í Rauðakrosshúsið

**Starfshlutfall er 100 % og felst m.a. í:**
- Umsjón með dagskrá RK hússins
- Umsjón og ábyrgð á húsnæði
- Öflun sjálfboðaliða og umsjón með þeim
- Móttaka sjálfboðaliða og gesta
- Fleira sem tengist starfinu í RK húsinu

Gerðar eru kröfur um háskólapróf sem nýtist í starfinu. Nánari upplýsingar veita Katla Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri á netfanginu katla@redcross.is .

Umsækjandi þarf að geta hafið störf um miðjan ágúst nk.

Umsóknum skal skilað fyrir 12. júlí nk. á skrifstofu Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands, Laugavegi 120, 4. hæð eða með tölvupósti eða á netfangið katla@redcross.is

www.raudakrosshusid.is

## ATVINNA

### Atvinna í boði

SECURITY ÖRYGGISFÉLAGIÐ www.115.is

**Starfsfólk óskast í Ræstingar.**

Öryggisfélagið óskar eftir starfsfólki í ræstingar í verslunum í bæði dag og næturvinnu. Skilyrði; reynsla af ræstingum, góð þjónustulund, hreint sakarvottorð og Íslensku kunnátta nauðsynleg. Lágmarksaldur 20 ár. Öryggisfélagið ehf. Askalind 2 / 201 Kópavogur. Umsóknir aðeins á staðnum. www.115.is

**Hársnyrtifólk**

Stólar til leigu á Wimk Smáratorgi, hagstæð leiga á vinsælum stað. Uppl. í s. 822 4849 e. kl 13.

**Au Pair óskast**

Fyrir norsk-íslenska fjölskyldu í Noregi nálægt Osló - Bæði kyn koma til greina uppl í s: 865 8564 eða 553 7449

Óskum eftir röskum starfsmönnum á hjólbarðaverkstæði og smurstöð hjá Bílkó. Frekari uppl. gefur Guðni í S. 618 0560.

CASTELLO pizzeria er að leita að duglegum, snyrtilegum starfsmanni í hlutastarf og fullt starf. Góð íslenskukunnátta og mikil hæfni í mannlegum samskiptum áskilin. Sæktu um á staðnum eða sendu okkur mail á castello@simnet.is eða i síma 6923051

Starfsfólk vantar í fast starf í söluturn í Hafnarfirði. Uppl í s. 864 4617

**Spjall, myndir og vídeo**

Fjölbreyttir tekjumöguleikar eru nú í boði fyrir kynþokkafullar íslenskar konur á vefsíðunni PurpleRabbit.eu.

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)

**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)

**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)

**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)

**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)


Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar www.help.is



# GÓÐAR FRÉTTIR FYRIR AUSTURLAND

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 11 stöðum á Austurlandi og 90 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing.




**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

## Fjöldi lausasölustaða á Austurlandi

Mónakó, Bakkafirði
N1, Vopnafirði
N1 þjónustustöð, Egilsstöðum
Bónus, Egilsstöðum
Olís, Fellabæ
Grillskálinn Orka, Reyðarfirði
Olís, Reyðarfirði
Shellskáli, Eskifirði
Olís, Neskaupstað
N1, Höfn
Olís, Höfn




Allt sem þú þarft...





# ERTU AÐ FARA Í SUMARFRÍ?

Þú getur afpantað Fréttablaðið á meðan þú ert að heiman. Hafðu samband í grænt númer 800-1177 eða sendu póst á netfangið dreifing@posthusid.is




Allt sem þú þarft...

Póst húsið

Pósthúsið ehf. annast dreifingu Fréttablaðsins, nánari upplýsingar á www.visir.is/dreifing

# Gjaldeyrishöftin verst: CCP óskar eftir stöðugleika

„Við höfum ekki velt því fyrir okkur að fara. En það er voðalega erfitt að taka ákvarðanir og gera áætlanir fram í tímann á þeim forsendum hvað eigi mögulega að gera hér í framtíðinni. Það virðist vera planið að sækja um aðild að Evrópusambandinu og taka upp evruna eftir einhver ár. Mér líst vel á það," segir Hilmar V. Pétursson, forstjóri tölvuleikjaframleiðandans CCP. Hann bætir við að stjórnendur fyrirtækisins bindi vonir við að innganga Íslands inn í ESB muni leiða til þess að umhverfið sem þeir hafi starfað í síðustu ár róist og verði líkara því sem er í öðrum löndum þar sem CCP er með starfsemi. „Þar getum við gengið að flestu vísu," segir Hilmar.

**AÐ MAÐUR SKULI NENNA ÞESSU!**

CCP var stofnað fyrir rúmum áratug og hefur marga fjöruna sopið, meðal annars komist í gegnum netbóluna sem gekk af mörgum fyrirtækjum í upplýsingatækni dauðum. Hilmar segir óstöðugleikann ekki neikvæðan sem slíkan. „Maður verður að fókusera á það sem hægt er að breyta og vona það besta," segir hann.

Hilmar segir gjaldeyrishöftin það erfiðasta sem fyrirtækið hafi staðið frammi fyrir. „Þau eru hræðileg, sérstaklega fyrir fyrirtæki sem stunda alþjóðlega starfsemi frá Íslandi. Það er ótækt. Ég er stundum steinhissa á að við skulum nenna þessu. Við getum þolað þau í einhvern tíma. En höftin hafa flækt alla okkar starfsemi. Það fer mikill kraftur í þau. Við getum lifað með öllu hinu."

**RÁÐA ERLENT STARFSFÓLK**

CCP lýsti því yfir í fyrrahaust að það ætli að ráða til sín rúmlega 150 nýja starfsmenn á næstu tólf til átján mánuðum. Leitað var fólks með menntun á sviði verkfræði, tölvunarfræði, stærðfræði og og skyldra greina auk hönnuða. Stefnt var að því að ráða starfsfólk hér á landi yrði þess kostur.

Tæpt ár er liðið frá því fyrirtækið lýsti þessu yfir. Megnið af nýju starfsfólki var hins vegar ráðið í gegnum skrifstofur CCP í Atlanta í Bandaríkjunum og í Sjanghæ í Kína. Þá hefur starfsfólk verið ráðið í Newcastle í Bretlandi en þar opnaði fyrirtækið nýjustu skrifstofur sínar í lok júní. Mun færri hafa verið ráðnir hér á landi.

**SKORTUR Á TÆKNIMENNTUN**

Hilmar segir erfitt að finna starfskrafta á lausu hér með þá menntun sem CCP leitar eftir. Það skjóti skökku við að atvinnuleysi sé mikið á sama tíma og fyrirtæki í upplýsingatækni eigi í erfiðleikum með að finna starfsfólk. Það virðist benda til að vinnuafl á Íslandi sé ekki með þá menntun sem fyrirtæki hér leiti hvað mest eftir.

„Við höfum flutt inn fólk til að fylla upp í þessar stöður. Það er okkar reynsla að þótt eitthvað hafi róast á vinnumarkaði hér þá á það fólk sem við leitum eftir almennt ekki í vandræðum með að finna sér vinnu, hvorki hér né úti. Það hefur ekkert breyst," segir Hilmar og bætir við að það sé síður en svo neikvætt að fá vel menntað og reynslumikið erlent fólk inn í íslensk fyrirtæki.

**ENGIN SKYNDILAUSN TIL**

Hilmar styður þær hugmyndir sem fram hafa komið og eiga að hvetja ungt fólk á atvinnuleysiskrá til að setjast á skólabekk í tækni- og raungreinum. „Það bráðvantar fólk með verk- og tæknimenntun og úr raungreinum," segir hann og veltir fyrir sér hvers vegna þessi eftirspurn hafi ekki leitt til þess að fólk sækti í einmitt þetta nám. „Það tekur langan tíma að læra það sem við leitum eftir og því engin skyndilausn til," segir Hilmar.




HILMAR V. PÉTURSSON

Þeir og viðmælendur Fréttablaðsins segja að skattaumhverfið verði að vera hagstætt, pólitískur stöðugleiki fyrir hendi og efnahagsaðgerðir stjórnvalda markvissar og fyrirsjáanlegar. Fyrirtækin verði að geta þrifist í eðlilegu umhverfi, opnu hagkerfi, þar sem frjálst flæði fjármagns og heilbrigður og skilvirkur fjármála- og hlutabréfamarkaður eru fyrir hendi. Þetta séu grunnstoðir heilbrigðs atvinnurekstrar. Þeir sem rætt hefur verið við segja aðild landsins að Evrópusambandinu geta leitt af sér það sem þurfi auk þess að við bætist viðunandi vaxtastig, sem aldrei hafi sést hér.

Viðmælendur Fréttablaðsins benda jafnframt á nauðsyn þess að skoða efnahagsstefnuna í breiðu samhengi þar sem engir nauðsynlegir hlutir gangverksins verði skildir út undan. Þar á meðal sé mikilvægt að skattar verði ekki hækkaðir meira en orðið er, hvorki á fyrirtæki eða launþega. Jafnframt ættu stjórnvöld að huga að aðgerðum á þessu sviði til að styðja við fjárfestingu og hagvöxt. Það geti stutt við endurreisn efnahagslífsins.

# Búa þarf í haginn fyrir fyrirtækin

„Við verðum að búa í haginn fyrir fjárfesta og bjóða upp á góðar aðstæður, í það minnsta sambærilegar og í nágrannalöndum. Þannig glæðum við atvinnustarfsemi sem er undirstaða efnahagslífsins," segir Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.

Finnur segir ekki hafa tekist vel við efnahagsstjórn síðustu árin. Efnahagslífið hafi um langt árabil einkennst af sveiflum, sem hafi gert stjórnendum fyrirtækja erfitt um vik.

**ÓVISSA SPILLIR FYRIR**

Í kjölfar efnahagshrunsins hafi ekki tekið betra við: „Stjórnvaldsaðgerðir hafa valdið því að traust á þá sem halda í stjórnartauma hefur rýrnað. Það fælir á brott fyrirtæki sem hafa kost á að fara annað og kemur í veg fyrir að önnur leiti hófanna hér," segir Finnur og bætir við að ýmsar breytingar á skattkerfinu upp á síðkastið og aðrar sem fyrirhugaðar eru séu ekki til þess fallnar að halda í fyrirtæki eða laða önnur hingað til lands.

„Það verður að koma í veg fyrir að forsvarsmenn fyrirtækja sem geta farið annað hugleiði flutning þeirra. Í því sambandi ætti að horfa heildstætt á umhverfi fyrirtækjanna. Í dag eru margar brotalamir í kerfinu – ýmis atriði sem þegar á heildina litið gera rekstrarumhverfið fráhrindandi. Þær bætast við óróleikann í efnahagslífinu og skaða samkeppnishæfni hagkerfisins."

Finnur leggur ríka áherslu á nauðsyn þess að tryggja hagfellt umhverfi til reksturs fyrirtækja í alþjóðlegri starfsemi. Öðru fremur þurfi að draga úr pólitískum óstöðugleika og auka traust á stjórnvöld og vilja þeirra til að styðja við atvinnulífið. Einnig þurfi að gæta að afleiðingum örra og lítt grundaðra breytinga á skattkerfinu. Slíkt umhverfi sé fráhrindandi. „Stjórnendur fyrirtækja huga að því hvort hag þeirra fyrirtækja sé betur borgið hér en annars staðar. Ef það er ekki raunin þá ýtir það undir líkur á að starfsemi fyrirtækja færist út fyrir landsteinana, sem þýðir að verðmætasköpun og störf fylgja og skatttekjur tapast. Í því viðkvæma ástandi sem við búum við núna munar um hvert fyrirtæki," segir Finnur og hefur sérstakar áhyggjur af fyrirtækjum innan hugverkageirans, sem eru hvað hreyfanlegust.



**FINNUR ODDSSON** Varasamt er að láta niðurskurð hins opinbera bitna á háskólakerfinu. Það getur hamlað vexti sprotageirans í framtíðinni, að sögn framkvæmdastjóra Viðskiptaráðs. MARKAÐURINN/VILHELM

**ÓLJÓS FRAMTÍÐ**

Finnur segir mikilvægt að stjórnvöld geri upp við sig hvers kyns atvinnustarfsemi verði hér í framtíðinni. Hann er fylgjandi hugmyndum sem fjallað hefur verið um upp á síðkastið og fela í sér hvatningu fyrir fólk á atvinnuleysisskrá að afla sér tæknimenntunar. Það rími við yfirlýstan stuðning stjórnvalda við uppbyggingu sprotastarfsemi.

„Hugverkaiðnaðurinn byggir á hugmyndum og þekkingu, sem ekki er bundin við landamæri. Í þessum geira í dag eru á milli átta til níu þúsund störf og þörf fyrir eitt til tvö þúsund manns til viðbótar á hverju ári," segir Finnur. „Við þurfum á fleirum að halda til að standa undir vexti þessa geira," bætir Finnur við og víkur að mikilvægi menntakerfisins sem anni ekki þörfinni í dag. „Það þarf vissulega að skera niður í opinberum útgjöldum, en um leið þarf að huga að undirstöðum efnahagslegrar endurreisnar. Þetta er umhugsunarefni því háskólamenntun, sérstaklega á sviði tæknigreina, telst til grunnstoða hugverkaiðnaðarins þar sem sóknarfæri okkar liggja ljóslega," segir Finnur.

Stefnir - *Ríkisvíxlasjóður.*
Góður kostur fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Verðbréfaþjónusta Arion banka er söluaðili sjóða Stefnis.

Kynntu þér sjóðina hjá starfsfólki verðbréfaþjónustu Arion banka í síma 444 7000, í næsta útibú eða á arionbanki.is/sjodir

- 90% ríkisvíxlar og ríkisskuldabréf / 10% innlán
- Víxlar og stutt skuldabréf með ábyrgð íslenska ríkisins. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta allt að 10% í innlánum.
- Litlar sveiflur í ávöxtun og enginn binditími.
- Hentar þeim sem vilja fjárfesta í þrjá mánuði eða lengur.
- Lágmarkskaup 5.000 kr.
- Enginn munur á kaup- og sölugengi.

*Hafðu samband*
sími 444 7000 • arionbanki.is

Arion banki

Stefnir - Ríkisvíxlasjóður er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Stefnir hf. Vakin er sérstök athygli á að almennt fylgir áhætta fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum sjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Fyrri ávöxtun sjóða gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarávöxtun þeirra. Nánari upplýsingar um sjóðinn, þ.á m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum hans, má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á www.arionbanki.is/sjodir.

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 50133 04/10

# Ferðamenn færri en áður

Rúmlega 53 þúsund erlendir ferðamenn fóru frá Íslandi um Leifsstöð í júní en það er um þúsund manns færra en í júní í fyrra. Frá áramótum hafa rúmlega 170 þúsund ferðamenn farið frá landinu en á sama tíma í fyrra voru þeir um 180 þúsund. Fækkunin nemur tæpum fimm prósentum á milli ára.
Ferðamönnum frá Norður-Ameríku hefur fjölgað töluvert á árinu miðað við árið í fyrra en ferðamönnum frá flestum öðrum markaðssvæðum hefur fækkað. - mþl



**LEIFSSTÖÐ** Umferð um Flugstöð Leifs Eiríkssonar hefur aukist mikið á undanförnum árum.

# Vogunarsjóðsstjóri svipti sig lífi

Dieter Frerichs, þýskur framkvæmdastjóri vogunarsjóðsins K1 Group, sem grunaður er um alvarleg fjársvik, svipti sig lífi á laugardag.

Frerichs stjórnaði tveimur fjárfestingarsjóðum undir nafninu K1 á Bresku Jómfrúaeyjum. Hann var miðpunktur alþjóðlegrar glæparannsóknar sem fór af stað þegar grunur vaknaði um að vogunarsjóðurinn væri í raun byggður á píra-mídasvindli. Saksóknarar í þýsku borginni Wuerzberg, sem hafa málið í sinni umsjá, telja að jafngildi 47 milljarða íslenskra króna hafi tapast í svikunum. Meðal fórnarlamba voru bankar á borð við JPMorgan Chase, Barclays og BNP Paribas. Þykir málið ekki ósvipað máli Bandaríkjamannsins Bernards Maddoff sem komst upp í lok árs 2008.

Frerichs var staddur í húsi sínu á spænsku eyjunni Mallorca. Dómstóll í Madríd hafði fyrirskipað handtöku á honum eftir að þýsku saksóknararnir kröfðust framsals til Þýskalands svo hægt væri að yfirheyra hann um störf sín. Lögreglumenn komu að honum í sólbaði en þegar hann varð þeirra var greip hann byssu úr tösku sem hann átti og hljóp út í sjó. Hann reyndi ítrekað að skjóta úr blautri byssunni sem stóð á sér en eftir nokkrar misheppnaðar tilraunir hæfði hann sjálfan sig. Frerichs, sem var 72 ára gamall, var færður á sjúkrahús þar sem hann lést. - mþl

# Framtíðin í tölvuskýi

## Fyrirtæki geta hagrætt í rekstri með kaupum á aðgangi að hugbúnaði á netinu. Gagnavistun er að færast yfir á netið.

Lítil fyrirtæki þurfa ekki lengur að kaupa dýran hugbúnað og leggja fjármagn í tölvukerfi. Þau geta sparað sér háar fjárhæðir með því að kaupa aðgang að tölvuskýjum (e. cloud computing) á netinu til lengri eða skemmri tíma. Þegar netnotkun eykst með farsímum og spjaldtölvum verður þetta framtíðin í upplýsingatækni.

Þetta segir Lars Mikkelgaard-Jensen, forstjóri tölvurisans IBM á Norðurlöndum, en hann var staddur hér á dögunum.

Þótt tæp hálf öld sé liðin frá því grunnhugmyndin að tölvuskýjum var lögð fram gerðist lítið sem almenningur gat greint fyrr en fyrir um fjórum árum. IBM var eitt þeirra fyrirtækja sem ruddu brautina.

Mikkelgaard-Jensen segir tölvuskýin hafa verið á jaðrinum þar til nú. Um hálft ár sé síðan þau hafi verið mikið í umræðunni sem það heitasta og nýjasta í upplýsingatækni. Nú séu þau öllu hversdagslegri, orðin hluti af daglegum rekstri. Mikkelgaard-Jensen segir ómögulegt að spá fyrir um vöxt tölvuskýja í upplýsingatækni.

„Við vitum það ekki, þetta er svo nýtt fyrir okkur. Fyrir hálfu ári var lítið í gangi. Fyrir þremur mánuðum tókum við eftir snörpum vexti. Það er næstum ómögulegt að spá fyrir um nánustu framtíð með vissu," segir hann en reiknar með að eftirspurn verði eftir gagnavist í tölvuskýjum með breyttri tölvunotkun, það er þegar handfrjálsar og litlar spjaldtölvur á borð við iPad og farsímar með öflugum netvöfrum en tiltölulega litlu geymslurými verða algengari. „Það er engin spurning að tölvunotkun er að færast í þessa átt," segir forstjórinn danski. - jab



**FORSTJÓRINN** Eftir því sem tölvur breytast og geymslurými verður minna mun gagnavistun færast í auknum mæli yfir á netið, segir Lars Mikkelgaard-Jensen, forstjóri IBM í Danmörku. MARKAÐURINN/GVA

## Hvað er tölvuský?

Tölvuský (e. cloud computing) er ekki nýtt af nálinni. Í grunninn er skýið fátt annað en gagnaver. Í verinu er vistaður hugbúnaður sem fyrirtæki um allan heim geta keypt aðgang að og notað í gegnum netið.
Skýin eru rekin jafnt af einkafyrirtækjum á borð við hið íslenska Greenqloud sem selur fyrirtækjum aðgang að hugbúnaði sem vistaður er í gagnaveri. Bandaríska risafyrirtækið Google rekur nokkur risagagnaver víða um heim. Dæmi um gagnaver þar sem gögn eru vistuð er ver Thor Data Center í Hafnarfirði.

YFIR HEIÐINA MEÐ ÓLA KRISTJÁNI

# Með krafta í kögglum



*Óli Kristján Ármannsson blaðamaður tekur til kostanna notaða bíla og metur hvort þeir fái staðið undir því að kallast forstjórabílar.*



**VOLVO CX90 SE+** Volvoinn er í stærðarflokki með jepplingum frá BMW og Audi. Prufueintakið er með 18 tommu álfelgur og 315 hestafla skrímsli undir húddinu. MARKAÐURINN/ÓKÁ

Volvo CX90 SE+ er jepplingur af stærri gerðinni, nokkuð rennilegur, en sker sig þó ekki að ráði úr þeim fjölda slíkra bíla sem aka hér um götur. Hins vegar kemur í ljós þegar rýnt er í helstu staðreyndir um bílinn að aflið er hrikalegt.

Samkvæmt skráningarskírteini er bíllinn 315,5 hestöfl og það er ekkert smáræði í bíl sem ekki er nema rétt rúm tvö tonn að þyngd. Vélin orgar enda á upptakinu, átta sílindra, 4,4 lítrar að stærð. Með svona vél hefði maður allt eins átt von á meiri bensíneyðslu, en í blönduðum akstri eyddi bíllinn rétt tæpum 12 lítrum á hundraðið hjá undirrituðum.

Sjálfsagt fer það eftir smekk hvers og eins hvað hann kýs að skera sig úr í umferðinni. Þessi jepplingur Volvo er ósköp áferðarfallegur, en lítt afgerandi. Segja mætti að bíllinn sé forstjóralegri að innan en utan, því innanrýmið er rúmgott og haganlega hannað. Viðaráferð er á innréttingum, ljóst leður í sætum, rafdrifin sóllúga og afbragðshljóðkerfi. Geislaspilarinn tekur sex diska í einu og hljómburðurinn í bílnum er þannig að erfitt gæti orðið að ná tónlistaráhugamanni úr bílstjórasætinu nema hann leyfi laginu að klárast fyrst. Skriðstillir er sömuleiðis haganlega fyrir komið og þægilegt við hann að eiga.

Þá er vert að nefna að bíllinn er líka með rauf fyrir farsímakort í mælaborðinu og því nánast eins og akandi farsími. Handfrjáls búnaður gerir ökumanni svo kleift að spjalla að vild. Komi svo að þeim tímapunkti í samræðunum að samferðafólk megi ekki hlusta, þá er hægt að rífa upp símtól sem er við hlið ökumannsins.

**HELSTU STAÐREYNDIR**

| Volvo XC90 SE+, árgerð 2006 | |
|---|---|
| Ásett verð: | 6.790.000 krónur |
| Ekinn: | 53.000 km |
| Lengd: | 480,7 cm |
| Breidd: | 190,9 cm |
| Litur: | Dökkgrár |
| Sætafjöldi: | 5 |
| Þyngd: | 2.036 kg |
| Burðargeta: | 584 kg |
| Slagrými: | 4.414 cm3 |
| Afl: | 232,0 kW |
| Eldsneyti: | Bensín |

Helstu annmarkar á þessu eintaki voru að bíllinn bar þess aðeins merki að vera notaður. Rafdrifin stilling á hliðarspegli farþegamegin virkaði ekki og læsing á skotti var stirð þannig að lag þurfti til að opna það og loka.

Segja mætti að Volvo-jepplingurinn sé kaggi, „fær í flestan sjó". Fjórhjóladrifið gerir að hann er stöðugur eins og klettur á malarvegi, þótt kannski sé spurning hver þörfin sé á því svona innanbæjar. Krafturinn er gífurlegur og þótt bíllinn sé sjálfskiptur eftirlætur Volvo ökumanni meiri stjórn með „geartronic" skiptingunni og hverjum og einum því í lófa lagið að mótorbremsa að vild. Það sparar líka bensín. (Sem kann að vera ágætt, því með svona vél undir húddinu þarf nokkra sjálfsstjórn til þess að láta ekki eftir sér að þruma fram úr öðrum ökumönnum á leiðinni upp Kambana.)



Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja. Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is



LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

**NÝSLEGNIR TÚSKILDINGAR**
Hinn 1. janúar 1981 tók nýr gjaldmiðill gildi. Tvö núll voru slegin af krónunni og jafngilti því ein nýkróna hundrað gömlum. Starfsmenn Seðlabankans stilltu sér upp fyrir ljósmyndara með fullar skjóður af nýslegnum krónum.




ENNEMM / SÍA / NM42718

Nissan Qashqai hefur farið sigurför um Evrópu og verið mest seldi bíllinn í sínum flokki undanfarin misseri. Í dag kynnum við glænýja og mikið endurnýjaða útgáfu af þessum frábæra sportjeppa sem nú fæst líka í 7 manna útgáfu, **Qashqai+2**. Komdu við hjá okkur í dag, kynntu þér magnaðan fjölskyldubíl og mátaðu hvor útgáfan af Nissan Qashqai hentar þér betur.

## Verið velkomin í reynsluakstur

**Qashqai fylgir ríkulegur staðalbúnaður, m.a.:**

- Bluetooth símsvörunarbúnaður
- Bakkskynjarar
- Regnskynjarar á rúðuþurrkum
- 17" álfelgur
- Tvöföld loftkæling
- ESP stöðugleikastýring
- Glerþak (Qashqai+2)
- 7 sæti (Qashqai+2)

Qashqai kostar frá:

**4.990.000 kr.**



NISSAN **MICRA - Verð frá 2.490.000 kr.**



NISSAN **MICRA - Verð frá 2.740.000 kr.**

**B&L og Ingvar Helgason**
Sævarhöfða 2 • 110 Reykjavík
525 8000 • www.bl.is • www.ih.is

**www.nissan.is**

**SHIFT_**the way you move

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 512 5000, fax: 512 5301, ritstjorn@markadurinn.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**21.000** umsóknir bárust frá 2.200 námsmönnum um sumarstörf í tengslum við átaksverkefni á vegum ríkis og sveitarfélaga.

**1.860** milljarðar króna er upphæð lánsins sem sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefur mælst til þess að verði veitt til Úkraínumanna.

**10** lönd eru á frægum lista CMA DataVision yfir áhættusömustu ríkisskuldabréfin. Ísland er ekki lengur þeirra á meðal, í fyrsta sinn frá bankahruni.

BANKAHÓLFIÐ

## Kreppufræðingur skýtur framhjá

Bandaríski hagfræðingurinn Paul Krugman sem hlaut Nóbelsverðlaun í hagfræði árið 2008 skrifaði grein um íslensku kreppuna í dálki sínum á netsíðu bandaríska stórblaðsins New York Times í síðustu viku. Krugman, sem er einn þekktari kreppufræðinga heims, sagði í stuttu máli refsingu Íslands vegna kreppunnar vægari en hjá öðrum þjóðum. Það sé að þakka óhefðbundnum meðölum, krónunni ýtt fram af bjargbrúninni og gjaldeyrishöft sem innleidd voru haustið 2008.

Krugman dregur þær ályktanir að gengisfallið hafi breytt viðvarandi halla á utanríkisviðskiptum í vænan afgang og höggið af völdum kreppunnar sé vægara en ella. Máli sínu til stuðnings bendir hann á tölur um atvinnuleysi, sem séu öllu jákvæðari hér en í Eystrasaltsríkjunum, sem urðu illa úti í kreppunni.

## Skamm!

Líkt og venja er almennt með pistla Krugmans vakti umfjöllun hans um íslensku kreppuna mikla athygli víða um heim. Þegar síðast var að gáð höfðu rétt rúmlega hundrað gert athugasemdir við skrifin og er það í efri mörkum. Flestar eru þær á neikvæðum nótum og hagfræðingnum gefið að sök að hafa ekki farið með rétt mál.

Af mörgu er að taka. Fall krónunnar og afleiðingar þess stóð hins vegar í mönnum enda benda þeir á, þvert á skrif kreppufræðingsins, að krónan hafi ekki verið látin falla. Hún hafi fallið og það án þess að við neitt hafi verið ráðið. Ekki sé heldur raunhæft að bera dýpt kreppunnar saman við niðursveiflu í öðrum löndum. Við gengishrunið hafi innfluttar vörur rokið upp í verði og skuldbindingar í erlendum gjaldmiðlum orðið óbærilegar. Það hafi ekki gerst í öðrum löndum og stærri hagkerfum þar sem annar gjaldmiðill sé almennt notaður eða nátengdur öðrum.

## Vinaleg ábending

Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, er einn þeirra sem skrifa kollega sínum vestanhafs nótu og hann hnýtir í ýmislegt. Þórólfur er á kurteislegum nótum, en varar við því að landar sínir, sem hann gerir ráð fyrir að geti gert athugasemdir við skrifin, gætu orðið ruddalegri.

Í stuttu máli telur Þórólfur fræðabróður sinn fara á hundavaði yfir kreppuna í pistli sínum og draga af því rangar ályktanir. Eitt af því sem Þórólfur bendir á er að þegar kreppan skall á hafi erlent vinnuafl sem hingað kom í uppsveiflunni snúið aftur heim. Svipaða sögu sé að segja af fjölda Íslendinga, sem hafi leitað grænni haga í Noregi. Því sé atvinnuleysi ekki meira en það er.




**Kjarnafæði** er eitt stærsta kjötvinnslu- og matvælaframleiðslufyrirtæki landsins. Fyrirtækið hefur starfað í 25 ár og vaxið jafnt og þétt. Ársvelta fyrirtækisins er nú yfir 2 milljarðar króna. Hjá Kjarnafæði starfa um 120 starfsmenn við framleiðslu, birgðahald, lagervinnu, dreifingu, sölu matvæla o.fl. Framleiðslan er afar fjölbreytt og fyrirtækið rekur starfsstöðvar á Akureyri, Svalbarðseyri og í Reykjavík. Daglega eru afgreidd yfir 700 vörunúmer til mörg hundruð viðskiptavina um land allt, matvöruverslana, mötuneyta og veitingastaða. Kjarnafæði notar Ópusallt.

**Ópusallt – gerir allt!**
Ópusallt er allt í senn: Stjórntæki, upplýsingakerfi og bókhaldskerfi. Allt viðmót er einstaklega þægilegt, lítið mál að setja upp sölunótur, reikninga, tilboð o.fl.

**Íslenskur hugbúnaður fyrir íslenskar aðstæður**
Ópusallt er hannað fyrir íslenskt viðskiptaumhverfi. Fyrir vikið þarf ekki að verja dýrmætum tíma í aðlögun kerfisins að íslenskum aðstæðum. Notendur Ópusallt þurfa heldur ekki að greiða leyfisgjöld sem taka mið af himinháu erlendu gengi.

HUGUR / AX
Guðríðarstíg 2–4
113 Reykjavík
Sími 545 1000
www.hugurax.is

OPUSallt
Viðskiptalausn frá HugAx

TAKTU FLOTTAR MYNDIR Á FRÁBÆRAR MYNDAVÉLAR FRÁ OLYMPUS SAMSUNG CASIO

OLYMPUS
FE-26

Stafræn myndavél
12 milljón pixlar
3x aðráttarlinsa
(36-108mm)
FULLT VERÐ: 19.900 KR.
**Tilboðsverð: 16.900 kr.**
*Til í þremur litum: Svört, blá og bleik*

SAMSUNG
SMX-F30LP
*Hágæða vídeó upptökuvél*

Vídeó upptaka (720 x 480 @60i )
2,7" LCD snertiskjár í Full HD upplausn
34 x Optical Zoom / Notar SD/SDHC kort
**Verð: 44.900 kr.**

CASIO
EX-H10

Stafræn myndavél
12,1 milljón pix upplausn
10x aðdráttarlinsa
(24-240mm)
FULLT VERÐ: 59.900 KR.
**Tilboðsverð: 49.900 kr.**
*Til í tveimur litum: Svört og silfur*

ORMSSON
ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR: www.ormsson.is
VERSLANIR UM LAND ALLT


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS
PYLSAN Á CA. 30 KR.
111 KR.PK
BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 STK
25% AFSLÁTTUR
598 KR.KG
BÓNUS PYLSUR
MERKT VERÐ 798 KR.KG
565 KR.KG
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 664 KR.KG 15% AFSLÁTTUR
Tómat sósa
129 KR.460ml
BÓNUS TÓMATSÓSA
Sinnep
159 KR.460ml
BÓNUS SÆTT SINNEP
BÓNUS Kjúklingur Leggir
479 KR.KG
BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR
MERKT VERÐ 598 KR.KG. 20% afsláttur
BÓNUS Kjúklingur Læri, leggir vængir
398 KR.KG
BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGABITAR
MERKT VERÐ 498 KR.KG. 20% afsláttur
1598 KR.KG
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. 20% afsláttur
Brokkolí frosið
Brokkolí og grænmetis blanda
Grænmetis blanda Wok-grænmeti
EUROSHOPPER FROSIÐ GRÆNMETI 298 KR. 1 KG.
Matur fyrir fjóra BÓNUS LASAGNE
998 KR. 1KG
FERSKT BÓNUS LASAGNE
ÞARF AÐEINS AÐ HITA - MATUR FYRIR FJÓRA
jordbær
459 KR. 1200g
KARINAT
359 KR. 600g
ÚRVALS FROSNIR ÁVEXTIR
BÓNUS SÝRÐUR RJÓMI
129 KR. 185ml
BÓNUS SÝRÐUR RJÓMI
10% 129 KR. & 18% 139 KR
Feti
279 KR. 250g
Coca-Cola
4x1.5l
698 KR. 1.5 LTR
COKE-KIPPA 4 x 1,5 ltr.
ALLAR GERÐIR
Neutral
Án litarefna og ilmefna
Neutral STORVASK
ÞVOTTAEFNI 1,9 kg 695 kr.
FLJÓTANDI HANDSÁPA 300 ml 398 kr.
STURTUSÁPA 750 ml 598 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

RINGO STARR ER SJÖTUGUR Í DAG.

*„Og í hjónabandi geturðu ekki reynt að vera giftur. Þú ert annað hvort giftur eða þú ert ekki giftur, alla vega að því er mig varðar.“*

***Ringo Starr er enskur tónlistarmaður sem öðlaðist heimsfrægð með Bítlunum. Starr var ekki í hljómsveitinni frá upphafi heldur tók við þegar Pete Best hætti árið 1962.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 7. JÚLÍ 1922

## *Lúðrasveit Reykjavíkur stofnuð*

Lúðrasveit Reykjavíkur var formlega stofnuð 7. júlí 1922. Sveitin varð til við sameiningu tveggja félaga, Lúðrafélagsins Hörpu og Lúðrafélagsins Gígju. Sameining félaganna mun ekki hafa átt sér langan aðdraganda.



Snemma árs 1922 var haldinn fundur þar sem þrír menn frá Hörpu og Gígju komu saman. Á þessum fundi kom meðal annars fram að efla þyrfti tónlistarþekkingu og hljóðfæraleik. Eftir fundinn var Jón Leifs beðinn um að útvega kennara fyrir lúðrafélögin. Þetta tókst Jóni og þýskur hornleikari, Otto Böttcher að nafni, kom til landsins og átti seinna eftir að verða fyrsti stjórnandi Lúðrasveitar Reykjavíkur.

Lúðrafélögin fyrir stofnun Lúðrasveitarinnar höfðu lengi búið við slæma húsnæðisaðstöðu. Þeir æfingastaðir sem notast var við voru til dæmis kartöflugeymsla barnaskólans, fangahúsið og smákytra í gamla Alþýðuhúsinu. Harpa hafði í ársbyrjun ráðist í undirbúning að æfingahúsnæði. Varð það Hljómskálinn sem byggður var sérstaklega til tónlistariðkunar. Á gamlárskvöld árið 1922 voru spiluð nokkur lög uppi á þaki Hljómskálans í fjögurra stiga frosti.

*Heimild: www.lr.is*

## MERKISATBURÐIR

1211 Suðurlandsskjálfti, margir bæir hrynja og átján manns farast.

1637 Hornsteinn lagður að Sívalaturni í Kaupmannahöfn.

1915 Konur fagna nýfengnum kosningarétti sínum með hátíðarfundi á Austurvelli.

1941 Bandaríkjaher kemur til landsins og tekur við vörnum þess af Bretum.

1966 U Thant, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, kemur í tveggja daga heimsókn til Íslands.

1974 Vestur-Þýskaland vinnur heimsmeistarakeppnina í knattspyrnu þegar lið landsins sigrar Hollendinga 2-1.



**VERÐLAUNIN VEITT** Kolbrún Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar, lætur bíllyklana af hendi.

# Vann bifreið í sumarhappdrætti

Verðlaun í sumarhappdrætti Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, voru afhent um helgina. Fyrstu verðlaun hlaut Elísa Emma Zachrison en þar var um að ræða Honda CR-V jeppabifreið.

Útgefnir miðar í happdrættinu voru 55 þúsund og heildarverðmæti vinninganna var 15,6 milljónir króna. Dregið er tvisvar á ári í Happdrætti Sjálfsbjargar: afmælisdag Sjálfsbjargar 4. júní og svo 3. desember, á alþjóðadegi fatlaðra.

Lísa Z. Valdimarsdóttir tók við verðlaununum en hún er dóttir Elísu Emmu. **- mþl**

# Nýtt jarðfræðikort

Nýtt jarðfræðikort af Suðvesturlandi er komið út. Það er gefið út af fyrirtækinu Íslenskum orkurannsóknum og byggist á fjölmörgum kortum sem unnin hafa verið fyrir það og forvera þess, Orkustofnun. Þau kort hafa nú verið einfölduð, endurskoðuð og nýjum upplýsingum bætt við.

Elstu jarðlögin á kortinu eru rúmlega 4 milljóna ára gömul og þau yngstu eru hraun frá Reykjaneseldum 1210-1240, en alls eru á því um 160 mismunandi hraun.

Kortinu er dreift af Forlaginu. Á því er meðal annars bent á fjörutíu áhugaverða skoðunarstaði og eru nánari lýsingar á þeim á heimasíðu ÍSOR www.isor.is. **- gun**




**NÝJA KORTIÐ** Um 160 mismunandi hraun eru tilgreind þar.



**FRUMKVÖÐLASTARF** Sigurður Ástgeirsson, þjónustustjóri Vélamiðstöðvarinnar, ásamt Claudio Zanchi frá ítalska fyrirtækinu Anlero, sem hefur aðstoðað við metanbreytingar á dísebílnum MAN TGL 26.430 með nýjustu tækni. Bifreiðin sést hér í bakgrunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

VÉLAMIÐSTÖÐIN: INNLEIÐIR NÝJA TÆKNI Í METANBREYTINGUM Á BIFREIÐUM

# Mun ryðja brautina fyrir metanbreyttum bifreiðum

„Þetta er fyrsta alvöru breytingin á dísilbíl og vafalaust sú fyrsta af mörgum,“ segir Sigurður Ástgeirsson, þjónustustjóri Vélamiðstöðvarinnar í Gufunesi, þar sem nú er verið að nýta nýjustu tækni til að metanbreyta dísilbíl, vörubíl af gerðinni MAN TGL 26.430, með aðstoð erlendra sérfræðinga. Að breytingu lokinni mun bíllinn geta gengið fyrir 50 prósent metangasi en hingað til hafa metanbreyttir dísilbílar á Íslandi gengið fyrir allt að 15 prósentum gasi.

Sigurður segir breytinguna marka ákveðin tímamót hjá Vélasmiðjunni, sem er sjálfstætt einkahlutafélag í eigu Íslenska gámafélagsins og hefur gert metanbreytingar á tugum bensín- og dísilbíla fyrir einstaklinga og fyrirtæki á Íslandi frá því á síðasta ári. „Frá því að lög sem heimiluðu breytingar sem þessar tóku gildi í nóvember í fyrra hafa fyrirtækinu borist svo margar fyrirspurnir og pantanir að nú er um þriggja vikna bið eftir metanuppfærslum,“ bendir hann á.

Að sögn Sigurðar liggja ýmsar ástæður að baki aukinni eftirspurn eftir metanbreytingum á bílum. „Kostir metangass eru auðvitað margir. Metangas er miklu umhverfisvænni orkugjafi en til dæmis bensín eða dísil. Hérlendis eigum við nóg af þessari lítt nýttu orkulind, meðal annars á urðunarstað höfuðborgarsvæðisins í Álfsnesi þar sem metangas er unnið úr hauggasi. Af þeirri og fleiri ástæðum er metangas langtum ódýrari orkugjafi heldur en eldsneyti eins og bensín eða dísil. Að keyra á metangasi er eins og að kaupa bensínlítrann á 110 krónur,“ segir Sigurður og kveðst þekkja kosti metangass af eigin raun. „Ég skipti dísiljeppanum mínum út fyrir bensínjeppa um daginn og breytti honum þannig að nú er einkabíll heimilisins metanbifreið.“

Sigurður er ekki í vafa um að uppfærslan á fyrrnefndum dísilbíl muni eiga þátt í að ryðja brautina enn frekar fyrir fjölgun metanbifreiða á Íslandi, en það eigi eftir að hafa ýmsan ávinning í för með sér. „Bæði er þetta mjög umhverfisvænt eins og áður sagði og ekki síður atvinnuskapandi,“ bendir hann á og nefnir í því samhengi að til að anna aukinni eftirspurn hafi Vélamiðstöðin tekið fyrsta formlega metanverkstæðið á Íslandi í notkun í maí á árinu og fjölgað starfsfólki sínu. „Við erum að bæta við okkur mannskap meðal annars til að stytta biðlistana sem hafa myndast. Til allrar hamingju erum við yfirleitt fljótir að breyta hverjum bíl, svona á bilinu tvo til fimm daga, allt eftir tegundinni, en hingað koma eigendur alls kyns bifreiða sem vilja nýta sér þennan möguleika,“ segir hann og vísar á heimasíðuna www.metanbill.is. **roald@frettabladid.is**




†

*Okkar ástkæri frændi*

**Eyjólfur Egilsson**
Hverahlíð 13, Hveragerði,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði 4. júlí.
Jarðarförin fer fram föstudaginn 9. júlí kl. 13.30 frá Hveragerðiskirkju.

**Systkinabörn**



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna fráfalls okkar ástkæra*

**Lárusar Hrafns Kvaran.**

**Ragnar G. Kvaran**
**Hrefna Lárusdóttir**
**Anna Ragnhildur Kvaran**
**og fjölskylda Lárusar í Lúxembourg.**



†

*Okkar ástkæri,*

**Gunnar Ingi Guðmundsson**
Hlíf 1, Torfnesi, Ísafirði,

lést föstudaginn 2. júlí. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu, föstudaginn 9. júlí kl. 11.00.

**Aðstandendur.**

# Styrkir veittir til náms og rannsókna

Tíu Íslendingar hlutu styrk frá Fulbright-stofnuninni á Íslandi til náms og rannsókna í Bandaríkjunum að upphæð 8 til 15 þúsund dollara hver.

Styrkirnir voru afhentir 1. júlí en sex fengu styrki til framhaldsnáms og fjórir til rannsóknardvalar. Fulbright-stofnunin styrkir einnig árlega 10 Bandaríkjamenn hingað til náms, rannsókna og kennslu en um 1.300 styrkþegar frá báðum löndum hafa fengið styrk frá stofnuninni frá því hún tók til starfa 1957. Þeir Íslendingar sem hlutu styrk til náms voru: Agla Friðjónsdóttir, Andri Egilsson, Berglind Hólm Ragnarsdóttir, Egill Tómasson, Ívar Snorrason og Magnús Þór Snæbjörnsson. Sigríður Rut Júlíusdóttir var tilnefnd til Boas verðlauna en styrkurinn er til framhaldsnáms í alþjóðalögum við Harvard háskóla. Íslenskir fræðimenn sem hlutu rannsóknarstyrk voru Árni Heimir Ingólfsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Magnús Gottfreðsson og Magnús Tumi Guðmundsson. **- rat**



**AFHENDING** Tíu hlutu styrk til náms og rannsókna frá Fulbright stofnuninni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

---



†

*Ástkær móðir okkar, amma og tengdamóðir,*

## Hildur Hilmarsdóttir,

Droplaugarstöðum, áður Hverfisgötu 83,

lést á Landspítalanum 29. júní 2010. Útför hefur farið fram. Sérstakar þakkir fær hjúkrunarfólk á A7 og starfsfólk Droplaugarstaða fyrir frábæra umönnun og hjúkrun.

**Unnur Ragnarsdóttir**
**Ingveldur K. Ragnarsdóttir**
**Guðlaug I. Bjarnadóttir**
**tengdabörn og ömmubörn.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, sonur, tengdasonur og afi,*

## Jakob Kristinsson

vélvirki
Ránargötu 25, Akureyri,

sem lést þriðjudaginn 29. júní, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju föstudaginn 9. júlí kl. 13.30.

**Jóhanna Maríanna Antonsdóttir**
**Ragnheiður Jakobsdóttir Rúnar Hermannsson**
**Lilja Jakobsdóttir Sævar Ísleifur Benjamínsson**
**Anna Jakobsdóttir**
**Kristinn Frímann Jakobsson Guðrún S. Þorsteinsdóttir**
**Elín Árnadóttir**
**Ragnheiður Árnadóttir Anton B. Finnsson**
**Baldvin, Steinunn Alda, Hermann Helgi, Maríanna Vilborg og Atli Jakob.**

---



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

## Jóhanna Jóhannsdóttir

Grensásvegi 60 Reykjavík,

lést á hjúkrunardeild Hrafnistu í Reykjavík mánudaginn 5. júlí. Útförin auglýst síðar.

**Geirlaugur Jónsson**
**Hrönn Geirlaugsdóttir**
**Sigríður Hulda Geirlaugsdóttir Paulo Weglinski**
**Freyr Ómarsson**
**Þór Weglinski**
**Jóhanna Weglinski**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

---



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Kári Halldórsson

bryti, Barðaströnd 6, Seltjarnarnesi,

lést sunnudaginn 4. júlí á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin fer fram frá Seltjarnarneskirkju 14. júlí kl. 15.00.

**Þórhallur Kárason Oyi Sirijanthrakan**
**Þórir Kristinn Kárason**
**Geir Guðmundsson**
**Halla Kristín Geirsdóttir**
**Guðmundur Karl Geirsson Elín Sigríður Grétarsdóttir**
**Kári Geirsson Gan Songkrant**
**Alex Kári Þórhallsson**
**Kristjana Káradóttir**
**Katla Sóley Guðmundsdóttir**

---



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, dóttir og systir,*

## Sigurlaug S. Pálsdóttir

(Lauga) Andrésbrunni 1, Reykjavík,

lést á heimili sínu 4. júlí. Jarðsett verður frá Bústaðakirkju mánudaginn 12. júlí kl. 13. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ljósið.

**Guðni Þór Þorvaldsson**
**Páll Guðmundsson**
**Sigurhildur Guðnadóttir**
**Páll Kristjánsson**
**Aðalbjörg Pálsdóttir Steindór Jón Pétursson**
**Björn Pálsson Berglind Lúðvíksdóttir**
**Anna Lilja Pálsdóttir Ívar Guðmundsson**

---



†

*Okkar ástkæri stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Jón Árnason

Brúnavegi 9, áður Njörvasundi 34,

lést á Landspítalanum mánudaginn 5. júlí. Jarðarförin auglýst síðar.

**Sigurður Halldórsson Sigrún Þorsteinsdóttir**
**Sif Sigurðardóttir Rafn Rafnsson**
**Anna Birna Rafnsdóttir**
**Jón Emil Rafnsson**
**Atli Rafnsson**
**Eyþór Rafnsson**

---



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og vináttu vegna andláts elskulegs eiginmanns, föður og tengdaföður,*

## Njarðar Tryggvasonar

byggingarverkfræðings.

Sérstakar þakkir til starfsfólks bráðamóttöku, gjörgæslu- og lungnadeildar Landspítalans Fossvogi.

**Kristrún Jónsdóttir,**
**Jón Tryggvi Njarðarson Elisabeth Eigenberg,**
**Hróðný Njarðardóttir Snorri Gunnarsson.**

---



†

## Svandís Ásmundsdóttir

Hvassaleiti 58, Reykjavík,

andaðist á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi 5. júlí. Útför hennar verður gerð frá Grensáskirkju miðvikudaginn 14. júlí kl. 15.

**Hera Hjálmarsdóttir**
**Martha Á. Hjálmarsdóttir Þorsteinn A. Jónsson**
**Jakob Ágúst Hjálmarsson Auður Daníelsdóttir**
**og aðrir ástvinir.**

---



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Anna Erlendsdóttir,

frá Odda, Rangárvöllum,
Háholti 7, Akranesi, síðast til heimilis á dvalarheimilinu Höfða,

lést föstudaginn 2. júlí. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 9. júlí kl. 14.

**Erlendur Daníelsson Gréta Jónsdóttir**
**Ingileif Daníelsdóttir Anton Ottesen**
**og ömmubörn.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn,*

## Guðmundur H. Karlsson

stýrimaður, Vallengi 13,

verður jarðsunginn frá Laugarneskirkju föstudaginn 9. júlí kl. 15.00.

**Þóra Kjartansdóttir**
**Karl Guðmundsson Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir**
**Þuríður Saga Guðmundsdóttir Guðni Ólason**
**Sigurbjörg Unnur Guðmundsdóttir Bjarni Þór Óskarsson**
**Kjartan Ísak Guðmundsson Erna Vigdís Ingólfsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur hins látna.**

---

†

*Maðurinn minn*

## Halldór Friðrik Nikulásson

Álfheimum 54, Reykjavík,

er látinn. Útförin auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Lára Guðmundsdóttir.**

# Réttlætið sigrar víst að lokum

**BAKÞANKAR**
**Jóns Sigurðar Eyjólfssonar**

Það er frekar neyðarlegt að vera með sterka réttlætiskennd en telja sig sjaldnast í stakk búinn að takast á við þær afleiðingar sem framgangur réttvísinnar og réttlætis hefur í för með sér. Þessi neyðarlega staða síendurtekur sig þó á Íslandi rétt eins og þau skilaboð liggi í loftinu að þjóðin hafi ekki efni á að stjórnast af réttlætiskennd.



**FYRSTA** dæmið sem ég sá um þessa háttsemi var reyndar afar saklaust. Ég var á Laugardalsvellinum að horfa á landsleik þegar Eiður Smári Guðjohnsen braut harkalega af sér. Dómarinn beið ekki boðanna og rauk að kappanum harðákveðinn meðan hann teygði sig í brjóstvasann eftir gula spjaldinu, en þá versnaði í því. Mundi hann allt í einu að Eiður hafði fengið gult spjald áður og yrði því að fara í sturtu ef hann liti það í annað sinn. „Það er nú ekki hægt að reka besta landsliðsmann Íslands út af,“ hefur hann örugglega hugsað með sér. „Þetta er á þeirra heimavelli og þeir gera í buxurnar ef þeir missa kappann út af. Þar að auki eru örugglega komnir fjölmargir áhorfendur alla leið frá Bíldudal til að horfa á hann.“ Hann stakk því gula spjaldinu aftur í vasann og leit til Eiðs alveg eyðilagður.

**EFTIR** hrun tók þetta á sig alvarlegri mynd enda voru stórtækir kaupsýslumenn búnir að keyra fyrirtæki sín í þrot og koma þjóðinni í stórvandræði með ofurskuldum. Réttlætiskenndin hefur eflaust sagt ráðamönnum að réttast væri að ganga að þeim eins og öllum öðrum óreiðumönnum. Þeir töldu það þó of dýrkeypt fyrir íslenskt efnahagslíf. Rauða spjaldinu var því stungið niður í brjóstvasann svo ég noti nú líkingarmálið úr Laugardalnum.

**NÚ** hefur Hæstiréttur dæmt gengislánin ólögleg. Yfirvöld segja þjóðina þó ekki hafa efni á því að taka á þeim eins og hverri annarri lögleysu. Réttvísin kostar sitt rétt eins og réttlætið.

**ÞRÁTT** fyrir þetta er ég samt svo rómantískur að trúa því að réttlætið sigri að lokum. Til eru nefnilega reikningsskil sem enginn kemst hjá. Þjóðskáldið okkar Páll Ólafsson lýsir þeim af mikilli snilld í eftirfarandi stöku:

**ILLA** *fenginn auðinn þinn,/ áður en lýkur nösum,/ aftur tínir andskotinn/ upp úr þínum vösum.*

**EFLAUST** finna margir hugarhægð í því að réttlætið sé í alvörunni til. Það er þó sorglegra að það ber að þakka djöflinum en ekki yfirvaldinu.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Overli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




www.frettabladid.is | 512 5000

# GÓÐAR FRÉTTIR FYRIR ALLA

## Enn betra aðgengi að Fréttablaðinu

Breytingar voru gerðar á frídreifingu og lausasölu Fréttablaðsins 1. júní. Blaðinu er áfram dreift ókeypis í lúgur og Fréttablaðskassa kjarnadreifingarsvæði* okkar. Nýbreytnin felst í að fríðreifingu í verslunum og á bensínstöðvum á kjarnadreifingarsvæði verður hætt, en blaðið í staðinn selt í lausasölu um land allt samhliða fyrrgreindri fríðreifingu heim eða í hverfi. Lausasölustöðum verður fjölgað til muna auk þess sem fjöldi Fréttablaðskassa í íbúðahverfum verður nærri þrefaldaður, úr 60 í um 170. Nánari upplýsingar um dreifingu Fréttablaðsins má nálgast á **visir.is/dreifing**.

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á visir.is eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




## Fjöldi lausasölustaða á Suðurnesjum

N1 þjónustustöð, Aðalstöðinni, Keflavík
10-11, Keflavík
N1 verslun, Keflavík
Olís, Básinn, Reykjanesbæ
10-11, Leifsstöð
Eymundsson, Leifsstöð
Bónus, Fitjum, Njarðvík




**Allt sem þú þarft…**

*Kjarnadreifingarsvæði Fréttablaðsins er höfuðborgarsvæðið, Akureyri, Stokkseyri, Eyrarbakki, Hveragerði, Selfoss, Borgarnes, Akranes, Reykjanesbær, Þorlákshöfn, Keilir, Garður, Sandgerði, Grindavík og Vogar.

# Guðdómlegir kjólar á markaði

Fatahönnuðurinn Erna Bergmann, fatahönnunarneminn Guðrún Tara, fyrirsætan Eva Katrín og Helena Jónsdóttir slá upp fatamarkaði á pallinum á Boston í kvöld klukkan átta.

„Við stöllurnar ætlum að hreinsa úr skápunum hjá okkur vegna plássleysis og lofum við gulli og grænum skógum," segir Erna. „Við verðum með sérstaklega fallegan fatnað á markaðnum. Allt frá guðdómlegum kjólum eftir þekkta fatahönnuði til antíkstykkja sem við höfum fundið á mörkuðum og „second hand"-verslunum úti um allan heim."



**HREINSA ÚR SKÁPUNUM** Erna og vinkonur hennar ætla að tæma fataskápana á Boston í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Erna segir að þær eigi allar sérstaklega fallegt safn af kjólum, kápum, hælum og alls kyns gersemum.

„Af þeim sökum mælum við hiklaust með því fyrir allar dömur og löggiltar tískudrósir að mæta á markaðinn og gera kaup lífs síns," segir hún. „Það er bara þannig, og muna að hafa góða skapið og beinharða peninga meðferðis."

# Margeir sjarmerar Svíana

**Plötusnúðurinn Margeir hefur komið reglulega fram á næruklúbbnum Berns Salonen undanfarið. Klúbburinn er vel þekktur í sænsku skemmtanalífi og þar sjást sænsku konungsbörnin gjarnan skemmta sér.**



**EFTIRSÓTTUR** Margeir Ingólfsson ferðast reglulega til Svíþjóðar þar sem hann er á samningi hjá einum af stærsta skemmtistaða Stokkhólms.

„Ég hef verið að spila þarna reglulega síðustu tvö til þrjú ár," segir plötusnúðurinn Margeir Ingólfsson spurður hvað hann sé að gera á einum af frægustu næturklúbbum Stokkhólms, Berns Salongen. Fréttablaðið rakst á miklar stemningsmyndir sem voru teknar á meðan Margeir var að spila og virtust Svíarnir skemmta sér vel.

Næturklúbburinn er vel þekktur í sænsku skemmtanalífi og þangað venja komur sínar helstu stjörnur Svía. Sænsku konungsbörnin sjást gjarnan á þessu stað þegar þau kíkja út á lífið.

Margeir gerði samning við eigendur staðarins fyrr á þessu ári um að koma reglulega og spila. Staðurinn gefur sig út fyrir að vera með rjómann í plötusnúðageiranum og Margeir því í góðum hópi.

„Ég flýg út á 6-8 vikna fresti og spila. Þetta er rosalega flottur staður sem tekur um 2.000 manns og oftast mikið stuð," segir Margeir nýkominn heim eftir vel heppnaða helgi í Stokkhólmi. „Fyrst þegar ég byrjaði að spila í Svíþjóð fannst mér Svíarnir frekar vera úti á lífinu til að pósa og líta vel út en að skemmta sér og dansa. Nú er ég búinn að finna út hvernig á koma þeim í stuð og það var allt brjálað um helgina. Fólk dansaði uppi á borðum með hendur upp í loft." Sænsku eigendurnir hafa hrifist svo af töktum Margeirs bak við DJ-borðið að þeir hafa nú boðið honum að koma oftar út í mánuði en hann er að íhuga boðið. „Það er nú bara spurning hvort maður hafi tíma aflögu enda er ég í annarri vinnu og með fjölskyldu," segir Margeir sem hefur þó heillast af Stokkhólmi.

Berns Salongen er bæði hótel, veitingastaður og skemmtistaður. Þar eru haldnir flestir stórviðburðir í sænsku skemmtanalífi, til dæmis sænska Grammy-verðlaunahátíðin. Einnig hafa stórstjörnur á borð við Missy Elliot og Jay Z haldið stór partí á Berns eftir sína tónleika í Stokkhólmi. Berns er einnig bakhjarl sænsku tískuvikunnar sem haldin er tvisvar á ári. alfrun@frettabladid.is



**FM BELFAST** Sýnt verður frá tónleikum FM Belfast á sjónvarpsstöðinni DR 2 á laugardagskvöld. MYND/BJARNI GRÍMS

# FM Belfast á DR 2

Tveggja og hálfrar klukkustundar þáttur verður sýndur á dönsku sjónvarpsstöðinni DR 2 á laugardagskvöld um Hróarskelduhátíðina sem var haldin um síðustu helgi. Elektró-poppsveitin FM Belfast kemur þar meðal annars við sögu.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær voru skiptar skoðanir um frammistöðu FM Belfast á hátíðinni. Blaðamaður fríblaðsins Metroexpress.dk fann hljómsveitinni flest til foráttu á meðan gagnrýnandi síðunnar Bandbase.dk var mun jákvæðari í garð hennar.

Tónleikarnir voru haldnir á Pavilion-sviðinu og var troðfullt út úr dyrum. Miðað við þann mikla fjölda Twitter-skilaboða sem áhorfendur á tónleikunum sendu frá sér að þeim loknum var stemningin mjög góð og ekkert út á frammistöðu sveitarinnar að setja. Áhugasamir Íslendingar sem vilja komast að hinu sanna í málinu geta því stillt á DR 2 á laugardaginn, hækkað í sjónvarpinu og kveðið upp sinn dóm.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 7. júlí 2010**

### ➜ Tónleikar

**12.00** í **Dómkirkju Krists konungs** í Landakoti verður orgelandakt alla miðvikudaga í júlí og ágúst. Í dag mun organistinn **Hilmar Örn Agnarsson** leika á orgel kl. 12.00 til 12.30. Aðgangur er ókeypis og öllum frjáls.

**20.30** Í **Bláu kirkjunni** á Seyðisfirði hefst sumartónleikaröð kirkjunnar í kvöld. Dagskráin hefst með tónleikum þar sem þau **Erla Dóra Vogler**, **Jón Svavar Jósefsson** og **Matthildur Anna Gísladóttir** syngja og leika. Tónleikarnir hefjat kl. 20.30. Nánari upplýsingar má finna á www.blaakirkjan.is.

### ➜ Bæjarhátíðir

**Þjóðlagahátíðin á Siglufirði 2010** verður haldin hátíðleg í ellefta sinn, en hátíðin hefst í dag. Félag um Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar stendur fyrir hátíðinni á Siglufirði. Nánari upplýsingar um dagskrá hátíðarinnar má finna á www.festival.fjallabyggd.is.

### ➜ Útivist

**16.30** Í dag kl. 16.30 verður farið í **hjólreiðatúr fjölskyldunnar** undir leiðsögn **Höllu Karenar Kristjánsdóttur**. Lagt verður af stað frá Lágafellslaug og hjólað verður upp í Reykjalundarskóg. Farið verður í leiki og fjör á túninu og einnig verður grill á á staðnum. Nánari upplýsingar á www.mos.is.

**17.30** Í **Nauthólsvík** verður haldið **Fossvogssund** í dag og er öllum velkomið að taka þátt í hópsundi frá Nauthólsvík yfir í Kópavog og aftur til baka. Sundið hefst kl. 17.30. Á Ylströndinni verða tónleikar í boði Kanans og Símans, en tónleikarnir hefjast kl. 16.45 og standa í tvær klukkustundir. Nánari upplýsingar á www.nautholsvik.is.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**


NÝTT Í BÍÓ!







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| KNIGHT AND DAY | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| KNIGHT AND DAY LÚXUS | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| KILLERS | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.20 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.20 | L |
| THE A-TEAM | kl. 5.20 - 10.30 | 12 |
| HÚGÓ 3 | kl. 4 | L |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| KNIGHT AND DAY | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| KILLERS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 5.45 - 10.30 | L |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 5.40 - 8 -10.20 | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| KNIGHT AND DAY | kl. 6 - 8 - 10.10 kraftsýning | 12 |
| KILLERS | kl. 8 - 10 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 6 | L |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| KNIGHT AND DAY | 3.40, 5.50, 8 og 10.10 P | 12 |
| KILLERS | 4, 6, 8 og 10 | 12 |
| GROWN UPS | 5.50 og 8 | 10 |
| A - TEAM | 10.10 | 12 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ | 4 | L |

SAMBÍÓIN







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| BOÐBERI | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 14 |
| TWILIGHT SAGA | kl. 3:20 - 6 - 8 - 8:30 - 10:40 - 11 | VIP |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 3:20 - 6 - 9:20 | 12 |
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 10:50 | 16 |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl. Tali | kl. 3:20(3D) - 5:40(3D) | L |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 1.30 - 3:20 - 5:40 | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 10:20 | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 8 | 12 |
| PRINCE OF PERSIA : SANDS OF TIME | kl. 5:40 - 8 | 10 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| BOÐBERI | kl. 8 - 10:20 | 14 |
| THE A TEAM | kl. 8 | 12 |
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| BOÐBERI | kl. 8:10 - 10:30 | 14 |
| TWILIGHT SAGA | kl. 5:30 - 8 - 10:20 - 10:40 | 12 |
| LEIKFANGASAGA 3-3D ísl. Tali Sýnd á morgun | kl. 5:40(3D) | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 8(3D) | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BOÐBERI | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D M/ ísl. Tali | kl. 5:40 | L |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 8 - 10:35 | 12 |

LEIKFANGASAGA 3
FYRSTA BÍÓFERÐIN!
sérstök barnasýning í dag klukkan 13 í Álfabakka

# TAX FREE DAGAR

# TAX FREE

## af öllum útileguvörum




Gelert
QUICK PITCH
2 manna tjald

POP-UP

## ÓDÝRT
## í útileguna




Gelert
TORNADO
4 manna tjald




Gelert
Tryfan classic 300DL
svefnpoki




Gelert
CADIZ
6 manna tjald

Grand Gasgrill



Útileguborð



Fótpumpa



Tjaldlukt



Drykkjarbakpoki
1.5ltr



Vatnskútur 8 ltr.



Vindsæng



Vasaljós



Vindhlíf



Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 11. júlí á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## > Ólympísk þríþraut Ólafs?

Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, er í „léttu“ veðmáli við leikmennina í liðinu. Hann ætlaði að hlaupa heim frá Litlu kaffistofunni á mánudaginn ef liðið ynni Selfoss, sem það gerði. Lasleiki varð til þess að hann frestaði áskoruninni og nú er tvöfalt undir, eða ekkert. „Þetta breyttist í aðeins meiri átök. Ég þarf að taka hálf ólympíska þríþraut. Það eru 750 metra sund, 20 kílómetra hjólreiðar og fimm kílómetra hlaup, allt í einum rykk. En ég vil samt fá þrjú stig,“ sagði Ólafur sem þreytir þríþrautina ef liðið vinnur Stjörnuna á heimavelli á fimmtudaginn.



**sport**
sport@frettabladid.is

**VEIGAR PÁLL GUNNARSSON:** ER LOKSINS BÚINN AÐ KOMA SÉR FYRIR AFTUR OG FAGNAÐI MEÐ ÞRENNU

# *Þetta er erfiðasta tímabilið á mínum ferli*

„Þetta er erfiðasta tímabilið á mínum ferli,“ segir landsliðsmaðurinn Veigar Páll Gunnarsson, leikmaður Stabæk í Noregi.

Framherjinn er kominn aftur til Noregs frá Nancy í Frakklandi en á mánudaginn skoraði hann frábæra þrennu í 4-3 sigri á Molde. „Ég held að þetta sé fjórða þrennan mín í Noregi. Ég hefði reyndar viljað skora fjögur,“ segir Veigar léttur.

Hann hefur átt við meiðsli að stríða undanfarna mánuði en segir að leikurinn gegn Molde hafi verið sá fyrsti sem hann spilar með Stabæk þar sem hann sé 100% heill.

„Þetta hefur verið mjög erfitt en það breyttist allt með þessum leik gegn Molde. Ég var fyrst meiddur á nára og missti af tveimur leikjum. Svo spilaði ég í alveg ellefu mínútur gegn Álasundi þegar ég var tæklaður og sleit liðband í ökkla. Ég missti af sex eða sjö leikjum útaf því. Ég hef svo verið að spila í nokkrar mínútur í hverjum leik til að koma mér aftur í gang.“

Hann fór í frí til Íslands fyrir skemmstu og við það breyttist sömuleiðis mikið. „Það var nauðsynlegt að fá þetta frí. Eftir það flutti fjölskyldan líka aftur með mér út. Það munar öllu að fá hana aftur til sín,“ sagði Veigar.



Hann bjó á hótelinu fyrstu sex vikurnar eftir endurkomuna frá Frakklandi og svo „í einhverri smá kompu í Ósló“.

En það er bjartara fram undan. „Við erum núna búin að fá húsið sem við ætlum að leigja og ganga frá öllum okkar málum í Frakklandi. Það þurfti að selja bíla og húsnæði þar og ýmislegt fleira,“ en honum kom á óvart hversu litla hjálp hann fékk frá Nancy meðan á dvöl hans úti stóð.

„Þetta var hálf asnalegt hvernig var farið með mann þarna. Ég sakna Frakklands ekki neitt,“ segir framherjinn sem fékk að lokum aðstoð við að klára öll sín mál í Frakklandi, þó ekki frá félaginu.

„Ég er bara virkilega ánægður með að geta einbeitt mér að fullu núna að boltanum, þannig er ég bestur.“



**Í SÍMANUM** Hjalti Kristjánsson talar við Heimi á meðan á leiknum stendur.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Heimir reyndi að skipta sér af:

## Með Skype og síma á Heathrow

**FÓTBOLTI** Heimir Hallgrímsson, þjálfari ÍBV, horfði á leik sinna manna á Stöð 2 Sport í gegnum Skype á fartölvunni sinni þar sem hann sat á Heathrow-flugvelli í London á sunnudaginn. Heimir var að hefja nám til að ná í þjálfaragráðuna UEFA Pro License og gat því ekki verið á hliðarlínunni.

„Konan mín stillti fartölvunni upp fyrir framan sjónvarpið. Ég heyrði Guðjón Þórðarson meira að segja rýna í leikinn, það var stór plús,“ sagði Heimir og hló við.

Liðinu stýrðu þeir Hjalti Kristjánsson, þjálfari og leikmaður KFS í Vestmannaeyjum, og Dragan Kazic. „Þeir stýrðu liðinu á leikdag og stóðu sig frábærlega. Það verður ekkert tekið af þeim og þeir eiga allan heiðurinn skilinn. Ég er virkilega ánægður með þá,“ sagði Heimir sem undirbjó liðið undir leikinn, meðal annars með tölvupóstum sem var varpað með skjávarpa á veggi fyrir allt liðið.

Hann var svo í símasambandi frá Englandi. „Ég hringdi nokkrum sinnum og reyndi að skipta mér af. Maður verður að redda sér,“ sagði Heimir sem hrósaði staðgenglum sínum í hástert. - hþh

# Harkan, návígin og tæklingarnar

**Eiður Aron Sigurbjörnsson er leikmaður 10. umferðar Pepsi-deildarinnar hjá Fréttablaðinu. Hann batt saman bestu vörn landsins í 2-0 sigri á Stjörnunni. Hann spilaði sem sóknarmaður í yngri flokkunum.**

**FÓTBOLTI** ÍBV er með bestu vörn landsins. Hún hefur fengið á sig átta mörk í tíu leikjum og er bundin saman af ungstirnum Eyja. James Hurst er aðeins átján ára, Rasmus Christiansen er 21 árs og aldursforsetinn er Matt Garner, 25 ára. Síðastur en ekki sístur er svo Eiður Aron Sigurbjörnsson, tvítugur piltur sem er leikmaður 10. umferðar hjá Fréttablaðinu.

Stjarnan hafði skorað tuttugu mörk í níu leikjum áður en það tók á móti ÍBV, ósigrað á heimavelli. Lokatölur voru 0-2 fyrir Eyjamenn. „Við skoruðum snemma og þrátt fyrir að hafa dottið aftur nýttu þeir sér það ekki. Þetta var ekkert létt en vörnin stóð sig vel,“ sagði Eiður við Fréttablaðið í gær.

Hann er ekki byggður eins og steríótýpa miðvarða. Eiður er í minni kantinum og nokkuð grannvaxinn, en þeim mun harðari. Hann spilaði enda sem sóknarmaður í yngri flokkunum. „Ég varð Shellmótsmeistari sem sóknarmaður og skoraði meira að segja í úrslitaleiknum. Svo færði ég mig aðeins aftar og lék sem sóknarliggjandi miðjumaður,“ sagði Eiður.

**Lið 10. umferðar (4-3-3):**

**Markvörður:**
Albert Sævarsson, ÍBV.

**Varnarmenn:**
Eiður Aron Sigurbjörnsson, ÍBV.
Martin Pedersen, Val.
Grétar Sigfinnur Sigurðsson, KR.
Kristinn Jónsson, Breiðablik.

**Miðvallarleikmenn:**
Bjarni Guðjónsson, KR.
Tryggvi Guðmundsson, ÍBV.
Ólafur Páll Snorrason, FH.

**Sóknarmenn:**
Albert Brynjar Ingason, Fylki.
Guðmundur Steinarsson, Keflavík.
Kristinn Steindórsson, Breiðablik.

En hvernig endaði hann í vörninni? „Ég bað bara um að prófa. Það vantaði varnarmann í öðrum flokki og það gekk mjög vel. Ég spilaði allt tímabilið sem varnarmaður. Á síðasta tímabili spiluðum við æfingaleik og ég var nýfarinn af velli. Þá meiddist varnarmaður og ég bað Heimi Hallgrímsson þjálfara um að fá að fara inn á og prófa. Það gekk vel,“ sagði Eiður sem hefur nánast verið í byrjunarliðinu í öllum leikjum síðan þá.

„Það sem heillaði mig voru návígin, harkan og tæklingarnar. Ég er ekkert „buff“ en maður lætur finna fyrir sér. Ég er fljótari en margir varnarmenn og ég held að það hjálpi til,“ sagði Eiður.

Hann hrósar útlendingunum í vörninni í hástert en hann er jú eini Íslendingurinn í öftustu varnarlínu. „Hurst hefur aðlagast mjög vel. Við Rasmus erum mjög svipaðir leikmenn og við bætum hvor annan vel upp,“ sagði Eiður.

Heimir, þjálfari hans, er ekki með neina sérstaka formúlu sem er lykillinn að góðum varnarleik. „Hann er bara með eina reglu: Ekki taka fyrsta skrefið.“

Eiður hrósar einnig Alberti Sævarssyni markmanni. „Við köllum hann „Köttinn“ á milli stanganna. Hann var óheppinn í fyrsta leiknum en hefur verið magnaður síðan þá. Hann hjálpar okkur gríðarlega mikið,“ sagði Eiður.

Hann telur móralinn vera góðan en liðið er duglegt að hittast utan æfinga og leikja. „Það er flottur mórall í hópnum. Við erum allir í Eyjum í sumar og það er alltaf gaman á æfingum hjá okkur.“



**GLEÐI** Eiður fagnar sigrinum á Stjörnunni með fyrirliða sínum, Andra Ólafssyni.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Stefnan í sumar er á Evrópusæti, í það minnsta. Liðið er á toppi deildarinnar með Blikum. „Við bjuggumst ekkert endilega við þessu eftir tíu umferðir en við ætlum ekkert að slaka á. Þarna ætlum við að vera, að berjast við toppinn, út mótið,“ sagði Eiður sem er ekkert að flýta sér út í atvinnumennsku.

„Stefnan er klárlega sett þangað í framtíðinni en ég er ekkert að pæla í því núna. Það er tímabil í gangi hjá okkur,“ sagði miðvörðurinn. hjalti@frettabladid.is

Willum Þór Þórsson og Þorvaldur Örlygsson útskrifuðust með UEFA Pro License gráðu um síðustu helgi:

# Það er endalaust hægt að læra í þessum fræðum

**FÓTBOLTI** Fimm Íslendingar hafa nú útskrifast með UEFA Pro License þjálfaragráðuna, æðstu gráðu sem UEFA veitir. Willum Þór Þórsson, þjálfari Keflavíkur, og Þorvaldur Örlygsson, þjálfari Fram, útskrifuðust um síðustu helgi.

Guðjón Þórðarson og Sigurður Ragnar Eyjólfsson eru einnig með gráðuna, ásamt Teiti Örlygssyni og Atla Eðvaldssyni. Þá er Zelko Óskar Zankovic útskrifaður frá Serbíu en hann er með íslenskan ríkisborgararétt.

Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks vinnur nú að því að fá gráðuna í Danmörku og Heimir Hallgrímsson, þjálfari ÍBV, hóf sitt nám í síðustu viku á Englandi.

Námið tekur heilt ár og bætist ofan á aðrar þjálfaragráður UEFA sem þarf að klára fyrst.



**ÞORVALDUR ÖRLYGSSON**

„Þetta er mjög skemmtilegt og krefjandi nám sem kom virkilega á óvart,“ sagði Willum sem undirbjó sig með því að tala við Guðjón og Sigurð og vissi því við hverju mætti búast.

„Þetta er ansi þéttur pakki í heilt ár, maður var nánast alltaf að vinna í einhverjum verkefnum eða á námskeiðum. Fyrirlesararnir eru alveg frábærir og þetta var góð blanda af stjórnun og fótbolta,“ sagði Willum.

Eitt af því sem stóð upp úr hjá Willum var fyrsta vikan eitt af því sem stóð upp úr. „Þá förum við í eins konar próf þar sem við eigum að skipuleggja æfingaleik og stýra liði. Þetta er ímyndað verkefni í hópavinnu þar sem þú stendur úti á velli með míkrafón og þú þarft að sýna fram á að það sem þú gerðir skili sér,“ sagði Willum.

Hann er kennari en þurfti í náminu sjálfur að fara í ýmis próf. „Það gat tekið á taugarnar,“ viðurkennir Willum.

Hann gerði lokaverkefni með Þorvaldi þar sem þeir fóru saman til Crystal Palace. Félagið er í greiðslustöðvun og skoðuðu þeir áhrif þess á liðið og þjálfarann.

„Við tókum viðtöl við lykilstarfsfólk, fórum á æfingar og á leik. Við vorum að skoða áhrifin af greiðslustöðvuninni og hvernig knattspyrnustjórinn kemur inn í þetta, hvernig hann nálgast verkefnið og úr hverju hann hefur að ráða. Við tókum líka viðtal við þrotabússtjórann,“ sagði Willum sem nýtir sér ýmislegt úr náminu hjá Keflavík.

„Ég gerði það reglulega og þetta hefur nýst mér mjög mikið. Þetta eykur líka víðsýninga og kennir manni að það er endalaust hægt að læra í þessum fræðum.“



**WILLUM** Er einn af sex Íslendingum sem eru með æðstu þjálfaragráðu UEFA.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sigurður Ragnar, fræðslustjóri KSÍ, segir námið dýrt en sambandið megi senda tvo þjálfara á hverju ári til Englands. „Þjálfarar sækja um einu sinni á ári. Námið kostar um 7.000 pund (1,3 milljónir ísl.) auk nokkurra flugferða sem KSÍ hefur reyndar styrkt þjálfara með.“ - hþh

# 7117 mílna skot frá David Villa



Míla sér um að hægt sé að gefa boltann frá 33° suðlægrar breiddar hingað norður í 65°. Sekúndubroti eftir að Villa fær glæsilega stungu og skilar boltanum í stöngina og inn eða Klose hamrar hann í skeytin með höfðinu, tekur Míla við markinu og sendir áfram um kapla sína og að endingu í fagnaðarlætin á barnum eða heim í stofu til þín.

míla
Lífæð samskipta

*Míla byggir upp og rekur fullkomnasta fjarskiptanet á Íslandi. Míla sér fjarskipta-, síma- og afþreyingarfyrirtækjum fyrir aðstöðu og dreifileiðum um net ljósleiðara og koparstrengja sem tengja byggðir landsins við umheiminn. Míla er mikilvægur hlekkur í öryggisfjarskiptum landsins á sjó, landi og lofti.*

*www.mila.is*

ENNEMM / SÍA / NM41855



**SCHWEINI** Ber virðingu fyrir Spánverjum. NORDIC PHOTOS/AFP

Bastian Schweinsteiger:

## Spánn er besta landslið heims

**FÓTBOLTI** Þýski landsliðsmiðjumaðurinn Bastian Schweinsteiger ber mikla virðingu fyrir andstæðingum sínum í undanúrslitum HM í kvöld, Spánverjum, en hann segir Spánverja vera með besta landslið heims.

„Spánn er betra liðið á pappírunum en við höfum sýnt í síðustu leikjum að við getum unnið lið sem eru betri en við á pappírnum fræga,“ sagði Schweinsteiger.

„Ég tel Spán hafa besta landslið heims. Þetta verður erfitt, rétt eins og gegn Englandi og Argentínu, en ég hef mikla trú á þessu liði því við höfum sýnt hvað við getum ef allir standa saman.“

Liðin mættust síðast í úrslitaleik EM árið 2008. Fernando Torres skoraði eina mark þess leiks.

- hbg

Samstaða hjá þýsku þjóðinni:

## Þjóðin fékk bréf frá liðinu

**FÓTBOLTI** Þýska landsliðið sá sérstaka ástæðu til þess að skrifa stuðningsmönnum liðsins heima fyrir bréf þar sem liðið þakkar fyrir stuðninginn.

„Við höfum allir séð myndirnar að heiman. Stemninguna sem er úti um allt þar sem þúsundir hvetja okkur á torgum. Við fáum gæsahúð er við sjáum þessar myndir. Þó svo þið séuð næstum tíu þúsund kílómetra í burtu þá skiptir stuðningurinn miklu máli,“ segir meðal annars í bréfinu.

„Leið okkar er ekki enn á enda komin. Teitið heldur áfram. Við erum öll eitt lið og öll höfum við sama markmið. Saman getum við farið alla leið. Kveðja, liðið ykkar.“

- hbg

# Hollendingar heitir í Höfðaborg

**Það verður evrópskur úrslitaleikur á HM í knattspyrnu í ár. Holland tryggði sér farseðilinn í úrslitaleikinn í gær með 3-2 sigri á Úrúgvæ. Appelsínugula liðið mun mæta Spáni eða Þýskalandi í sjálfum úrslitaleiknum.**



**FÖGNUÐUR** Hollendingar eru komnir í úrslit í fyrsta sinn síðan 1978 og fögnuðu ógurlega í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

**FÓTBOLTI** Holland var betra liðið er það mætti Úrúgvæ í undanúrslitum HM í Höfðaborg í gær. Holland vann 3-2 sigur í leiknum en Úrúgvæ seldi sig dýrt í leikslok og hefði með smá heppni getað tryggt sér framlengingu. Holland er því komið í úrslit í fyrsta sinn síðan 1978.

Fyrri hálfleikur var langt frá því að vera mjög opinn. Það þurfti því eitthvað sérstakt til þess að opna leikinn og það fengu Hollendingar á 18. mínútu. Bakvörðurinn reyndi, Giovanni Van Bronckhorst, lét þá vaða af um 35 metra færi á vinstri vængnum. Hann hitti boltann fullkomlega og boltinn sveif í samskeytin fjær og í netið. Algjört draumamark hjá Bronckhorst.

Úrúgvæar ógnuðu ekki mikið eftir markið en þeir eiga einn besta skotmann heims og sá heitir Diego Forlan og er oft kallaður „Deadly“ Diego. Sá stóð undir nafni fimm mínútum fyrir hlé er hann fékk tíma fyrir utan teig. Gott skot hans fór í fallegum boga á mitt markið. Stekelenburg í marki Hollands misreiknaði svif boltans sem steinlá í markinu. 1-1 í leikhléi.

Jafnræði var með liðunum í upphafi síðari hálfleiks en Forlan átti glæsilega aukaspyrnu sem Stekelenburg varði afar vel á 67. mínútu og það kveikti í appelsínugula liðinu.

Van der Vaart fékk dauðafæri í kjölfarið sem hann klúðraði og svo fjórum mínútum eftir aukaspyrnu Forlan komst Holland yfir. Wesley Sneijder fékk boltann í teignum. Skot hans var ekkert spes, fór í varnarmann og þaðan lak boltinn í fjærhornið. Talsverður heppnisstimpill á þessu marki.

Aðeins þrem mínútum síðar gerðu Hollendingar út um leikinn. Dirk Kuyt átti laglega sendingu í teiginn. Þar var Arjen Robben ódekkaður á besta stað og hann þakkaði fyrir með því að skalla boltann örugglega í netið.

Úrúgvæ minnkaði muninn í uppbótartíma en nær komst liðið ekki þrátt fyrir fína dauðakippi.

„Þetta er algjörlega ótrúlegt,“ sagði Hollendingurinn Wesley Sneijder en hann hefur heldur betur reynst hollenska liðinu dýrmætur á mótinu. Hann vann þrennuna með Inter í vetur og getur unnið fjórða stóra titilinn á aðeins 67 dögum næstkomandi sunnudag.

„Þetta var virkilega erfitt og við gáfum fullmikið eftir í lokin. Það var þó fyrir öllu að vinna leikinn. Öllum er sama um hverig það er gert. Það var frábært að spila í úrslitum Meistaradeildarinnar en það er einstakt að komast í sjálfan úrslitaleik HM.“ henry@frettabladid.is

Stórleikur Spánverja og Þjóðverja í kvöld gæti ráðist á því hvort MIroslav Klose eða David Villa nýti færin sín:

# Þriðja meistaraframmistaða Þjóðverja?

**FÓTBOLTI** Joachim Löw, landsliðsþjálfari Þýskalands, lýsti frammistöðu sinna manna gegn Argentínu með einu orði: „Meistaraframmistaða“. Þjóðverjar fara ekki auðveldustu leiðina á HM. Þeir hafa lagt England og Argentínu og skorað fjögur mörk gegn báðum þjóðum. En stærsta verkefni þeirra er í kvöld. Evrópumeistarar Spánverja bíða þeirra í undanúrslitunum.



**DAVID VILLA** Hefur skorað í öllum leikjum Spánar á mótinu. NORDIC PHOTOS/AFP

„Mér er alveg sama þó að þeir séu sigurstranglegri í leiknum,“ sagði Spánverjinn Cesc Fabregas. Spilamennska Þjóðverja á mótinu hefur með öðrum orðum verið svo góð að meira að segja Spánverjar viðurkenna að þeir eigi minni möguleika á að komast áfram.

Það er kannski ekki skrýtið þar sem Spánverjar hafa ekki alltaf verið upp á sitt besta á stórmótum. Liðið væri eflaust dottið út ef David Villa væri ekki í mögnuðu formi. Fáir hugsa um hvort Fernando Torres byrjar í kvöld. Hann hefur valdið miklum vonbrigðum á mótinu og er ekki lykillinn að góðum árangri eins og margir héldu fyrir mótið. Það er hlutverk Villa.

Hinu megin er Miroslav Klose að berjast við að skrá sig á spjöld sögunnar. Eitt mark enn og hann er markahæsti leikmaður í sögu HM, ásamt Ronaldo. „Ég vona að hann hafi ekki áhyggjur af metinu,“ sagði Klose um Ronaldo en Þjóðverjinn hefur þegar skorað fjögur mörk á mótinu, einu marki fleira en hann skoraði í þýsku úrvalsdeildinni á síðasta tímabili.

Leikurinn í kvöld hefst klukkan 18.30. - hþh



**MIROSLAV KLOSE** Getur skráð sig í sögubækurnar. NORDIC PHOTOS/AFP


Það besta úr báðum heimum




Þínar þarfir eiga að ráða för.
Í OK búðinni færð þú ráðgjöf við val á tölvubúnaði sem uppfyllir þær.

Komdu í OK búðina og berðu saman kosti HP og Apple. Þú færð það besta úr báðum heimum hjá okkur.

VERT · 13390

Valsstúlkur unnu stórleikinn í Pepsi-deild kvenna í gær gegn Breiðabliki:

# Liðin börðust upp á líf og dauða



**SKREFI Á UNDAN** Valsstúlkur voru skrefi á undan Blikastúlkum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**FÓTBOLTI** Stórslagur af bestu gerð fór fram á Vodafone vellinum í gær. Þar léku toppliðin og erkifjendurnir Valur og Breiðablik. Leiknum lauk með 2-1 sigri Valsstúlkna og ná þær því 4 stiga forskoti á topp Pepsi deildarinnar.

Valsstúlkur byrjuðu leikinn afar vel en fljótlega náðu Blikar yfirhöndinni og voru þær óheppnar að ná ekki að minnsta kosti stigi. „Þetta var mjög erfiður leikur, ég vissi það fyrirfram en þetta eru frábær þrjú stig, þetta var toppslagur af bestu gerð, bæði lið börðust upp á líf og dauða.“ sagði Freyr Alexandersson þjálfari Valsstúlkna.

„Við byrjuðum þennan leik gríðarlega vel, við vorum miklu betri fyrstu átján mínúturnar en svo dettum við aðeins niður. Við náðum þó öðru markinu rétt fyrir hálfleik og var það gríðarlega mikilvægt, það hafði slokknað á sóknarleiknum okkar í smá tíma og fórum að halda fengnum hlut.

Við náðum þó að loka og höldum út, fáum stigin þrjú og það er það sem telur. Núna erum við komin með fjögurra stiga mun og tel ég að það muni telja mikið. Það gefur okkur hins vegar ekkert fyrr en í september, við höfum unnið fyrir þessu og ég hef fulla trú á að stelpurnar mínar klári þetta“ sagði Freyr.

„Við erum svekkt að ná engu úr þessum leik, við lögðum allt okkar í þetta, pressuðum hátt uppi á vellinum og það virkaði því Valsstúlkur voru oft ráðalausar í seinni hálfleik, við hins vegar náum ekki að skora annað markið,“ sagði Jóhannes Karl Sigursteinsson, þjálfari Blika.

„Stelpurnar komu hræddar í þennan leik, það var hræðsla um að mega ekki tapa leiknum sem lið eins og Valur nýtir sér. Eftir markið koma mjög góð færi í fyrri hálfleik sem við eigum að klára, það hefði gjörbreytt leiknum að skora í fyrri hálfleik en það virðist vanta einhverja ró fyrir framan markið og það er dýrt.

Fljótlega fyrir hálfleikinn skora þær annað mark og Valsstúlkur kunna að verjast þannig það var mjög dýrt. Ég er hins vegar mjög stoltur af stelpunum, þær gáfu sig allar í seinni hálfleikinn og hefði verið sanngirni í þessu hefðum við fengið stig út úr þessu,“ sagði Jóhannes.

**- kpt**

## ÚRSLIT

*Pepsi-deild kvenna:*

| | |
|---|---|
| Valur-Breiðablik | 2-1 |
| Kristín Ýr Bjarnadóttir, Dóra María Lárusdóttir - Anna Birna Þorvarðardóttir. | |
| Þór/KA-Afturelding | 4-0 |
| Rakel Hönnudóttir 3, Mateja Zver. | |
| Fylkir-Grindavík | 3-0 |
| Lijdia Stojkanovic, Fjolla Shala, Íris Snorradóttir. | |
| Stjarnan-KR | 0-0 |
| Haukar-FH | 0-2 |

Íslenska kvennalandsliðið í golfi neðst og strákarnir nálægt botninum á EM:

# Ekki góð byrjun hjá golflandsliðunum

**GOLF** Íslenska kvennalandsliðið er í neðsta sæti og karlalandsliðið í þriðja neðsta sæti eftir fyrsta daginn á EM áhugamanna.

Strákarnir eru í 18. sæti af 20 liðum. Þeir léku samtals á 23 höggum yfir pari í gær og eru tveimur höggum á eftir Sviss sem er í sætinu á undan. Alfreð Brynjar Kristinsson lék best strákanna í gær og kom í hús á 73 höggum eða einu höggi yfir pari.

Hlynur Geir Hjartarson, Kristján Þór Einarsson og Ólafur Björn Loftsson léku allir á 77 höggum eða fimm yfir pari.

Sigmundur Einar Másson var á 79 höggum og Axel Bóasson kom í hús á 82 höggum eða tíu höggum yfir pari.

Kvennalandsliðið er í 17. og langneðsta sæti mótsins. Stelpurnar léku samtals á 37 höggum yfir pari. Wales er í næstneðsta sæti en lék þó á 11 höggum betur en íslenska liðið. Sænska liðið er efst á 4 höggum undir pari eða 41 höggi betur en íslenska liðið.

**- hbg**



**STRÁKARNIR** Sjást hér reffilegir í jakkafötunum í Svíþjóð.

Tvær af stjörnum íslenska körfuboltans á leið út?

# Aabyhöj vill Magnús og Arnar

**KÖRFUBOLTI** Tveir af sterkustu körfuknattleiksmönnum landsins, Njarðvíkingurinn Magnús Þór Gunnarsson og Keflvíkingurinn Arnar Freyr Jónsson, gætu verið á förum til Danmerkur.

Fram kemur á vefsíðunni karfan.is í gær að leikmennirnir séu hugsanlega á förum til úrvalsdeildarliðsins Aabyhöj.

Þeir hafa þegar farið til félagsins til reynslu og munu ganga í raðir þess samkvæmt fréttinni ef atvinnumál þeirra í Danmörku ganga upp.

**- hbg**

Egils Gull og Kareoke Sportbar kynna:
Allir helstu HM leikirnir í beinni á karoeke sportbar Frakkastíg 8.
Skemmtilegar uppákomur á milli leikja og Stór á 450 kr.
Egils gull og Kareoke sportbar - alvöru HM stemmning !










OK
búðin
Opin kerfi hafa opnað nýja og glæsilega verslun.
Ok búðin / Höfðabakka 9 / 110 Reykjavík / Sími 570 1140 / www.okbudin.is
Opnunartími: mán - fös. kl. 9 - 18

> **Tyra Banks**

„Skynsamt módel er gott módel.“

***Tyra Banks leggur línurnar fyrir tilvonandi súpermódel í þætti sínum Amercia´s Next Top Model sem er á dagskrá Skjás1 í kvöld kl. 21.05.***



# dagskrá

VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS Þ. LÚÐVÍKSSON VELTIR FYRIR SÉR SAMSPILI BÓKA OG KVIKMYNDA

## *Fyrir eða eftir bókina?*

Nýlega datt ég í kvikmyndina High Fidelity sem segir frá plötubúðareiganda á fertugsaldri sem gerir lítið annað en að hlusta á tónlist, drekka bjór og búa til lista yfir topp fimm hitt og þetta. Ég vissi að myndin yrði hin ágætasta skemmtun því ég hef séð hana nokkrum sinnum. Það sem var ólíkt í þetta skiptið var að ég hafði nú lesið bókina sem myndin byggir á, eftir Nick Hornby.

Það gjörbreytti upplifun minni. Skyndilega voru óeftirminnilegar persónur í myndinni orðnar áhugaverðar þar sem maður þekkti baksögu þeirra og tengsl við aðalpersónuna. Að sama skapi nýtur myndin þess að popptónlistarvísununum í bókinni (sem eru svo margar að mestu tónlistarnördar myndu ekki þekkja allt sem ber á




góma) fylgir auðvitað tónlist. Ég fékk því oftar en einu sinni þá ljúfu tilfinningu sem kemur yfir mig þegar ég fatta að ég hef margoft heyrt lag sem ég hélt að ég þekkti ekki.

Það er þó ákveðin hætta sem fylgir því að glápa á kvikmyndir sem gerðar eru eftir bókum sem maður hefur lesið. Ef bókin er góð en kvikmyndaútgáfan mjög frábrugðin henni þá pirrast maður oft á tíðum yfir því hvernig hlutirnir eru frábrugðnir.

Það að sögunni sé breytt getur þó í undantekningartilfellum verið til bóta. Ég vil ekki eyðileggja það fyrir lesendum svo ég segi bara að hafi þeir hvorki lesið bókina né séð myndina Fight Club, ættu lesendur að bæta úr því snarlega í röðinni: Fyrst bók – svo bíómynd, með þeim fyrirvara þó að hvorugt er fyrir viðkvæma …

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **20.30 Pelé** STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **21.05 Americas Next top Model** SKJÁR EINN



▶ **21.05 Morðgátur Murdochs** SJÓNVARPIÐ



▶ **22.00 Slumdog Millionaire** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **23.15 The Closer** STÖÐ 2

### SJÓNVARPIÐ

**14.20 HM í fótbolta** Úrúgvæ - Holland. Upptaka frá leik í undanúrslitum HM í fótbolta í Suður-Afríku. (e)
**16.10 Táknmálsfréttir**
**16.20 Disneystundin**
**16.21 Stjáni – Stjáni** (57:58)
**16.43 Sígildar teiknimyndir**
**16.50 Finnbogi og Felix** (25:26)
**17.15 HM-stofa** Hitað upp fyrir leik á HM í fótbolta.
**18.00 Fréttir**
**18.20 HM í fótbolta** Þýskaland - Spánn. Bein útsending frá leik í undanúrslitum HM í fótbolta í Suður-Afríku.
**20.30 HM-kvöld** Í þættinum er fjallað um leiki dagsins á HM í fótbolta.
**21.00 Víkingalottó**
▶**21.05 Morðgátur Murdochs** (Murdoch Mysteries) Kanadískur sakamálaþáttur um William Murdoch og samstarfsfólk hans sem beitti nýtískuaðferðum við rannsókn glæpamála laust fyrir aldamótin 1900.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Rithöfundur með myndavél** Mynd eftir Helgu Brekkan um Guðberg Bergsson rithöfund. (e)
**23.15 HM-kvöld** Í þættinum er fjallað um leiki dagsins á HM í fótbolta.(e)
**23.45 HM í fótbolta** Þýskaland - Spánn (e)
**01.25 Fréttir** (e)
**01.35 Dagskrárlok**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Firehouse Tales, Ævintýri Juniper Lee, Maularinn
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Auddi og Sveppi**
**11.00 Lois and Clark. The New Adventure** (20:21)
**11.45 Grey's Anatomy** (4:17)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Ally McBeal** (15:22)
**13.45 Ghost Whisperer** (3:23)
**14.40 E.R.** (6:22)
**15.30 Barnatími Stöðvar 2** Ofurmennið, Leðurblökumaðurinn, Firehouse Tales, Maularinn
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (5:20)
**18.23 Veður** Markaðurinn
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.09 Veður**
**19.15 Two and a Half Men** (9:24)
**19.40 How I Met Your Mother** (7:20) Í
**20.05 Gossip Girl** (15:22)
**20.50 Mercy** (11:22)
**21.35 Ghost Whisperer** (21:23) Magnaður spennuþáttur með Jennifer Love Hewitt í hlutverki sjáandans Melindu Gordon sem rekur antikbúð í smábænum Grandview.
**22.20 True Blood** (3:12) Önnur þáttaröðin um forboðið ástarævintýri gengilbeinunnar Sookie og vampírunnar Bill.
▶**23.15 The Closer** (1:15) Fimmta þáttaröð þessarar rómantísku og gamansömu spennuþáttaraðar um Brendu Leigh Johnson.
**00.00 Fringe** (20:23) Önnur þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrlegar skýringar.
**00.45 The Wire** (5:10)
**01.40 X-Files** (6:24)
**02.25 Grey's Anatomy** (4:17)
**03.10 E.R.** (6:22)
**03.55 Sjáðu**
**04.25 Gossip Girl** (15:22)
**05.10 The Simpsons** (5:20)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag** (e)

### SPORT *besta sætið*

**18.00 Shell mótið** Að þessu sinni verður fjallað um Shell-mótið sem haldið var í Vestmannaeyjum en þar sýndu listir sínar drengir í 6. flokki í knattspyrnu. .
**18.30 Herminator Invitational** Sýnt frá Herminator Invitational mótinu í golfi sem haldið var í Vestmannaeyjum annað árið í röð. Það er Hermann Hreiðarsson sem stendur fyrir mótinu eins og nafnið gefur til kynna og mæta margir þjóðþekktir einstaklingar til leiks.
**19.15 AT&T National** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
**20.10 Liverpool - Lille** Útsending frá leik Liverpool og Lille í Evrópudeildinni í knattspyrnu.
**21.55 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða að sjálfsögðu á sínum stað. Allir leikirnir, öll mörkin og allt það helsta krufið til mergjar.
**23.00 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**07:00 4 4 2**
**07:45 4 4 2**
**08:30 4 4 2**
**09:15 4 4 2**
**10:00 Þýskaland - England** Sýnt frá leik í 16 liða úrslitum á HM 2010.
**11:55 Paragvæ - Japan** Sýnt frá leik í 16 liða úrslitum á HM 2010.
**13:50 Argentína - Þýskaland** Sýnt frá leik í 8 liða úrslitum á HM 2010.
**15:45 Paragvæ - Spánn** Sýnt frá leik í 8 liða úrslitum á HM 2010.
**17:40 4 4 2**
**18:25 4 4 2**
**19:15 4 4 2**
**20:00 Platini**
▶**20:30 Pelé**
**21:00 4 4 2**
**21:45 Þýskaland - Spánn** HM 2010.
**23:40 4 4 2**
**00:25 Þýskaland - Spánn** HM 2010.
**02:20 4 4 2**
**03:05 Þýskaland - Spánn** HM 2010.
**05:00 4 4 2**
**05:45 4 4 2**

### SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**07.35 Matarklúbburinn** (4:6) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Óstöðvandi tónlist**
**12.00 Matarklúbburinn** (4:6) (e)
**12.25 Óstöðvandi tónlist**
**16.10 Bass Fishing** (5:8) (e)
**16.55 Rachael Ray**
**17.40 Dr. Phil**
**18.25 Girlfriends** (11:22) (e)
**18.45 Million Dollar Listing** (6:6) Skemmtileg þáttaröð um fasteignasala í Hollywood og Malibu sem gera allt til þess að selja lúxusvillur fræga og fína fólksins.
**19.30 Sumarhvellurinn** (4:9)
**19.55 King of Queens** (2:23)
**20.20 Top Chef** (6:17) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir kokkar þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldshúsinu.
▶**21.05 America's Next Top Model** (11:12) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu.
**21.55 Life** (12:21) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann í Los Angeles sem sat saklaus í fangelsi í 12 ár en leitar nú þeirra sem komu á hann sök.
**22.45 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.30 Law & Order** (10:22) (e)
**00.20 The Cleaner** (3:13) (e) Vönduð þáttaröð með Benjamin Bratt í aðalhlutverki. Þættirnir eru byggðir á sannri sögu fyrrum dópista sem helgar líf sitt því að hjálpa fíklum að losna úr viðjum vanans.
**01.05 King of Queens** (2:23) (e)
**01.30 Óstöðvandi tónlist**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Mrs. Henderson Presents**
**10.00 There's Something About Mary**
**12.00 The Seeker: The Dark is Rising**
**14.00 Mrs. Henderson Presents**
**16.00 There's Something About Mary**
**18.00 The Seeker: The Dark is Rising**
**20.00 Analyze This**
▶**22.00 Slumdog Millionaire**
**00.00 Kin**
**02.00 Trapped in Paradise**
**04.00 Slumdog Millionaire**
**06.00 Evan Almighty**

### ÍNN

**19.30 Tryggvi Þór á Alþingi**
**20.00 Skýjum ofar**
**20.30 Mótoring**
**21.00 Alkemistinn**
**22.00 Skýjum ofar**
**22.30 Mótoring**
**23.00 Alkemistinn**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


SÝNDU ÞÍNAR BESTU HLIÐAR

Ljósmyndasamkeppni Panasonic og Vísis



1. VERÐLAUN



PANASONIC G2
Glæný og byltingarkennd myndavél með útskiptanlegum linsum og snertiskjá.

2. VERÐLAUN



PANASONIC TZ10
Hágæða myndavél með 12x aðdrætti, GPS og fjölmörgum möguleikum.

3. VERÐLAUN



PANASONIC BD65
Vandaður Blu-ray spilari með minniskortarauf til að skoða ljósmyndirnar úr myndavélinni.

Taktu þátt í ljósmyndasamkeppni. Deildu þínum bestu myndum með okkur og þú átt möguleika á glæsilegum verðlaunum. Að auki er þráðlaus Panasonic KXTG1311 sími dreginn út í hverri viku.



Skilafrestur til **21. ágúst 2010.**
Allar nánari upplýsingar á visir.is.

Panasonic



vísir.is …ég sá það á Vísi

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.50



**Mercy**

Dramatísk þáttaröð í anda Grey's Anatomy og ER. Við fylgjumst með lífi og starfi þriggja kvenna sem vinna saman sem hjúkrunarfræðingar á Mercy-spítalanum í New Jersey. Þær eru allar einhleypar eða í samböndum sem færa þeim litla ánægju enda verja þær alltof miklum tíma í vinnunni þar sem baráttan upp á líf og dauða er daglegt brauð.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**The Simpsons**
**Stöð 2 kl. 17.58**

Ný þáttaröð með gulustu fjölskyldu í heimi, sú nítjánda í röðinni. The Simpsons hafa fyrir alllöngu síðan skipað sér á spjöld sögunnar sem langlífustu gamanþættir í bandarískri sjónvarpssögu auk þess auðvitað að vera langlífasta teiknimyndaserían.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Í boði náttúrunnar
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Út að stela hestum
**15.25** Skorningar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Á sumarvegi
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.20** Auglýsingar
**18.22** Syrpan
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Svik og prettir í bókmenntaheiminum
**19.40** Sumarsnakk
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Út um græna grundu
**21.30** Kvöldsagan: Konan í dalnum og dæturnar sjö
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Bak við stjörnurnar
**23.07** Harðgrýti fátæktar: Heimilislausir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7**FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## EXTRA

**19.25 The Doctors** The Doctors eru spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**20.10 Falcon Crest II** (4:22) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing og Giobertis fjölskyldunum, lífið á vínbúgörðunum í Toscany-dalnum litast af stöðugum erjum milli þeirra.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 Modern Family** (23:24) Gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna.

**22.10 Cougar Town** (4:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar óöruggrar einstæðrar móður unglingsdrengs.

**22.35 Bones** (21:22) Fimmta serían af spennuþættinum Bones þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance „Bones" Brennan, réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.

**23.20 Curb Your Enthusiasm** (10:10) Larry David snýr nú aftur í sjöundu þáttaröðinni, studdur stjörnunum úr Seinfeld, þeim Jerry, Kramer, Elaine og George.

**00.05 Daily Show: Global Edition** Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft og allir eru tilbúnir að mæta í þáttinn og svara fáránlegum en furðulega viðeigandi spurningum Stewarts.

**00.30 The Doctors**

**01.15 Falcon Crest II** (4:22)

**02.05 Fréttir Stöðvar 2**

**02.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.20** Only Fools and Horses **12.50** Only Fools and Horses **13.20** My Hero **13.50** My Hero **14.20** After You've Gone **14.50** After You've Gone **15.20** Dalziel and Pascoe **16.10** EastEnders **16.40** The Weakest Link **17.30** Last of the Summer Wine **18.00** Whose Line Is It Anyway? **18.30** Lark Rise to Candleford **19.20** Hotel Babylon **20.10** Whose Line Is It Anyway? **20.40** The Weakest Link **21.30** Last of the Summer Wine **22.00** Whose Line Is It Anyway? **22.30** Hotel Babylon **23.20** Lark Rise to Candleford

## DR 1

**12.00** Så for sommer **12.30** By på Skrump **13.00** Sommertid **13.30** Drommehaver **14.00** That's So Raven **14.25** Caspers skræmmeskole **14.50** Hyrdehunden Molly **15.00** Minisekterne **15.05** Peter Pedal **15.30** Pigen og fuglenes træ **16.00** Hvad er det værd? **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** By på Skrump **17.30** VM 2010 studiet **17.55** 3. Halvleg ved Krabbe & Mølby **18.00** Søren Ryge præsenterer **18.30** Diagnose soges **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret **19.35** Aftentour 2010 **20.00** Mord på hjernen **21.35** Onsdags Lotto **21.40** Redningstjenesten på vej **22.10** Naruto Uncut **22.30** Naruto Uncut

## NRK 1

**12.20** Sommerhuset **12.50** Skjergardsmat **13.20** Ut i naturen **13.50** Sommeråpent **14.40** Dallas **15.30** E6 - En reise gjennom nordmenns liv **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Kokkekamp **16.40** Norge i dag **17.00** Dagsrevyen **17.30** Munter mat **18.00** Luftambulansen **18.30** Landskappleiken på Voss **18.55** Vikinglotto **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.20** 4·4·2 **21.00** Kveldsnytt **21.15** Hva skjedde med Poppy MacDonald? **22.25** Pinlige sykdommer **23.10** Korte grøss. Avtale med djevelen **23.30** Svisj gull

## SVT 1

**12.45** Cimarron Strip **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Flyttlasset går **15.25** Cleo **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Hundra procent bonde **16.45** AnneMat **17.15** Din plats i historien **17.20** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Debatt **19.00** Fotbolls-VM **21.00** Friidrottskväll **21.30** The beckoning silence **22.45** Vinnarna **23.15** Debatt




# Helgi Björns í kvikmynd Renny Harlin

Helgi Björnsson, söngvari og leikari, er nú að undirbúa sig fyrir upptökur á nýrri kvikmynd, en þær fara fram í Ungverjalandi í haust.

Um er að ræða finnska mynd um þjóðhetjuna Mannerheim og ber hún einfaldlega nafnið Mannerheim. Leikstjóri myndarinnar er Renny Harlin sem er þekktur fyrir myndir á borð við Exorcist: The Beginning, The Long Kiss Goodnight, Cliffhanger, Die Hard 2 og A Nightmare on Elm Street 4. Renny þessi var einnig giftur leikkonunni Geenu Davis á árunum 1992 til 1998. Einn framleiðenda myndarinnar er Ingvar Þórðarson sem Helgi vann einnig með í Reykjavik Whale Watching Massacre.

„Upprunalega var hlutverk mitt gallerísti á rívíerunni en mér skilst að það sé eitthvað verið að breyta því og jafnvel stækka það. Ég hreinlega er ekki viss hvar ég enda en það kemur í ljós bráðlega,“ segir Helgi.

Helgi verður þarna með þekktum nöfnum á borð við Stellan Skarsgård sem leikið hefur í myndum á borð við Angels & Demons, Mamma Mia!, Pirates of the Caribbean, Exorcist: The Beginning, Dogville, Good Will Hunting og Dancer in the Dark þar sem hann lék með Björk Guðmundsdóttur.

Á döfinni hjá leikaranum Helga eru upptökur í Austurríki á næsta ári þar sem hann fer með hlutverk í mynd sem heitir Cross Your Heart. - ls



**HELGI BJÖRNS** Leikarinn undirbýr sig fyrir tökur sem hefjast í haust á nýrri kvikmynd.

## GOTT Á GRILLIÐ



*„Kryddlegið hvalkjöt er klárlega best á grillið í sumar.“*

Sindri Birgisson, leikari í Gerplu.



**LÁRÉTT**
**2.** ofstopi, 6. í röð, 8. laus greinir, 9. stefna, 11. mun, 12. töng, 14. yfirstéttar, 16. tveir eins, 17. hlaup, 18. skammstöfun, 20. tveir eins, 21. kvenflík.

**LÓÐRÉTT**
**1.** fituskán, 3. íþróttafélag, 4. eyja, 5. svelg, 7. stífkrampi, 10. saur, 13. iðn, 15. óhapp, 16. fuglahljóð, 19. tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. ofsi, 6. rs, 8. hið, 9. átt, 11. ku, 12. kjafi, 14. aðals, 16. rr, 17. gel, 18. ofl, 20. yy, 21. pils.

**LÓÐRÉTT:** 1. brák, 3. fh, 4. sikiley, 5. iðu, 7. stjarfi, 10. tað, 13. fag, 15. slys, 16. rop, 19. ll.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Strandblak.
2. 97 manns.
3. Armadilla.

BRÚÐUHEIMAR
Leiksýning í Borgarnesi á sunnudaginn kl 14:00



Leikbrúðusafn - Brúðuleikhús
Veitingar - Gjafavara
www.bruduheimar.is
Sími 530 5000
BRÚÐUHEIMAR Center for Puppetry Arts

Auglýsingasími
512 5401
FRÉTTABLAÐIÐ

BENEDIKT STEFÁNSSON: MAÐUR FÆR BARA EITT SVONA TÆKIFÆRI

# Þeytir skífum á stærsta skemmtistað í heimi

Plötusnúðurinn Benedikt Stefánsson, betur þekktur sem DJ BenSol, vann fyrstu verðlaun í alþjóðlegu plötusnúðakeppninni Let's Mix fyrir skemmstu. Í verðlaun fær Benedikt tækifæri til að þeyta skífum á einum vinsælasta skemmtistað heims, Space á Ibiza, fyrstur Íslendinga.

„Ég er búinn að starfa sem plötusnúður frá árinu 2009 og hef verið að spila á hinum og þessum skemmtistöðum í Reykjavík. Þess á milli hef ég tekið þátt í ýmsum erlendum plötusnúðakeppnum sem vinum mínum hefur þótt svolítið hlægilegt, þar til núna,“ segir Benedikt kampakátur, en hann starfar sem kerfisfræðingur hjá Orkuveitu Reykjavíkur á daginn. Benedikt sendi inn tónlistarmix í keppnina þar sem almenningur greiddi sínum uppáhaldsplötusnúð atkvæði. Þeir plötusnúðar sem hlutu flest atkvæði fengu því næst áheyrn hjá sérstakri dómnefnd sem valdi að lokum sigurvegara.

Space er einn stærsti og vinsælasti skemmtistaður heims og þar spila aðeins þeir allra færustu og bestu. Benedikt segir þetta einstakt tækifæri enda fái hann að spila með mönnum á borð við Groove Armada, James Zabiela, Carl Craig, Joris Voorn ásamt öðrum. „Nú verður maður að standa sig, maður fær bara eitt svona tækifæri á ævinni. Óskastaðan er að maður kynnist í kjölfarið fólki í bransanum og komi sér upp góðum samböndum fyrir framtíðina. Það eru sex eða sjö dansgólf á Space og þar er spilað í fjórtán klukkustundir samfleytt og ég held að hver plötusnúður fái tvo til þrjá tíma í senn.“

Aðspurður segist Benedikt ekki vera búinn að undirbúa sig fyrir Ibiza-ferðina enn þá þar sem hann viti ekki hvaða tíma hann spili.



**ÁNÆGÐUR VINNINGSHAFI** Benedikt Stefánsson sigraði í alþjóðlegri plötusnúðakeppni og fær í verðlaun að spila á stærsta skemmtistað í heimi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Ég veit ekki hvenær ég spila eða á hvaða dansgólfi og þess vegna er ég ekki búinn að ákveða prógrammið enn þá. En ég er byrjaður að æfa mig og eyddi síðustu helgi uppi í bústað með græjunum mínum,“ segir Benedikt að lokum.

sara@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fréttablaðið greindi frá því á dögunum að leikkonan **Anita Briem** hefði fengið hlutverk í kvikmyndinni Escape to Donegal, sem ku vera væntanleg á þessu ári. Anita hefur augljóslega í nægu að snúast þessa dagana, en hún og Dean Paraskevopoulos, unnusti hennar, ætla að gifta sig seinna í sumar og samkvæmt kvikmyndabiblíunni IMDB hefur hún fengið hlutverk í annarri mynd. Sú heitir You, Me & the Circus, en leikkonan Melonie Diaz fer einnig með hlutverk í myndinni. Hún hefur meðal annars leikið í Nip/Tuck-þáttunum ásamt því að hafa verið í stóru hlutverki í gamanmyndinni Be Kind Rewind ásamt Jack Black og Danny Glover.



Enn bætast við leikarar í Buddy Holly-söngleikinn sem verður frumsýndur í Austurbæ í október. Fréttablaðið hefur fylgst náið með og þegar sagt frá hlutverkum Ingós Veðurguðs, Ólöfu Jöru, Heiðu Ólafs og fleiri góðum. Nú hefur **Sigurjón Brink** verið ráðinn til að leika goðsögnina Ritchie Valens, en kvikmyndin La Bamba frá árinu 1987 fjallaði um líf hans og leikarinn Lou Diamond Phillips fór þá með hlutverk Valens.



Borgarstjórinn **Jón Gnarr** sat fund á dögunum þar sem risataflborðið við Lækjargötu var meðal annars rætt. Honum var tjáð að taflmennirnir stóru væru í pússun og væru væntanlegir á borðið innan skamms. Jón lagði til að haldið yrði skákmót á taflinu í tilefni af endurkomu taflmannanna og stakk strax upp á skotheldu nafni á mótið sem á afar vel við í dag: Fischer Open. - afb



# Útvarpsstöðin Nálin í loftið

Útvarpsstöðin Nálin fer í loftið á tíðninni 101,5 á næstu dögum. Stöðin er í eigu Útvarps Sögu og verður megináherslan lögð á klassískt rokk.

„Þetta verða lög sem eru kannski ekki mikið í daglegri spilun annars staðar heldur reynum við frekar að velja gæðin umfram þessa hefðbundnu smelli,“ segir Einar Karl Gunnarsson, dagskrárstjóri Nálarinnar og sonur Arnþrúðar Karlsdóttur, útvarpsstjóra Útvarps Sögu. Spurður segir hann að skortur hafi verið á útvarpsstöð sem þessari á öldum ljósvakans. „Eins og þetta hefur verið er alltaf sama tónlistin á öllum stöðvunum, kannski með smá breytingum hér og þar. Þegar þú ferð síðan frá eldri stöðvum yfir í unglingastöðvar eru þær bara með teknó.“

Á meðal dagskrárgerðarmanna á Nálinni verða Raggi Palli, Gunnar Ásgeirsson og Gunnar Gunnarsson. Aðrir sem munu að öllum líkindum starfa þar eru tónlistarbloggarinn Jens Guð og Karl Sigurðsson, fyrrverandi útvarpsmaður á Rás 2. Auk klassíska rokksins verða ýmiss konar sérþættir í boði, þar á meðal um djass, blús og kvikmyndir.

Einar Karl viðurkennir að stofnun Nálarinnar sé töluverð áhætta, sérstaklega á þessum síðustu og verstu tímum. „Öll þessi tæki og tól eru auðvitað frekar kostnaðarsöm en maður vonar bara að þetta gangi vel.“ - fb



**NÁLIN NÁLGAST** Einar Karl Gunnarsson (til vinstri) ásamt hluta af dagskrárgerðarmönnum Nálarinnar, þeim Sigurði Páli, Jóni Rafni, Ragga Palla og Svavari Skúla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Skynsamleg næring
Ólafur Páll Snorrason
Fótboltamaður með
Íslandsmeisturum FH
adidas
actavis
Casa Herbalife á Íslandi styrkt af
HERBALIFE HFF FAMILY FOUNDATION
Herbalife er skráð á NYSE
HERBALIFE
sjálfstæðir dreifingaraðilar

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** **VISIR.IS**

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst:húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Valdimar og kattardýrin



Nýlega bárust fréttir af því að líffræðingar, sem starfa að verndun jagúara í þjóðgarði í Gvatemala, hafi fundið nýja leið til að laða kattardýrin að myndavélunum sem notaðar eru til að fylgjast með þeim. Ilmurinn Obsession for Men frá Calvin Klein er notaður til verksins, en skepnurnar virðast ekki standast hann. Leikarinn **Valdimar Örn Flygenring** sat fyrir á auglýsingu fyrir ilminn á árum áður – sem er gott og blessað, en merkilegt þykir að Valdimar gaf út plötuna Kettlingar árið 1991. Skemmtileg tilviljun.

### Boðberi eða boltinn?



Sérstakar forsýningar á kvikmyndinni Boðbera verða í dag klukkan 18. Tímasetningin þykir einstaklega óheppileg fyrir kvikmyndina sem skartar Darra Ingólfssyni og **Ísgerði Elfu Gunnarsdóttur** í aðalhlutverkum. Stórleikur Spánar og Þýskalands hefst nefnilega í beinni útsendingu klukkan 18.30, en margir bíða spenntir eftir leiknum. Vinir, kunningjar og velunnarar fólksins á bak við Boðbera verða því að velja, en þeir sem geta engan veginn slitið sig frá boltanum hafa næstu vikur til að sjá myndina, sem virðist vera afar spennandi.

- afb

## Mest lesið VÍSIR.IS

1. Endaði sársvangur upp á slysó eftir eltingaleik við kött í íbúð sinni
2. Facebook lokar á Jón Gnarr
3. Morðingi á flótta: Ætlar ekki að láta ná sér lifandi
4. Krabbameinslæknir rétt yfir launum kaffibarþjóns
5. Ellen á spítala eftir átök við lögreglu
6. Grjótkastarinn íhugar að keyra inn á Alþingi


Fréttablaðið er með **180%** meiri lestur en Morgunblaðið.






**Allt sem þú þarft...**

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára.
Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.



bmvalla.is





## Íslensk hönnun og íslenskar vörur fyrir sælureitinn þinn

- hellur, steinar, blómaker og fjölmargt annað sem skreytir umhverfið

Heimsókn í Fornalund kveikir ótal nýjar hugmyndir. Sérfræðingar okkar í Fornalundi aðstoða þig við að breyta garðinum þínum í sannkallaðan sælureit.

Pantaðu ókeypis landslagsráðgjöf í síma 412 5050
Nánari upplýsingar á bmvalla.is

Íslensk hönnun, íslenskt hráefni, íslensk framleiðsla, íslensk gæði!

GÆÐAKERFI VOTTAÐ VOTTUN HF ÍST ISO 9001

Söludeild :: Fornalundi, Breiðhöfða 3 :: Sími: 412 5050
Söludeild :: Akureyri :: Sími: 412 5202
Söludeild :: Reyðarfirði :: Sími: 412 5252
Netfang :: sala@bmvalla.is

BM·VALLÁ

argus 10-0513